# VIÐBÆTIR,

# A.

## konúngleg frumvörp

og álitsmál, með ástæðum stjórnarinnar,

sem borin eru undir alþíngi

1855.

---

I.

# Frumvarp

til

tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi.

---

1. gr.

Hèr eptir skal amtsráð í hverju amti og hreppsnefnd í hverjum hrepp hafa á hendi stjórn allra sveitamálefna á Íslandi.

2. gr.

Í hreppsnefndinni í hreppi hverjum skulu ætíð vera einn prestur og einn hreppstjóri, og skulu þeir því sjálfkjörnir í hreppsnefndina í hinum minni hreppum, þar sem ekki er nema einn sóknarprestur og einn hreppstjóri, og auk þess þrír eða fimm og í mjög stórum hreppum jafnvel sjö aðrir menn, og skulu þeir kjörnir af hreppsbúum þeim, er til þess hafa rètt, sem síðar skal greint. Auk þess skal í þeim hreppum, þar sem eru fleiri en einn prestur og hreppstjóri, hver kjósandi kjósa einn prest og einn hreppstjóra, til að vera í hreppsnefndinni.

Af áður nefndum ákvörðunum leiðir það, að hreppstjórana skal hèr eptir kjósa á þann veg, að sýslumaðurinn stíngur upp á þremur, og hreppsnefndin kýs einn, þó skal amtmaður staðfesta kosnínguna, til þess hún sè gild.

Að öðru leyti skal amtmaður ákveða nákvæmar tölu þeirra manna, er hreppsbúar skulu kjósa, eptir að hann um það hefur leitað álits kunnugra manna í hreppnum, og getur amtsráðið gjört breytíngar á því, ef að talan ekki virðist hæfileg, þegar fram líða stundir.

Sýslumaðurinn í því lögsagnarumdæmi, sem hreppurinn liggur í, á líka rètt á, að sækja fundi hreppsnefndarinnar, og greiða þar atkvæði, þegar hentugleikar hans leyfa. Þegar þau mál eru til umræðu, er hreppsnefndinni þykir hans liðsinnis við þurfa, skal forstjóri hreppsnefndarinnar í tækan tíma brèflega skýra honum frá þeim, og

nær fund eigi að halda, þar sem þau skulu rædd, og skal hann þá koma á fund, ef hann getur komið því við; geti hann það ekki, skal hann í tíma skýra forstjóranum frá því, og annaðhvort ákveða annan tíma, þegar hann geti komið á fund, eða skýra brèflega frá áliti sínu um málið. Ef að áður nefndum embættismanni virðist svo, að hann þurfi að semja um eitthvert málefni við hreppsnefndina, skal hann láta forstjórann vita það, og skal hann þá eptir samkomulagi kveðja til fundar á hentugum tíma og skýra sýslumanni frá því í tíma. Sýslumaður er einnig milligaungumaður milli amtsráðsins og hreppsnefndanna um öll mál, er þeim fer á milli, og skal gjöra þær athugasemdir, er honum þykir þörf á.

3. gr.

Rètt til að taka þátt í kosníngu hreppsnefndarmanna, og til að verða kosinn, á hver búandi maður, sem hefur óflekkað mannorð og er 25 ára að aldri, hefur seinasta árið haft fast aðsetur í hreppnum, geldur til fátækra af eigin efnum, stendur ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk og er fjár síns ráðandi.

4. gr.

Feður með afkomendum mega ekki vera í senn í hreppsnefndinni.

Beri svo við, að þess konar skyldugleiki er á millum þeirra, er kosnir eru, þá skal sá sitja í hreppsnefndinni, sem flest hefur atkvæði, en hafi þeir jöfn atkvæði, rýmir sonur fyrir föður.

5. gr.

Hreppsnefndarmenn eru valdir fyrir 4 ár, þó skal stærri helft þeirra, sem kosnir eru í fyrsta skipti, eptir að tilskipun þessi er orðin að lögum, gánga úr nefndinni að tveim árum liðnum, og geti þeir ekki komið sèr saman um það, hverjir úr skuli gánga, ræður hlutkesti, en hinn hluti nefndarinnar ekki fyr en eptir 4 ár. Samkvæmt þessu geingur síðan ætíð annaðhvort ár helmíngur hinna kosnu hreppsnefndarmanna úr nefndinni. Ef nokkur, einhverra sèrlegra orsaka vegna, geingur úr nefndinni, áður en þau 4 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í stað hans, að eins vera þann tímann af þeim 4 árum, sem eptir er, þegar hinn geingur úr. Sá sem geingur úr, getur ætíð orðið kosinn á ný, og tekur hann sæti eptir hinni nýju kosníngu. En ef hann hefur verið í hreppsnefndinni ekki skemur en 3 ár, er hann ekki skyldur að taka við kosníngu, fyr en að liðin

eru eins mörg ár, eins og hann hefur verið í hreppsnefndinni; eins skal sá, sem orðinn er sextugur, ætíð fyrir þá sök mega afsaka sig frá, að taka við kosníngu, ef hann verður kjörinn.

6. gr.

Kosníngarnar eiga ætíð, nema þegar aukakosníngar við þarf, að fara fram á hreppskilaþíngum á vorin, og skal undirbúa þær á þann hátt, að samin sè skrá yfir alla kjósendur og kjörgeinga, og skal kjörstjórnin annast það. Í henni skulu í fyrsta skipti vera 2 af hreppsbúum, er sýslumaður til nefnir, en eptirleiðis forstjóri hreppsnefndarinnar, og tveir menn úr hreppsnefndinni, er hún sjálf kýs til þess.

Hreppstjórar skulu hjálpa kjörstjórninni til að semja skrá þessa; skrána skal leggja fram við kirkjur, svo allir geti sèð hana, 3 vikum áður, og finni nokkur, að einhver er á skránni, sem ekki hefur rètt til þess, ellegar ef nokkrum er sleppt, sem þar á að standa, skal hann fyrir kosníngardaginn eða á honum sjálfum koma fram með mótbárur sínar eða kröfur, sem kosnínganefndin þá sker úr, þegar hún hefur feingið skýrslur þær, sem þeir, er við eru, geta gefið.

7. gr.

Á kirkjufundi skal auglýsa dag og stund, þegar kosníngar skulu fram fara, 8 dögum áður. Kosníngar fara fram í heyranda hljóði, og allir kjósendur, sem vilja nota kosníngarrètt sinn, skulu koma sjálfir á fund, og skýra munnlega frá, hvern þeir velji, og skal það jafnóðum ritað í kosníngarbókina. Þegar öllum kjósendum hefur gefizt kostur á, að greiða atkvæði, og búið er að bóka þau, skal forstjóri kjörstjórnarinnar lesa greinilega upp öll atkvæði, og hinir í kjörstjórninni rita þau upp og telja þau saman. Þeir sem hafa flest atkvæði, þegar talið er upp, eru kjörnir hreppsnefndarmenn.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. gr.

Ef sá, sem orðinn er fyrir kosníngu, færist á einhvern hátt undan því, að taka við henni, skal kjörstjórnin skera úr því, hvort afsökun hans er gild. Ef meira hluta kjörstjórnarinnar virðist hún næg, skal kjósa á ný; að öðrum kosti skal sá, sem kjörinn er, bera umkvörtun sína undir amtsráðið, ef hann vill ekki láta sèr lynda úrskurðinn. Þó að einginn þess konar ágreiníngur komi fyrir, skal

undir eins skýra amtmanni frá kosníngunni. Ef að honum þá þykir, að kosníngin hafi ekki farið fram á lögmætan hátt, skal hann ásamt amtsráðinu eða í nafni þess (smbr. 28. grein) skera úr málinu og skýra kjörstjórninni frá málalokum.

Sömuleiðis skal hann, ef hann finnur ekkert að kosníngunni, skýra kjörstjórninni frá því, hið fyrsta hann getur. Einnig skal hver sá, sem nokkuð hefur að kæra yfir kosníngargjörðinni og einkum yfir úrskurðum þeim, er gefnir hafa verið henni viðvíkjandi, senda brèflega umkvörtun til kjörstjórnarinnar, innan 8 daga, eptir að úrskurðurinn er gjörður, eða kosníngargjörðinni er lokið, ef að hún á að geta komið til greina, og skal kjörstjórnin viðstöðulaúst senda amtmanni hana með áliti sínu. Verði þá kosníngin, eptir ákvörðun amtsráðsins, ónýtt, skal kjósa á ný.

9. gr.

Ef nokkur hreppsnefndarmaður, á meðan hann eptir 5. grein á að vera í hreppsnefndinni, missir einhvern þann hæfilegleika, er hann þarf til að standa í þeirri stöðu, skal honum vikið frá. Ef að slík tálmun kemur fyrir, er samkvæmt 3. grein gjörir hann óhæfan til um tíma að gegna þeirri köllun, skal honum um hríð bægt frá þessum störfum, þángað til hún annaðhvort hverfur, eða sjá má, að hún verði til lángframa. Hinir hreppsnefndarmenn eiga að skera úr ágreiníng þeim, sem verður í þess konar efnum, eða þegar einhver hreppsnefndarmaður hefur brotið svo mjög á móti skyldu sinni, að nauðsyn ber til, að hann fari úr nefndinni, en þó skal hlutaðeiganda gefinn kostur á, að bera málið undir amtsráðið. Ef nokkur á tíma þeim, sem hann eptir hinum almennu reglum átti að standa í þessari stöðu, fær ástæðu til að beiðast lausnar, og hreppsnefndin, eða að öðrum kosti amtsráðið (8. grein) veitir bæn hans, skal kjósa á ný, ef sá, er gekk úr nefndinni, var kjörinn í hana, og á nýrri kosníngu þarf að halda.

10. gr.

Undir eins og kosníngu hreppsnefndarmanna er lokið á þann hátt, sem hèr að framan er greint, og kosníngar eru lagfærðar, ef þeim hefur verið áfátt í nokkru, skal hinn elzti af þeim, sem kjörnir eru, kveðja hreppsnefndarmennina til fundar til að velja sèr forstjóra.

Ef fleiri fá jafnmörg atkvæði, skal kosið um þá, og ef þá enn verður einginn atkvæðamunur, þá skal hinn elzti þeirra, er jafnmörg

atkvæði hafa, vera forstjóri. Forstjóri fer frá í lok hvers fardagaárs, og skal hann ætíð á seinasta ársfundi láta velja forstjóra fyrir hið komandi ár; þó má velja hinn sama forstjóra aptur. Hreppsnefndarmaður, sem verið hefur forstjóri í eitt ár, getur skorazt undan að takast forstjóradæmi á hendur tvö næstu árin, þó getur prestur og hreppstjóri ekki færzt undan að taka við forstjóradæmi á ný af þessari ástæðu, ekki einu sinni þó þeir sèu kjörnir í hreppsnefnd eptir 2. gr.

11. gr.

Forstjóri ákveður bæði aðalfundi og aukafundi hreppsnefndarinnar, og kveður nefndarmenn til fundar; hann stjórnar umræðunum á fundum, ritar í gjörðabókina, og sèr um, að ályktanir nefndarinnar sèu nákvæmlega bókaðar. Hann sèr einnig um, að allar ályktanir verði framkvæmdar, og hefur brèfagjörð á hendi. Þó skulu öll mál, er snerta fátækra- og kennslu-stjórn, ætíð á fundum flutt hver fyrir sig af hreppstjóra og presti, sem einnig skulu sjá um, að þess konar ályktanir nefndarinnar verði framkvæmdar, og einnig annast brèfagjörð alla um þess konar efni, og þegar svo stendur á, skal rita það, sem fram fer, í fátækrabókina, og að eins geta þess í gjörðabók nefndarinnar. Forstjóri getur einnig í öðrum einstökum tilfellum, með samþykki hreppsnefndarinnar, látið aðra hreppsnefndarmenn annast um brèfagjörð og annað, sem framkvæma þarf.

Loksins geymir forstjórinn allar gjörðabækur, brèf og önnur skjöl og skilríki, er snerta málefni hreppsnefndarinnar, nema þau, er varða fátækramál; þau skal sá hreppstjóri geyma, sem er í hreppsnefndinni.

12. gr.

Einga ályktun getur nein hreppsnefnd gjört, nema helmíngur hennar sè að minnsta kosti við staddur, að sýslumanninum ekki meðtöldum.

Þegar nefndarmenn eru ekki á eitt sáttir, skal farið eptir atkvæðafjölda. Ef að jafnmörg eru atkvæði, ræður atkvæði forseta. Allir hreppsnefndarmenn, sem við eru staddir, rita nöfn sín undir gjörðabókina.

13. gr.

Hreppsnefndirnar skulu eptirleiðis taka að sèr störf þau, er snerta fátækra- og kennslu-stjórn, og, eptir nú gildandi lögum, eink-

um reglugjörð 8. janúar 1834, eru lögð hreppstjórum og sóknarprestum á herðar, þó skal hreppstjóri framvegis annast alla fátækrastjórn, og presturinn allt, er kennslustjórn varðar, á milli þess, er fundir eru haldnir í hreppsnefndinni.

14. gr.

Hreppsnefndin skal á ári hverju gjöra áætlun um öll útgjöld, er hún ætlar að hreppurinn þurfi á árinu, og jafna þeim niður á hreppsbúa eptir sömu reglum, sem híngað til. Ef einhver er óánægður með ákvörðun hreppsnefndarinnar um sveitartillag hans, getur hann borið umkvörtun sína upp fyrir amtsráðinu; þó skal amtmaður skera úr málinu, ef það getur ekki dregizt þángað til amtsráðið heldur næsta fund (smbr. 28. gr.). En hafi kærandi, árið sem leið, átt að greiða sveitartillag, skal hann greiða það fyrst um sinn eins og ákveðið er, en fari svo, að það, eptir úrskurði amtsráðsins, verði hækkað, þá skal borga honum aptur, það sem hann hefur goldið um of.

Hreppsnefndin kýs úr flokki sínum féhirði og reikníngamann, og skal hann gjöra reikníng á ári hverju um allar tekjur og gjöld hreppsins. Reikníng þenna skal öll hreppsnefndin rannsaka, en þó getur hún falið einum á hendur að skoða hann fyrst, og gjöra athugasemdir við hann. Ef gallar þykja á reikníngnum, og vill ekki sá, er reiknínginn gjörði, kannast við þá, skal amtsráðið skera úr ágreiníngnum. Amtsráðinu skal falið á hendur að ákveða lögun og skipulag á sveitarreikníngunum.

15. gr.

Öll hreppsnefndin hefur ábyrgð á, að reikníngurinn sè rèttur. Hún skal og ábyrgjast sjóði, kröfur og aðrar eigur hreppsins.

Þegar búið er að endurskoða reiknínginn, skal leggja hann fram í 3 vikur á hentugum stað, þar sem hreppsbúar geta sèð hann, og skal það auglýst áður. Síðan skal senda hann amtsráðinu til yfirlits og úrskurðar.

16. gr.

Auk þessa vill konúngur leyfa, að hreppsnefndarmenn sèu í ráðum með um öll önnur hreppamálefni, að svo miklu leyti sem eðli þeirra leyfir. Þannig skal hreppsnefndin ásamt sýslumanni annast um, að vegum í hreppnum sè hæfilega við haldið, og að þeir sèu

bættir, þegar þörf er á. Þegar hreppsnefndin getur ekki orðið ásátt við sýslumanninn um það, hverjir vegir sèu alfaravegir, eða um það, hvernig þess konar vegi skuli leggja, bæta, eða halda þeim við, skal amtsráðið skera úr því, og þegar þörf er á, skal innanríkisstjórnin gjöra um þess konar mál.

Hreppsnefndin skal annast um, að vegabætur þær, sem gjöra skal, sèu óaðfinnanlegar, hvort sem þeir, er skyldir eru til vegabóta, gjöra þær sjálfir, eða aðrir við undirboðsþíng eða á annan hátt hafa tekið það að sèr; þó hefur sýslumaður sama embættisvald um vegastjórn, og hann og hreppstjórinn sömu skyldu í því efni, eins og áður.

17. gr.

Hreppsnefndinni skal gefinn kostur á, að láta í ljósi álit sitt, þegar eitthvað skal gjöra í sveitarinnar þarfir, sem ekkert er beinlínis ákvedið um í hinum gildandi lögum. Henni skal og heimilt að gjöra uppástúngur um þess konar málefni við hlutaðeigandi stjórnendur.

Hreppsnefndin skal einnig hafa gætur á, hvernig bæta megi læknaskipun og yfirsetukvenna, og hvað gjöra mætti af hálfu hins opinbera til þess að stöðva næmar sóttir í hreppnum, þó skal þetta ekki vera því til fyrirstöðu, að strax sè tekið til þeirra ráða, er þörf er á, þegar ekki er tími til að leita fyrst álits hreppsnefndarinnar.

18. gr.

Hreppsnefndin skal með öllu móti reyna að koma í veg fyrir húsgáng og flakk, og hjálpa hreppstjórunum til að gegna skyldu sinni í þeim efnum. Svo skal einnig hreppsnefndin í öðrum efnum hjálpa til að efla og við halda góðri lögreglu.

19. gr.

Hreppsnefndin skal eiga 4 aðalfundi á ári, einu sinni á vetri, þegar færðin leyfir, á vorin, um miðsumar, og á haustin, og þar að auki svo opt aukafundi, sem forstjóra þykir þurfa, eða ef helmíngur nefndarmanna, eða sýslumaður beiðist þess, ellegar prestur eða hreppstjóri, þegar um kennslu- og fátækra-málefni er að ræða.

20. gr.

Útgjöldum þeim, sem þurfa til að utvega skriffæri og gjörðabækur, til að borga undir brèf, til sendiferða, o. s. frv., skal jafna

niður á hreppinn ásamt öðrum sveitargjöldum. Forstjóri gjörir reikníng um útgjöld þessi.

21. gr.

Í amtsráði því, er samkvæmt 1. gr. skal stofna í amti hverju, skulu sitja amtmaðurinn, sem er forseti, biskupinn á Íslandi í Suðuramtinu, og einn af prófóstunum í hinum ömtunum, sem amtsráðið kýs fyrir 3 ár, og 5 aðrir menn, er amtsbúar kjósa.

22. gr.

Kjörgeingur til amtsráðsins er hver sá, sem kjörgeingur er til alþíngis. Þó einhver sè kjörinn hreppsnefndarmaður, getur hann fyrir það setið í amtsráðinu, en hann má, ef hann vill, gánga úr hreppsnefndinni, þegar hann er kosinn í amtsráðið.

23. gr.

Kjörstjórnin í sýslu hverri skal undir eins, og búið er að lagfæra nafnaskrá þeirra, sem kjörgeingir eru til alþíngis, senda hlutaðeigandi amtmanni orðrètt eptirrit hennar. Þegar amtmaður hefur feingið allar þessar skrár, skal hann ásamt 2 mönnum, sem þar til eru kvaddir, semja aðalskrá yfir alla þá menn í amtinu, sem kjörgeingir eru, og skal hann síðan senda hverjum sýslumanni orðrètt eptirrit þessarar skrár.

24. gr.

Eptir þessari skrá skal kjósa þá, sem eptir 21. gr. eiga að koma í amtsráðið, og skulu þeir kjörnir af öllum hreppsnefndarmönnum, er í því skyni skulu vera við staddir á kjörþíngi, er haldið sè ásamt manntalsþíngunum, og skal það auglýst í þíngboðsseðlinum. Þegar greidd eru atkvæði, skal þess gætt, að hver hreppsnefndarmaður greiði 2 fleiri atkvæði, heldur en þeir eru, sem í hvert skipti á að kjósa í amtsráðið. Sýslumaður stjórnar kjörfundinum, sem forstjóri, ásamt 2 öðrum mönnum, er hann kveður til þess, og skal annar þeirra gæta þess, að einginn fái atkvæði, sem ekki stendur á aðalskrá þeirri, sem lögð er fram á kjörþínginu, og hinn tilfæra, með umsjón sýslumanns, á skrá, er þar til er gjörð, og sem nöfn allra hreppsnefndarmanna standa á, nöfn þeirra, sem kosnir eru í amtsráðið, út undan hinum, og skulu þau lesin upp fyrir kjósanda, þegar hann er búinn að kjósa. Sýslumaður og aðstoðarmenn hans skrifa síðan

undir skýrsluna yfir þá, sem kosnir eru, og skal hún síðan afhent sýslumanni innsigluð.

Undir eins og manntalsþíngunum er lokið, skal sýslumaður senda amtmanninum allar atkvæðaskrár þessar.

25. gr.

Þegar amtmaðurinn hefur feingið allar atkvæðaskrár frá sýslumönnunum, skal hann með aðstoð þeirra 2 manna, er hann sjálfur eptir 23. gr. kýs í fyrsta skipti, en amtsráðið síðan ætíð til nefnir, að síðustu telja saman öll atkvæði, og eru þá þeir, sem flest atkvæði hafa, kosnir í amtsráðið, en þá tvo, sem þeim eru næstir, skal álíta sem varafulltrúa, og skal það kveðið upp þegar á fundinum, og síðan auglýst hreppsnefndunum í amtinu, er þá skulu annast, að það, sem fyrst, verði öllum sveitarbúum kunnugt. Annars skal um tíma þann, er menn skulu hafa á hendi störf í amtsráðinu, og eptir hverjum reglum menn skulu úr því gánga, og annað, er að því lýtur, farið eptir reglum þeim um hreppsnefndirnar, sem áður eru taldar, að því leyti sem þær eiga hèr við

26. gr.

Varafulltrúar þeir, sem getið er um í 25. gr. skulu gánga í amtsráðið, þegar annaðhvort einhver fer úr því, eða getur ekki gegnt störfum þess um lángan tíma.

Amtsráðið heldur fund einu sinni á ári, á vorin, á þeim stað og tíma, er amtmaður nákvæmar ákveður. Amtmaður hefur einnig rètt á, að kveðja það til fundar endrarnær, og skal það ætíð gjört, þegar að minnsta kosti helmíngur amtsráðsins beiðist þess.

Þegar því verður við komið, skal þeim, sem í amtsráðinu sitja, áður en fundur er haldinn, gefið til vitundar, hvaða málefni koma eigi til umræðu. Til þess að úrskurður verði gjörður, þarf að minnsta kosti helmíngur amtsráðsins að vera á fundi. Þess skal hèr og gætt, sem ákveðið er í 12. gr. um það, hvernig að skuli farið, þegar jöfn eru atkvæði milli hreppsnefndarmanna. Einn úr amtsráði, sem það sjálft nefnir til þess í hvert skipti, skal rita í gjörðabókina, og skulu allir, sem við eru af amtsráðinu, skrifa undir hana.

27. gr.

Amtsráðið hefur þessi störf á hendi:

*a.* Það tiltekur, hve miklu fè á ári hverju skuli jafna niður handa

amtsjafnaðarsjóðnum, og skal þar með talinn fjórðúngur sá af alþíngisskatti, sem lendir á lausafè, og ákveður, hvernig verja skuli fè jafnaðarsjóðsins, búnaðarsjóðsins í Vesturamtinu og í Norður- og Austur-amtinu, og annara sjóða, og gjafafjár, er nú heyrir undir stjórn amtmanna eður stiptsyfirvaldanna, að því leyti gjafabrèfin eða aðrar sèrstaklegar ákvarðanir eru því ekki til fyrirstöðu.

*b.* Það ber umhyggju fyrir, að fè sjóða þeirra, er nefndir eru í stafl- lið *a,* sè ávaxtað og óhult veð fyrir því, eptir reglum þeim, sem gilda um fè almennra stiptana, og sèr um, að reiknîngamaður, er það tekur til þess, gjöri á ári hverju skipulegan reiknîng um fè þetta. Að því leyti reiknîngar þessir ekki verða rannsakaðir og úrskurðaðir í hlutaðeigandi stjórnarráði eptir sömu reglum, og híngað til, skal amtsráðið einnig taka mann til að rannsaka þá, og sker síðan sjálft úr þeim.

*c.* Amtsráðið skal, þegar það hefur leitað álits hreppsnefndanna, gjöra uppástúngu um það, hvort stofnaður verði fátækrasjóður í amtinu, hverjar tekjur hann skuli fá, hver gjöld skuli greiða úr honum, og stjórna fátækrasjóði þessum, ef hann yrði stofnaður.

*d.* Amtsráðið skal sjá um, að ágrip af ársreiknîngum allra áður taldra sjóða verði birt á prenti, og skal þess einnig getið, hvernig ástand þeirra er.

*e.* Það skal yfirlíta alla sveitarreiknînga hreppsnefndanna og skera úr þeim, og hafa gætur á, að efnum hreppsins sè hæfilega varið og þau ávöxtuð.

*f.* Það skal ekki að eins skera úr málefnum þeim, sem um er getið í 8., 9., 14. og 16. grein tilskipunar þessarar, heldur einnig úr öllum ágreiníngi, sem verður á milli hreppsnefnda eða sýslna í amtinu um framfærslu fátækra, eða önnur sveitarmálefni. Þó skal hlutaðeigendum, sem ekki vilja láta sèr lynda úrskurð amtsráðsins, heimilt að skjóta máli sínu til innanríkisstjórnarinnar, sem þá sker úr því; eins skal þetta stjórnarráð framvegis skera úr öllum ágreiníngi milli hreppa eða hèraða, þegar sitt er í hverju amti.

*g.* Leita skal álits amtsráðsins, þegar eitthvað sèrlegt þarf að framkvæma, sem leiðir af sèr kostnað annaðhvort fyrir allt amtið, eða fleiri hreppa innan amts, t. a. m. þegar byggja á þínghús eða fángelsi, gjöra brýr eða ferjur, o. s. frv.

*h.* Það annast um þjóðbrautir og alfaravegi, ferjur, brýr og lendíngar.

*i.* Loksins skal leita álits amtsráðsins um málefni hvert, er snertir fjárhag landsins, þó ekki verði það heimfært undir neitt af því, sem áður er talið, og um öll önnur málefni, þar sem þekkíng sú og reynsla, er ætla má amtsráðinu, getur við úrskurð þeirra orðið að notum.

28. gr.

Amtmaðurinn á almennt einn að skera úr öllum áður nefndum málum, sem ekki verður beðið með til aðalfundar amtsráðsins, og ekki eru svo áríðandi, að kveðja eigi fyrir þá sök til aukafundar, og skal honum einkum heimilt ætíð, þegar svo stendur á, að láta telja út fè úr öllum þeim sjóðum og fèhirzlum, sem beinlínis standa undir stjórn amtsráðsins, þó skal þess gætt, að eigi sè breytt á móti aðalreglum þeim, er amtsráðið kann að ákveða um slíkt.

Amtmaðurinn skal þó skýra amtsráðinu frá öllum þess konar aðgjörðum sínum á næsta fundi.

Ef amtmanni virðist, að einhver ákvörðun amtsráðsins sè ólögmæt, skal honum heimilt, að skjóta henni á frest, þángað til hann hefur feingið úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs um það mál, og skal hans leitað viðstöðulaust.

29. gr.

Öll útgjöld, sem leiða af störfum amtsráðsins, og einkum fyrir gjörðabækur þær, sem amtsráðið hefur, skal greiða af jafnaðarsjóði amtsins.

30. gr.

Tilskipun þessi gildir ekki í Reykjavíkurkaupstað, og skal þar framvegis farið eptir reglum þeim, sem gefnar eru í tilskipun 27. nóvember 1846 um bæjarstjórn í greindum kaupstað.

## Ástæður

fyrir

frumvarpi þessu.

---

Frá alþínginu á Íslandi, sem haldið var árið 1853, kom allraþegnsamlegust bænarskrá þess efnis, að lagt yrði fyrir alþíng það, er koma á saman í ár, frumvarp til laga um sveitastjórn á Íslandi, en með því þessi hluti konúngsveldisins í mörgum efnum, og einkum í því, er sveitarmálefni varðar, er mjög svo frábrugðinn hinum öðrum hlutum þess, þá hefur þíngið bent á nokkur aðalatriði í sveitastjórninni, er þíngið áleit að taka ætti til greina, þegar frumvarp þetta væri samið.

Þannig skyldi stjórn allra sveitarmálefna á Íslandi, eptir því, er þíngið álítur, falin á hendur nefnd einni fyrir hvern hrepp, er kosin sè á frjálslegan hátt, og hefur þíngið þess utan stúngið upp á nokkrum nákvæmari ákvörðunum, er síðar skal sèrstaklega getið. Einnig hefur þíngið álitið nauðsynlegt, að stofnað væri sýsluráð eða sýslunefnd fyrir sýslu hverja, er tækist á hendur yfirstjórn sveitamálefna í allri sýslunni. Í sýsluráði þessu átti, eptir ætlun þíngsins, að vera sýslumaðurinn og 6 menn aðrir, er hreppanefndirnar kysu úr flokki sínum; það átti að eiga sèr fund einu sinni á ári hverju, nema svo væri, að sýslumaðurinn, sem forseti sýsluráðsins, áliti það nauðsynlegt í einstöku tilfellum að kveðja það optar til fundar. Ætlunarverk sýsluráðsins skyldi það: að skera úr ágreiníngi þeim, sem verða kynni millum hreppanefndanna í sýslunni, og skyldi það einnig hafa sama starfa á hendi í sýslunni allri yfir höfuð, sem hreppanefndirnar í hinum einstöku hreppum, t. a. m. vegabætur á aðalvegum (þjóðvegum), einkum fjallvegum, og þar sem stórkostlegri vegabætur þyrfti að gjöra, en einstökum hreppi væri ætlandi; refaveiðar á afrèttum og víðlendum fjall-lendum, almenn fjall- og fjár-skil alls geldfènaðar, fjárrèttaskipun og viðhald, góða reglu við rèttahöld, o. s. frv., og á ári hverju gjöra áætlun um kostnað þann, er þessi almennu störf í sýslunni útheimta og jafna honum síðan niður á hreppana. — Aptur á móti leiddi þíngið fram hjá sèr þessu sinni að bera upp nokkra uppástúngu um fyrirkomulag hinnar æðstu stjórnar á málum þessum, eða um hin síðustu úrslit þeirra, sökum þess, að þíngið áleit, að þetta kæmi

undir skipulagi því, sem kæmist á stjórn alls konúngsveldisins, og stöðu Íslands í því.

Eptir að lögþíng var stofnað á Færeyjum, sem miklu ræður í stjórn sveitarmálefna, var einnig farið að hugsa um, að koma sveitarmálefnum á Íslandi svo fyrir, að landsbúar feingju að taka meiri þátt í stjórn þeirra en híngað til, en þegar undirbúníngi þeim, er til þessa þurfti, var nærri því lokið, var látið standa við svo búið fyrst um sinn.

En þar eð alþíng nú hefur beðið um, að frumvarp til laga um sveitarstjórn yrði lagt fyrir það, þá var haldið, að taka ætti fyrir málið á ný, og hefur það verið nákvæmlega íhugað, eins og síðar skal getið, að hve miklu leyti ráðlegt væri, að fallast á það, er þíngið hefur stúngið upp á, þar sem mismunur er á því og aðalatriðum þeim, sem voru í hinum eldri undirbúníngi máls þessa. Þess skal þó fyrir fram getið, að alþíngið hefur án efa lýst ásigkomulagi sveitarstjórnar þeirrar, sem nú er á Íslandi, ver en skyldi, því ekki er það kunnugt hèr, að nein sèrleg óánægja hafi látið sig í ljósi út af henni, og allrasízt út af stjórn fátækra-málefnanna, sem reglugjörð 8. janúar 1834 skipar fyrir um, eins og líka umræðurnar á alþíngi bera það með sèr, að landsbúar víða hvar eptir tilhlutun yfirvaldanna eru bæði farnir að vera í ráðum með um kosníngu hreppstjóra, sem híngað til hafa haft á hendi mestan hluta sveitastjórnarinnar, og taka líka að nokkru leyti þátt í niðurjöfnun sveitartillaga, þar sem það er sumstaðar orðin venja, að hreppstjóri tekur með sèr nokkra bændur til þess að jafna niður sveitartillaginu. Í annan stað má skoða þetta eins og vott þess, að Íslendíngar eru farnir að láta sèr meira umhugað um sveitarmálefni; og eins og þjóðlegra skipulag á stjórn sveitarmálefna þegar fyrir laungu er komið á í meiri hluta konúngsveldisins, svo virðist einnig vera ástæða til, að láta Íslendínga einnig verða aðnjótandi hinna sömu framfara, og er því meiri hvöt til þessa, sem þeir þegar í lángan tíma, síðan alþíng var stofnað, hafa tekið þátt í almennum málefnum, og skipulag það, er hèr ræðir um, þegar er komið á á Færeyjum, þar sem viðlíka örðugleikar eru á vegna landslagsins, og á Íslandi, og ekki verður álitið, að landsbúar sèu komnir leingra í menntun, en á Íslandi.

Í tilliti til þess, hverjum grundvallarreglum fylgja eigi við samníngu sveitastjórnarlaga fyrir Ísland, þá hefur verið fallizt á álit alþíngis í því, að fá ætti hreppsnefnd í hendur stjórn sveitarmálefna í hverjum hreppi. Hvað aptur hina æðri stjórn á þess konar mál-

efnum snertir, þá hafði áður verið svo til ætlað, að fela hana amtsráði á hendur, en ekki var það þá fyrirhugað að stofna sýsluráð, og hefur ekki þótt ástæða til, að breyta hinu fyrirhugaða skipulagi á þessu máli, fyrir uppástúngur og athugasemdir alþíngis í þessari grein.

Þó að alþíngi hafi ekki getið þess, hvernig það hefur ætlazt til að hinni æðstu stjórn á sveitarmálefnum yrði fyrir komið, þá er það þó nokkurn veginn auðsèð á öllu sambandinu, að þíngið hefur haft aðra bænarskrá frá hinu seinasta alþíngi fyrir augum, nefnilega þá um stöðu Íslands í konúngsveldinu, og að þíngið hefur því ætlazt til, að ömtin, sem nú eru, væru tekin af, og í stað þeirra kæmi ein stjórn fyrir allt landið, er í sveitamálefnum skyldi taka að sèr úrskurð þeirra mála, sem híngað til hafa verið borin undir innanríkisstjórnina. En þar eð hans hátign konúngurinn, eins og sjá má af hinni allrahæstu auglýsíng um árángur af þegnlegum tillögum og bænarskrám alþíngis árið 1853, hefur mildilegast fallizt á, að alþíngi verði gefið til vitundar, að aðalstjórn á Íslandi á einum stað yrði ekki á komið, sem stendur, þá fellur það burtu, sem þíngið virðist að hafa byggt á í bænarskrá þeirri, er hèr ræðir um, og því er óþarfi að taka hèr ítarlegar fram þau hin ýmsu vandkvæði, er hefðu verið því til fyrirstöðu, að þess konar skipulag hefði getað komizt á, þó að stjórnin hefði getað fallizt á, að stofna eina aðalstjórn á Íslandi. Þegar þetta, er þíngið gjörði ráð fyrir, fellur burtu, og þíngið þannig ekki hefur gjört neina bendíngu um, hvernig skipa ætti stjórn umdæmanna, þá hefur orðið að bæta úr þessu með því, að stofna annaðhvort amtsráð, eða þá stiptisráð, er amtmennirnir væru í og fulltrúar úr öllum umdæmunum, þannig, að í sumum tilfellum skyldi leita úrskurðar innanríkisstjórnarinnar; en ef nú auk þessa ætti að stofna sýsluráð, er stæði mitt á milli hreppsnefndanna og amtsráðanna, þá var haldið að það yrði of flókið og kostnaðarsamt, þar sem þó, eptir því sem til hagar á Íslandi, er einmitt nauðsyn á, að stjórn sveitamálefna sè þar svo einföld, sem verða má, og eins og alþíngið eflaust hefur að eins gjört ráð fyrir tveimur úrskurðarvöldum í sveitamálefnum, eins yrði varla með því móti náð tilgángi þeim, er alþíng hefur haft fyrir augum, þegar það biður um breytíngu á stjórn sveitamálefna, nefnilega að úrskurður á málunum yrði fljótari og betri. Hèr við bætist enn, að ein aðalástæða, er gæti mælt með því, að yfirstjórn sveitamálefna sè bundin við sýslurnar en ekki við ömtin, nefnilega örðugleikar þeir, sem eru á ferða-

lögum fyrir þá menn, er búa í þeim hlutum amtsins, er liggja lángt hver frá öðrum, þegar fulltrúar umdæmisins eiga að koma saman á einum stað, hverfur að mestu, þegar menn þó ekki geta verið án yfirstjórnar í sveitamálum, annaðhvort fyrir hvert amt, eða þá fyrir allt landið.

En hvernig sem þessu er varið, þá virðist það í sjálfu sèr eðlilegast, þegar um er að gjöra að koma nýju skipulagi á sveitastjórn, að láta þá sveitaskipun, sem nú er, þar sem hreppar eða umdæmi hafa sameiginlegan fjárhag, haldast, en reyna til að koma því til leiðar, að sveitamálefnum framvegis verði stjórnað á tryggari, hentugri og þjóðlegri hátt. Þess konar sameiginlegan fjárhag hafa hrepparnir, einkum þar sem framfærsla fátækra er, og ömtin, þar sem jafnaðarsjóðirnir eru, er úr þeim eru greidd ýms almenn gjöld t. a. m. sakamála-kostnaður, kostnaður fyrir bólusetníng, til yfirsetukvenna og kennslu aðstoðarlækna, kostnaður til sóttvarna, sættamála, o. s. frv., kostnaður fyrir að semja verðlagsskrá, fyrir ferðir amtmanna og landlæknis, og kostnaður, sem leiðir af alþíngiskosníngum, eins og líka stjórn ýmsra sjóða og gjafafjár, er landsbúar einnig gætu feingið hlutdeild í, er nú falin amtmönnum á hendur. Auk þess væri það mjög áríðandi, ef stofnaðir yrðu amtsfátækrasjóðir, sem leingi hefur verið þörf á. Aptur á móti eiga sýslurnar eingan sameiginlegan sjóð, og starfi sá, sem alþíng stakk upp á að falin skyldi á hendur sýsluráðunum, er bæði svo lítill, að ekki virðist ráðlegt, að búa til sèrstakt stjórnarvald til að hafa á hendi þau málefni, og svo getur amtsráðið eins vel annazt þau, auk þess sem það einnig getur skorið úr ágreiníngi þeim, sem verður á milli hreppanna í einni sýslu og í sýslunum sjálfum sín á milli, t. a. m.: þegar menn geta ekki komið sèr saman um, hvar fjallveg skuli leggja; eins og líka meiri líkindi eru til, að auknar yrðu samgaungur milli landsbúa, ef amtsráðið hefði á hendi umsjón vega, er meiru fè yrði þá safnað saman til að koma því til leiðar.

Af rökum þeim, sem nú eru talin, virðist það ekki hentugt og því síður nauðsynlegt, að stofna sýsluráð, auk þess sem það mundi olla mönnum ómaks og gjöra stjórn sveitamálefna margbrotnari. Amtsbúar geta heldur ekki, eins og þeir eiga heimtíngu á, tekið þátt í því, að jafna niður tillögunum handa amtsjafnaðarsjóðunum og kostnaðinum til alþíngis, sem amtmennirnir nú gjöra einir saman, og stundum hefur valdið óánægju, nema því að eins að amtsráð sè stofnað. Það hefur því þótt hlýða, að byggja á skiptíngu sveitanna

í hreppi og ömt í þessu frumvarpi, og það þess heldur, sem ekki verður sèð, að alþíngi hafi tekið skipulag það, sem hèr er farið fram á, til greina.

Eptir að þannig þessar almennu athugasemdir eru gjörðar, skulu nú færðar ástæður fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Við 1. gr.

Eptir reglugjörð 8. janúar 1834, 1. gr., hefur hver hreppur á Íslandi fátækrastjórn út af fyrir sig, hvort sem í hreppnum eru ein eða fleiri sóknir. Þessari skiptíngu, sem hefur verið um lángan aldur í veraldlegum efnum, eins og sóknaskiptíngin hefur verið það í andlegum, hefur alþíngi byggt á, og er hún tekin í þetta frumvarp, en ömtin eru, eins og áður er sagt, annar flokkur sveita.

Við 2. gr.

Alþíngi hafði stúngið upp á, að í hreppsnefndum skyldu vera 4, 6 eða 8 menn, eptir því hvað margir búandi menn væru í hverjum hreppi, og að prest og hreppstjóra mætti reyndar kjósa í þær nefndir, en þeir skyldu þó ekki vera sjálfkosnir í þær, því hreppstjórarnir mundu framvegis, eins og híngað til, hafa hið stjórnlega vald á hendi, sem lögregluþjónar og aðstoðarmenn sýslumanna, og framkvæmd alla í fátækra-málefnum.

Það hefur samt ekki þótt hlýða, þegar gjöra skal nýja skipun á sveitastjórn, að hreppstjórar skyldu hafa fátækrastjórn á hendi á sama hátt, og híngað til, því þá hefði hreppsnefndin í þessu merkilega atriði sveitastjórnarinnar ekki annað vald, en að jafna niður sveitarútsvari. En þegar hreppsnefndirnar eiga að taka við allri stjórn á fátækramálefnum, þarf þess eflaust, að minnsta kosti í fyrstunni, að hreppstjórarnir, sem, eins og nú stendur, einir geta haft næga þekkíngu á málefnum þeim, er hèr að lúta, og híngað til hafa verið lögð undir stjórn þeirra, verði sjálfsagðir hreppsnefndarmenn, þess heldur, sem nauðsyn hefur þótt bera til þess, að fela hreppstjórum framvegis á hendur sèrlega umsjón með fátækra málefnum, smbr. síðar við 13. gr. En jafnframt þessu hefur þótt henta, að láta hreppsnefndirnar hafa hönd í með við kosníngu hreppstjóranna, og er því þar að lútandi ákvörðun hèr gjörð. Þar eð hreppstjórar eptir lögum þeim, er nú gilda, eru aðstoðarmenn sýslumanna í störfum þeim, er lúta að lögreglu og fleiru, og þá því að nokkru leyti má álíta eins og fulltrúa embættismanna þessara, þá virðist einnig, að ekki

eigi að neyða upp á sýslumann manni, sem honum ekki þykir til þess hæfur, og sem hann opt verður að trúa fyrir þeim störfum, sem hann sjálfur skal ábyrgjast. Það virðist því bezt, að koma þessu fyrir á þann hátt, að sýslumaður stíngur upp á þremur, og hreppsnefndin velur einn af þeim með samþykki amtmanns, því á þann hátt er sneitt hjá að hafa þann mann fyrir hreppstjóra, sem annaðhvort sýslumanninum eða hreppsnefndinni er ekki um; auk þess er aðferð þessi minnst frábrugðin þeirri, sem nú er við höfð, og hefur þann kost, að hreppstjóra má kjósa, þegar á liggur, á öðrum tíma en á manntalsþíngum.

Það, sem nú er sagt, að nauðsyn beri til, að hreppstjórar sèu einlægt í hreppsnefndunum, gildir einnig um prestana, bæði vegna þess, að þeir hafa haft og verða framvegis að hafa stjórn á kennslu og barnauppheldi, og einkum á því að koma fátækum börnum fyrir, þar eð eingir alþýðuskólar eða skólakennarar eru á Íslandi, og eins sökum fátækrastjórnarinnar og annara sveitamálefna; því eptir fátækrareglugjörðinni 8. janúar 1834, 2. gr., á presturinn ekki einúngis að hjálpa hreppstjóranum með fátækrastjórn, heldur einnig gæta þess sjálfur, að allt fari skipulega fram, er hana varðar, og þar að auki taka þátt í ályktunum, þar sem hreppstjóra greinir á, þegar tveir eru í hreppi. Hefur þetta án efa geingið á þá leið, að prestarnir hafa víðast hvar verið meðstjórnendur í fátækramálefnum, og einkum annazt um reiknínga og brèfagjörð, o. s. frv., sem hreppstjórar opt eru ekki færir um að gjöra sjálfir, en aptur á móti hafa hreppstjórarnir fremur haft framkvæmd alla á hendi. Þess ber og að gæta, að þar sem opt verða hreppstjóraskipti, er þeir venjulega reyna til, þegar 3 ár eru liðin, að losast við hin örðugu störf sín, þá er auðvitað, að þetta ber sjaldnar að höndum um prestana, og hafa þeir þannig færi á, í leingri tíma að kynna sèr um fátækramálefni í sveitinni, og þar eð presturinn, auk þessa, eptir stöðu sinni er nákunnugur mönnum í sókninni og ástandi þeirra, sem opt getur verið áríðandi við úrskurð sveitarmálefna, virðist það, að aðstoð þeirra í sveitanefndinni sè ómissandi.

Alþíngi hefur að sönnu einnig gjört ráð fyrir, að presturinn mundi optast verða kosinn í hreppsnefndina, af því hann væri ómissandi, en þegar þetta er viðurkennt, þá virðist það ekki eiga að vera undir hendíngu komið, hvort hann kemst í hreppsnefndina eða ekki. Þess skal að endíngu getið, að eins og presturinn eptir tilskipun 13. ágúst 1841 var sjálfsettur í sveitarnefndirnar í Danmörku, eins

hefur nauðsyn þótt til bera, að vera viss um, að prestar og sýslumenn væru í fátækrastjórn á Færeyjum (smbr. lög 22. marz þ. á., 2. gr.), af því að annars þótti hætt við, að skortur yrði á nægum dugnaði í sveitaráðum þessum, og það sama virðist eiga við á Íslandi, eins og þar stendur á.

Í hreppum þeim, þar sem eru fleiri en einn prestur og hreppstjóri, hefur það samt þótt henta, að láta hreppsbúa þá, er kosníngarrètt hafa, kjósa þann, er þeir vilja, í hreppsnefndina; því ef ætla skyldi hreppsnefndarmönnum þessa kosníngu, gæti svo staðið á, að þeim kæmi það illa, og þeir kæmust í óþokka við þá, sem ekki yrðu kosnir.

Um tölu hreppsnefndarmanna hefur það þótt henta, að á stökum stæði, því þá getur atkvæðamunur betur ráðið í ályktunum þeirra, án þess að atkvæði forseta þurfi að skera úr. Talan er líka sett þannig, að hinir kosnu nefndarmenn eru ætíð fleiri, en hinir, sem sjálfsagðir eru. Svo er einnig ráð fyrir gjört, að tala hinna kjörnu hreppsnefndarmanna sjaldnast verði 7, þar eð það ætíð veldur erfiðleik, að kalla saman svo stóra nefnd, sem 9 eru í. Alþíngi hefur ekki drepið á, hver ákveða skuli tölu þessa, en rèttast virðist, að fela amtmanni þetta á hendur, og skal hann í því efni leita álits kunnugra manna í hreppnum, og auk þess getur amtsráðið seinna gjört breytíngar á ákvörðunum þessum.

Um hlutekníng sýslumanns í hreppsnefnda-samkomunum má þess geta, að stærðin á sýslunum verður því víðast hvar til fyrirstöðu, að sýslumaður geti neytt atkvæðisrèttar þess, sem honum er gefinn, eins og líka hèraðsfóetar og birkidómarar í Danmörku eru sviptir þessum atkvæðisrètti í lögunum 22. marz þ. á., um samsetníng og kosníngar sóknanefnda og amtsráða; en eigi að síður virðast yfirgnæfandi ástæður að vera til þess, að láta sýslumennina á Íslandi halda þessum atkvæðarètti, þegar þeir geta því við komið, og álíta, að nauðsyn beri til að neyta hans. Því eins og það virðist áríðandi, meðan skipulag er að komast á sveitastjórnina, að gjöra það, sem verður, til þess, að vissa fáist fyrir, að hinir skynsömustu menn komist í hreppsnefndina, eins gæti það líka, ef sýslumanninum væri neitað um atkvæðisrètt, vakið þá ímyndun hjá alþýðu, að aðgjörðir embættismanna kæmi í bága við hagsmuni landsbúa. Að endíngu er það álitið nytsamlegt, að sýslumaðurinn skyldi vera milligaungumaður í öllu því, er amtsráðinu og hreppsnefndunum fer á

milli, er meðferð málanna mundi á þann hátt gánga greiðara og skipulegar úr hendi.

Við 3. gr.

Alþíngi hefur stúngið upp á, að þeir af hreppsbúum, sem búandi eru, eru 25 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, og ekki njóta sveitastyrks, skuli hafa kosníngarrètt, og að allir þeir, er kosníngarrètt hafa, skuli einnig vera kjörgeingir, ef þeir leggja til sveitar. Þannig hefur þíngið, hvað eign snertir, sem skilmála fyrir kosníngarrètti í hreppnum, einúngis krafizt þess, að kjósendur mættu ekki njóta sveitastyrks, en þetta mun þó vera svo að skilja, að þeir hafi heldur ekki þegið neinn sveitarstyrk þann, er eigi sè aptur greiddur. Þegar uppástúnga alþíngis er þannig skilin, mun í raun rèttri trauðla nokkur sá vera, er kosníngarrètt hefur, sem ekki undir eins gjaldi til sveitar. Eins og það nú í sjálfu sèr virðist vera eðlilegt, að hlutdeild í stjórn sveitarmálefna sè bundin við það, að maður gjaldi til sveitar, eins þykir það einnig einfaldara, að sömu skilmálar sèu fyrir kosníngarrètti og kjörgeingi yfir höfuð, og er þessi grein því samin eptir kosníngarlögunum 28. september 1849, 3. gr.; þess skal og getið, að ekki virðist það ráðlegt, að binda kosníngu og kjörgeingi við frekari fjárhæð, en nú er sagt, á Íslandi, þar sem eingin meðalstètt er, og allir, að embættisstèttinni undantekinni, eru jafnir að menntun, án þess að betri efnahagur einstöku manna gjöri nokkurn töluverðan greinarmun í þessu tilliti (smb. einnig sveitalög á Færeyjum 22. marz 1855, 2. gr.).

Við 4. gr.

Þó að svo sè skipað fyrir í reglugjörð um bæjarstjórn í Reykjavíkurkaupstað 27. nóvember 1846, 6. gr., að hvorki skyldmenni í beinan ættlegg, nè heldur bræður, og þeir, sem eru jafnnærri að mægðum, megi í senn hafa setu í bæjarstjórninni, hefur það þó virzt ísjárvert, að láta svo stránga reglu ná til sveita, þar sem öllu hagar á annan hátt, og regla þessi án efa opt mundi verða óhagkvæm, og er því hèr, samkvæmt tilskipun 13. ágúst 1841, 5. gr.. reglan einúngis bundin við ættíngja í beinan legg.

Við 5. gr.

Þessi grein er í aðalatriðum öllum samin eptir uppástúngum alþíngis, en þó er bætt við ákvörðun um, að sá, sem er orðinn sextugur

að aldri, geti ætíð skorazt undan kosníngu (smbr. lögþíngislögin á Færeyjum 15. apríl 1854, 9. gr.).

Við 6. gr.

Alþíngi hafði farið fram á, að hreppsnefndarmenn yrðu kosnir á manntalsþíngum með atkvæðafjölda, og skyldi sýslumaður stjórna kosníngum. Það er samt athugandi í þessu, að bæði missti kosníngin þá að nokkru leyti einkenni sitt, sem sveitarmálefni, og þetta yrði líka miður hagkvæmt, þar sýslumaður hefur þá svo mörgum öðrum störfum að gegna, eins og líka aukakosníngar yrðu á þann hátt mjög torsóttar, þar eð sýslumaður opt þyrfti að ferðast margar dagleiðir á kjörþíngin. Það virðist því hentugra, að láta kosníngarnar fara fram á hreppskilaþíngum, þar eð hreppsbúar eru vanir að sækja þau þíng, og þeim verður framvegis að halda, þar eð hreppsbúar eiga að telja þar fram fè sitt til tíundar. Að sýslumaður í fyrsta sinni skal kveðja menn í kjörstjórn, er byggt á því, hvað nákvæmlega hann þekkir sýslubúa, og ef amtmaður ætti að tilnefna þá, yrði hann að minnsta kosti að láta sýslumanninn gjöra uppástúngu um það.

Við 7. gr.

Við þessa grein virðist ekkert athugandi.

Við 8. gr.

Alþíngi hafði stúngið upp á, að þeir, sem kosnir væru í hreppsnefndir, ættu að vera skyldir að takast kosníngu á hendur, nema því að eins, að þeir kæmu með löglega afsökun, og skyldi sýslumaður meta, hvort hún væri gild. En þar eð þessi uppástúnga stendur í sambandi við það, er alþíngi hafði farið fram á, og getið er í 6. gr., að kosníngar skyldu framfara á manntalsþíngum, en það nú er ákveðið í þessu frumvarpi, að kosníngar skuli fara fram á hreppskilaþíngunum, og að kjörstjórn sjái um þær, þá virðist það rèttast, að láta hana dæma um, hvort afsakanir þær, sem fram eru bornar, sèu gildar. Að öðru leyti er ekkert að athuga við þessa grein.

Við 9. gr.

Orðin í niðurlagi greinar þessarar: „og kjósa þarf á ný", lúta að því, þegar svo ber við, að sóknarpresturinn eða hreppstjórinn í hreppum þeim, þar sem eru fleiri en einn prestur eða hreppstjóri,

og þeir þess vegna hafa verið kosnir í hreppsnefndina, geingur úr nefndinni, án þess að eptir sè nema einn prestur eða hreppstjóri, því þá geingur hann í nefndina án kosníngar.

Við 10. gr.

Þar eð ætla má, að prestur og hreppstjóri sèu jafnaðarlega leiknari í, að gegna þess konar störfum, en hinir aðrir, er í hreppsnefnd eru, virtist það ísjárvert, að gefa þeim leyfi til að losast við forsetastörf, þegar þeir væru búnir að gegna þeim í eitt ár, og eins þótti heldur ekki gjörlegt, að taka tilviljun þá til greina í þessu efni, að þeir stundum kunna að vera kosnir í hreppsnefndina.

Við 11. gr.

Eptir stöðu þeirri, sem hreppstjóri og prestur hafa híngað til haft í stjórn sveitarmálefna, virtist það rèttast, að hinn fyr greindi gegni framvegis forsetastörfum í öllum þeim málefnum, sem framfærslu fátækra snerta, en presturinn í þeim málum, sem mest varða uppheldi og barnakennslu (smbr. reglugjörð 8. janúar 1834, 9. gr.). Þar eð eingir alþýðuskólar eru til á Íslandi, er barnauppfræðíng að mestu leyti undir ættíngjum komin, en sóknarpresturinn hefur þá að eins umsjón með því; það er því sjaldnast, að barnauppfræðíngin verður sveitamálefni, og ber það helzt við, þegar koma á fyrir þeim börnum, er sveitlæg eru.

Til að gjöra allt sem fyrirhafnarminnst, virðist rèttast, að gjöra það að almennri reglu, að umræður allar, er lúta að fátækramálefnum, sèu jafnskjótt ritaðar í fátækrabókina, og að einúngis sè gjörð athugasemd um það í aðalgjörðabókinni.

Við 12. gr.

Við þessa grein er ekkert að athuga.

Við 13. gr.

Eins og áður er sagt, er það álitið rèttast, að stjórn allra sveitarmálefna sè falin á hendur hreppsnefndinni; en sökum þess, að hún samkvæmt 19. gr. vanalega á sèr fund að eins 4 sinnum á ári, ber nauðsyn til, að hreppstjóri og prestur, hvor að sínu leyti, hafi umsjón með fátækra- og kennslu-málefnum framvegis á milli funda hreppsnefndarinnar.

Við 14. og 15. gr.

Alþíngi hefur farið því fram, að hreppsnefndirnar skyldu stýra og stjórna öllum sveitamálefnum, einnig gjöra áætlun um, og jafna niður á hreppsbúa eptir ástandi og efnahag kostnaði þeim öllum, er hèr af leiðir.

Það virtist samt nauðsynlegt, að verksvið sveitastjórnanna yrði nákvæmar ákveðið, og hefur því verið leitazt við, í þessari og eptirfylgjandi greinum, að taka ítarlegar fram málefni þau, er sveitastjórnin skal hafa til meðferðar, og hefur þó einkum í þessu verið farið eptir aðalreglu þeirri, er alþíngi hefur sett. Að því leyti, sem alþíngi því næst hefur farið fram á, að sveitatillögunum væri jafnað niður eptir efnahag og ástandi, hefur það þótt ísjárvert, að gjöra slíka ákvörðun að almennri reglu í lögum þessum. Á þetta sèr einkum stað um niðurjöfnunina á aðalútsvarinu, tillaginu til fátækra, og með því nú ekki hefur orðið vart við, að regla sú, er gefin er um það í reglugjörð 8. janúar 1834, 10. gr., hafi valdið óánægju, hefur ekki þótt næg ástæða til, að breyta út af henni, að minnsta kosti á meðan ekki er betur sannað, að gjaldstofn sá, sem þar er ákveðinn, nefnilega tíundin, með miðlun þeirri, er þar er gjörð á, verði ekki hafður; því ekki gat það verið gild ástæða á móti þessu, að $^2/_3$ af sveitarútgjöldum, sem jafnað er niður á Reykjavíkurbæ, skal eptir tilskipun 27. nóvember 1846, 19. gr. jafna niður á kaupstaðarbúa eptir efnahag og ástandi þeirra, þar sem vitaskuld er, að ekki verður byggt á tíundinni, þegar jafna skal niður sveitartillagi á kaupstaðarbúa. Það flýtur af sjálfu sèr, að sá, sem er óánægður með sveitarútsvar það, sem á hann hefur verið lagt, verður að geta leitað æðri úrskurðar, en þó er það álitið rèttast, að ákveðið sè, að hann skuli, hvernig sem ástatt er, greiða tillag það, sem á hefur verið lagt árinu áður, með því skilyrði, að honum verði apturgreitt það, sem hann hefur of borgað, ef umkvörtun hans verður gaumur gefinn, þar eð af gagnstæðri reglu gætu auðveldlega leitt ástæðulausar áfríanir og valdið sveitavandræðum.

Eptir lögum þeim, er nú gilda, skal sýslumaður rannsaka og gjöra úrskurð á um fátækrareiknínga; en eins og það án efa er gagnstætt góðri reglu, að einn og hinn sami maður bæði rannsaki og skeri úr reikníngi þessum, svo ætti þetta enn síður við, þegar eptirleiðis skal gjöra sveitarreikníng. Það er því álitið bezt henta, og er einnig samkvæmt uppástúngu alþíngis, að hreppsnefndarmenn velji fèhirði og reikníngamann úr flokki sínum, en hafi allir

ásamt ábyrgðina á reikníngunum, og að hreppsnefndirnar hafi þess vegna sjálfar rannsókn reiknínganna á hendi, en amtsráðið skeri úr, ef reikníngamaður vill ekki kannast við, að það sè rètt, sem út á reikníng hans er sett. Þar eð það, auk þessa, er falið amtsráðinu á hendur, að ákveða snið og skipulag sveitareikrnínga, svo hið sama fyrirkomulag sè á þeim öllum, eins og nauðsyn er á, leiðir það af sjálfu sèr, að amtsráðinu ber að sjá um, að reglum þeim, er hèr að lúta, sè hlýtt, og virðist það ekki muni valda mikilli tímatöf.

Við 16., 17. og 18. gr.

Auk málefna þeirra, sem getið er í þessum greinum að hreppsnefndin eigi að hafa afskipti af, er skylt að taka það til nákvæmrar íhugunar, hvort ekki ætti að fela henni á hendur, að hafa umsjón með fjárhaldi kirkna þeirra, sem eru í hreppnum, kirkjustöðum og lènsjörðum. Af hinum þrenns konar kirkjum, sem á Íslandi eru, þeim, sem alþjóðleg eign eru, þeim, sem einstakir menn eiga, og þeim, sem heyra til einhverju brauði, er umsjónin með hinum tveimur fyr nefndu, að því sem kunnugt er, venjulega allsæmileg, þar sem konúngskirkjum eru settir fjárhaldsmenn, sem gjöra á ári hverju reikníng um stjórn kirkjunnar, og er þessi reikníngur síðan rannsakaður í stjórnarráðinu, og ætla má, þar sem kirkjan er eign einstaks manns, að kirkjueigandi annist sjálfur um nauðsyn kirkjunnar og kirkjueignanna, auk þess sem prófastur sèr um viðhald hennar, og getur honum sjaldan geingið neitt til að draga yfir kirkjueiganda. Öðru máli gegnir um kirkjur á prests-setrum, því þar er prestur skyldur að halda þeim við á eigin kostnað, og fær hann fyrir það tekjur kirkjunnar; en þegar tekjur brauðsins eru litlar, og prestur tekur við kirkju mjög hrörlegri með litlu eða eingu ofanálagi, af því að sá, sem áður var í brauðinu, var ekki fær um að greiða það, mun prestinum opt þykja ísjárvert, að hleypa sèr í stórskuldir til að gjöra við kirkjuna, einkum þegar hann hefur von um, að fá annað brauð innan skamms, og kirkjunni fer þá einlægt hnignandi, án þess að prófasturinn, sem á að hafa umsjón á kirkjunni, geti ætíð að því gjört, einkum þegar hann býr í fjarska, auk þess, sem hann stundum kann að hlífa prestinum, þegar hann er fátækur. Það hefur einnig borið við, að presturinn, sem geymir fè kirkjunnar án þess að setja neitt veð fyrir því, hefur eytt kirkjufènu, án þess að halda tilhlýðilega við kirkjunni og prests-setrinu. Svo mun það einnig hafa komið fram, að prestarnir eru ekki ætíð svo vandir, sem vera skyldi

að því, hvernig þeir byggja jarðir þær, er kirkjan á, og fara ástundum í þeim efnum meira eptir eigin hagnaði en því, hvað bezt er fyrir embættið og eptirmanninn. Þannig vantar tryggjandi umsjón í þessum efnum, og kynni það, ef til vill, að komast í betra horf, ef þetta væri gjört að sveitarmálefni, og amtsráðin hefðu yfirumsjón með því (smbr. lög um lögþíng á Færeyjum 15. apríl 1854, 12. gr., staflið *d)*, en þar eð án efa nákvæmar þarf að rannsaka og ræða þessi flóknu málefni, og uppástúnga um lagfæríng á þeim virðist helzt eiga að koma frá andlegu stèttinni, einkum biskupi, og að verða rædd sem mál út af fyrir sig, þá hefur það ekki þótt hlýða, að gjöra neinar ákvarðanir, um þessi efni, í frumvarpi þessu.

Við 19. gr.

Alþíngi hefur stúngið upp á, að hreppsnefndirnar venjulega skuli eiga einúngis tvo fundi á ári, haust og vor. Eptir því sem á stendur, virðist þó, að halda verði að minnsta kosti 4 aðalfundi á ári hverju, og líka hefur þótt nauðsyn til bera að ákveða, hverjir skuli hafa rètt til, að kveðja til aukafunda.

Við 20. gr.

Við þessa grein er ekkert að athuga.

Við 21. gr.

Samansetníng amtsráðsins, sem hèr er stúngið upp á, virðist að vera í samhljóðun við það, sem áður er fyrir skipað um hreppsnefndirnar, og þykja ekki færri mega vera í amtsráðinu, en hèr greinir. Það kynni, ef til vill, að þykja samkvæmara aðalreglunni, að láta einnig k j ó s a einn af prófõstum í Suðurumdæminu í amtsráðið, en ákvörðun sú, sem hèr er gjörð, að biskupinn skuli vera í amtsráði þessu, er einkum byggð á því, að biskupinn hefur híngað til verið meðstjórnandi hinna ýmsu sjóða og gjafafjár, er amtsráðinu yrði nú, ef til vill, falið á hendur að stjórna. Það er stúngið upp á því, að prófasturinn sè kosinn í amtsráðið af hinum, sem í amtsráðinu eru, í hinum tveimur umdæmum, þar sem biskupinn ekki er í amtsráðinu, þar ástæða sú, er mælti á móti því, að hinir hreppsnefndarmenn kysu prest þann, er átti að gánga í hreppsnefndina, á sèr að eins stað þar, sem kosníngasvið er lítið.

Við 22. gr.

Það kann að vísu, eptir lögum þeim, er nú gilda, þykja of mjög

takmarkað, að gjöra kjörgeingi til alþíngis að skilyrði fyrir því, að vera kjörgeingur í amtsráð, en þar eð nú verður lagt fyrir þíngið frumvarp til kosníngarlaga, er rýmkar svo mjög um kosníngar, og er að öðru leyti í aðalatriðum samkvæmt uppástúngu alþíngis, og það er sennilegt, að uppástúngurnar um þetta mál verði, ef til vill, orðnar að lögum, áður en tilskipun sú um sveitastjórn, sem hèr er í ráði, kemur út, eða verði það að minnsta kosti um sama leyti, þá virðist, að með því móti verði nóg rýmt um kjörgeingi, en á hinn bóginn er aðal-tryggíngin fyrir því, að kosníngarnar takist vel, í því fólgin, að hreppsnefndarmönnum er falinn kosníngarrètturinn.

Við 23., 24. og 25. gr.

Þegar kjörgeingi er ákveðin, eins og áður er sagt, verður miklum mun hægara og einfaldara að semja kjörskrárnar í umdæminu; þar á móti gjörir ásigkomulag landsins, einkum stærð amtanna, mikla örðugleika, þegar um er að gjöra að haga kosníngunni þannig, að amtsbúar geti neytt kosníngarrèttar síns. Það virðist þess vegna nauðsyn, bæði sökum þess, og til að fá meiri vissu fyrir því, að kosníngar takist vel, að hafa tvöfaldar kosníngar, og verður þá eðlilegast að fela hreppsnefndarmönnum þessar kosníngar, þar sem flestir þeirra eru kosnir beinlínis af hreppsbúum í hverri sveit. En þó þannig sè að farið, mætti haga þessu til á fleiri vegu. Það kynni nú að þykja einfaldast og er líka samkvæmt reglum þeim, er gilda í Danmörku, að hver hreppsnefnd kysi úr flokki sínum einn kjósanda, og að allir þessir kjósendur kysu menn í amtsráðið á einu kjörþíngi, er væri fyrir allt amtið, og mætti þá leyfa kjósendum í sýslum þeim, er leingst væru burtu, að senda atkvæði sín brèflega. En mönnum mundi þykja, jafnvel úr hinum næstu sýslum of örðugt að takast margra daga ferð á hendur án endurgjalds, einúngis til þess að kjósa menn í amtsráð, og mundi mönnum því bráðum þykja slík tilhögun fyrirhafnarmikil og kostnaðarsöm. Önnur aðferð væri sú, að kosníngarmenn þeir, er hreppsnefndarmenn kjósa, hèldu eitt kjörþíng sèr í hverri sýslu, og kysu þar einn mann í amtsráðið, svo að hver sýsla feingi þannig einn fulltrúa í amtsráðið, og yrði á þenna hátt komizt hjá, að hafa eina aðalkjörskrá fyrir allt umdæmið, því þá mætti nota sýsluskrárnar við kosnínguna; það gæti og mælt með þessari aðferð, að betur yrði annazt um hag hverrar sýslu, þegar hún hefði mann í amtsráðinu, er væri heimilisfastur í sýslunni, og að undir eins og kosníngu væri lokið, væri út gjört um

það, hver kosinn væri í amtsráðið fyrir hverja sýslu. En eins og samníng hinnar almennu kjörskrár, eins og hèr er gjört ráð fyrir að henni sè hagað, virðist eingan veginn mjög fyrirhafnarmikil, svo virðist það ekki heldur samkvæmt eðli amtsráðsins, að menn sèu kjörnir í það sèrstaklega fyrir hverja sýslu. Enn ísjárverðara er það, að með þessu móti væri komið í veg fyrir, að menn, er byggju utan sýslu, yrðu kjörnir, hversu ákjósanleg sem kosníng þeirra væri, einkum til þess að geta komizt hjá hinum erfiðu ferðalögum úr fjarlægustu hèruðum, t. a. m. úr Múlasýslunum, þángað sem amtsráðið kemur saman, þar sem það opt getur við borið, að menn eru til utan sýslu, sem álíta má eins vel eða jafnvel betur hæfa til þessa starfa, heldur en nokkurn af sýslubúum, jafnvel í því, er snerti sèrstakar þarfir sýslunnar. Kjósendur þeir, er kjörnir væru af hreppsnefndunum, yrðu líka að takast nokkurra daga ferð á hendur á sýslukjörþíngið, án þess að hafa neitt annað erindi, en að taka þátt í kosníngu þessari, og mundi þeim þykja þetta meiri byrði fyrir sig, en sanngjarnlega yrði af þeim krafizt; og þar á ofan kynni svo að virðast, að kosníng á mönnum í amtsráð í hverri sýslu, kynni að leiða til þess, að það yrði að láta þá, sem kjörnir eru einkum úr hinum fjarlægustu sýslum, fá endurgjald fyrir ferðakostnað, og dagpenínga, en þetta væri miður samkvæmt anda og einkenni allrar sveitastjórnarskipunarinnar, og ætti því helzt að sneiða hjá því. Aðferð sú, er stúngið er upp á í þessum greinum, hefur líka, auk hinna frjálsu kosnínga, þann mikilsverða kost fram yfir hinar aðferðirnar, sem nefndar hafa verið, að kjósendur þurfa ekki að takast neina sèrstaka ferð á hendur sökum kosnínga þessara. Þess ber enn að geta, að lík aðferð hefur verið upp tekin í lögunum 29. desember 1850 um kosníngar Færeyínga á ríkisþíng, og að endíngu, að fleiri yrðu í amtsráðinu, en þörf væri á, ef einn ætti að vera í því fyrir sýslu hverja.

Við 26. gr.

Til þess að sneiða hjá of tíðum kosníngum virðist það henta, að kjósa í hvert skipti 2 varafulltrúa, og virðist það einnig þarflegt að takmarka fundi amtsráðsins, eins og stúngið er upp á í greininni, til þess að útiloka ekki menn úr hinum fjarlægari sýslum frá því að verða kjörnir.

Við 27. gr.

Í þessari grein hefur verið reynt að innibinda hin ýmsu mál-

efni, er amtsráðið á að starfa að, nefnilega bæði stjórn þeirra fjárhagsmálefna, sem sameiginleg eru fyrir allt amtið, og annara mála, sem æskilegt virðist að amtsráðið eigi hlutdeild í; og eins umsjón á hinum minni sveitum, og úrskurði á ágreiníngi þeim, er verður þeirra á milli. Um hin einstöku atriði er þess að geta:

Við *a*. Amtmaður jafnar, nú sem stendur, niður tillögunum til jafnaðarsjóðsins, og þeim hluta alþíngiskostnaðarins, er hèr ræðir um, og embættismaður þessi ákveður líka í sumum tilfellum, og svo að hlutaðeigandi stjórnarráð staðfesti það, hver gjöld greiða skuli úr nefndum sjóði, eins og líka hlutaðeigandi stjórnarráð sjálft hefur stundum boðið að greiða nokkur gjöld úr honum. En eins og stjórn amtsjafnaðarsjóðanna bæði í Danmörku (tilskipun 13. ágúst 1841, 32. gr.), og á Færeyjum (lög um lögþíng Færeyja 15. apríl 1854, 12. gr. b.), er falin á hendur amtsráðinu eður sveitastjórn þeirri, sem talin er jöfn því, sjálfsagt með því skilyrði, að goldin verði úr þeim hin lögboðnu útgjöld, eins verður það sama að gjöra, þegar amtsráð eru stofnuð á Íslandi, og hefur það auk þess þótt hlýða, að fá þeim í hendur stjórn einstakra sjóða og gjafafjár, er amtmennirnir hafa, nú sem stendur, annaðhvort einir eða ásamt öðrum, eða þá stiptsyfirvöldin, nema þar sem sèrlegar kríngumstæður, annaðhvort gjafabrèfið sjálft, eða tilgángur stofnunarinnar (eins og t. a. m. er um prentsmiðjuna í Reykjavík, er framvegis verður að heyra beinlínis undir stjórnina, þar eð stofnun þessi við kemur öllu landi), kynni að vera því til fyrirstöðu.

Við *b*. Amtmennirnir eða stiptsyfirvöldin hafa híngað til gjört reiknínga fyrir áður nefnda sjóði og gjafafè, en þegar amtsráðið tekur við stjórn þeirra, virðist það einnig henta, að það til nefni reikníngamann. Að því leyti sem endurskoðun og úrskurður reiknínga þessara hefur verið gjört híngað til í hlutaðeigandi stjórnarráði, hefur þótt rèttast, að það hèldist framvegis, og einkum verður þetta að eiga sèr stað um hina stærstu af reikníngum þessum, reiknínga amtsjafnaðarsjóðanna, því þeir eru nú rannsakaðir og úrskurðaðir í innanríkisstjórnarráðinu, eins og reikníngar amtsjafnaðarsjóðanna í Danmörku; en þegar öðruvísi er ástatt, tekur amtsráðið að sèr að úrskurða slíka reiknínga, og nefnir það þá líka mann, til að endurskoða þá.

Við *c*. Það hefur leingi þótt vanta amtsjafnaðarsjóð á Íslandi, einkum til þess að geta hjálpað einstökum hreppum eða hèruðum, þegar eitthvað sèrlegt bæri að höndum, t. a. m. þegar landfarsótt

eða fjársýki geingur, þegar fiskiveiðar bregðast, o. s. frv., eða þegar hreppar hafa einhver óvanaleg útgjöld, t. a. m. þegar gjalda þarf aptur fátækrastyrk, sem einhver, er heima á í Íslandi, hefur notið í Danmörku, eða greiða þarf fè til að koma mállausum og heyrnarlausum í kennslu við skólann handa mállausum og heyrnarlausum í Kaupmannahöfn, og skal þess hèr getið, að niðurjöfnun þeirri, sem í þessu efni er fyrir skipuð í brèfi frá kanselíinu 9. október 1832, án efa er hagað á ólíkan hátt í umdæmunum.

Við *e* og *f*. Reglur þær, sem hèr eru gefnar, leiða af umsjón þeirri, sem amtsráðið á að hafa með hreppsnefndunum, sem undir því standa. Ákvörðunin í niðurlagi á tölulið *f*, flýtur í rauninni af sjálfu sèr, en er gjörð hèr að eins til að taka af öll tvímæli, og skal þess getið, að þess konar tilfelli munu án efa mjög sjafdan bera að höndum.

Annað virðist ekki þurfa að athuga við þessa grein.

Við 28. gr.

Þar eð amtsráðið venjulega á ekki fund með sèr nema einu sinni á ári, ber nauðsyn til þess, að vald það, er ræðir um í hinum fyrri hluta greinarinnar, sè gefið amtmanni (smbr. einnig lögin um lögþíng á Færeyjum 15. apríl 1854, 13. gr.) eins og líka ákvörðunin í seinni hluta greinar þessarar er samkvæm 14. gr. í tèðum lögum.

Við 29. gr.

Við þessa grein virðist ekkert vera að athuga.

Við 30. gr.

Eins og kaupstaðirnir í Danmörku eru undan skildir yfirstjórn amtsráðanna eptir tilskipun 13. ágúst 1841, eins hlýtur það sama að eiga sèr stað um Reykjavík, sem þegar er búin að fá sveitarskipun út af fyrir sig. Á líkan hátt mun og að farið, komi fleiri kaupstaðir seinna meir á Íslandi.

II.

# Frumvarp

til

tilskipunar um breytíng á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosníngunum til alþíngis.

---

1. gr.

Kosníngarrètt til alþíngis skulu hèr eptir eiga:

*a)* allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til ríkissjóðsins;

*b)* embættismenn, sem annaðhvort hafa konúnglegt veitíngarbrèf, eða eru settir af stiptsyfirvöldunum á Íslandi;

*c)* þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, þó ekki sèu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir;

*d)* kaupstaðaborgarar og þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. árlega, og standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk;

Þar að auki getur einginn átt kosníngarrètt, nema hann hafi þá hæfilegleika til að bera, sem til eru teknir í tilskipun 8. marzm. 1843, 4. gr., og hefur einnig, þegar kjósa skal, verið heimilisfastur í kjördæminu í eitt ár.

2. gr.

Kjörgeingur til alþíngis er hver sá, sem kosníngarrètt hefur, samkvæmt 1. gr., ef hann, auk þeirra hæfilegleika, lútandi að honum sjálfum, sem taldir eru í tilskipun 8. marzm. 1843, 4. og 5. greinum, enn fremur fullnægir þeim kröfum, sem gjörðar eru í nýnefndri 5. grein nr. 1, 2, 4 og 5. Þó má þann kjósa, sem á heimili utan kjörþíngis, eða verið hefur í því skemur enn eitt ár.

3. gr.

Prestur hver skal með hreppstjórum eptir ráðstöfun kjörstjóra

semja nákvæma skýrslu yfir alla þá menn í sóknum hans, sem kosníngarrètt hafa og kjörgeingir eru eptir framan greindum reglum. Skal skrá þessi fyrst tilgreina þá, sem kosníngarrètt hafa, með nöfnum, aldri, stètt og heimili, og síðan þá aðra, sem kjörgeingir eru. Í Reykjavík skulu dómkirkjupresturinn og forstjóri bæjarfulltrúanna semja skrá þessa, og þegar sveitastjórn kemst á í Íslandi, skal forstjóri hreppsnefndarinnar hafa þessa sýslu á hendi ásamt prestinum, eða, ef presturinn er forstjóri hreppsnefndarinnar, með öðrum manni úr hreppsnefndinni, sem til þess er kjörinn.

4. gr.

Þegar nafnaskrár þessar eru samdar, skal kjörstjóri með 2 mönnum, er hann kveður sèr til aðstoðar, rannsaka þær og leiðrètta, ef þörf er á, og skal síðan semja aðalskrá yfir alla þá menn, sem kosníngarrètt eiga og kjörgeingir eru í gjörvöllu kjördæminu, eins og til er greint í tilskipun 8. marzm. 1843, 18. gr. Að öðru leyti skal fara eptir því, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843 um það, hvernig leggja eigi fram kjörskrárnar og skera úr mótmælum gegn þeim, og að endíngu leiðrètta þær. Þar á móti fellur sú ákvörðun úr gildi, sem gefin er seinast í 23. gr. í nefndri tilskipun, um að senda skrá yfir þá, sem kjörgeingir eru, til hinna annara kjörstjóra í amtinu.

5. gr.

Einginn má kjósa þann, sem utan kjörþíngis býr, nema það sè sannað fyrir kjörstjórum, að hann sè kjörgeingur og vilji takast kosnínguna á hendur í því kjördæmi og eingu öðru.

6. gr.

Sèrhver sá, sem til kosnínga gengur, skal nefna þann með nafni, sem hann kýs til aðalþíngmanns, og eins þann, er hann kýs til varaþíngmanns.

7. gr.

Einginn er rèttkjörinn alþíngismaður, nema því að eins, að hann hafi hlotið meira en helmíng allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþínginu. Fái einginn svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosníngum; fái þá enn einginn meira en helmíng atkvæða, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja, sem við hina

seinni kosníngu höfðu flest atkvæði. Sè svo, að fleiri en tveir hafi við aðra kosníngu feingið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða milli þeirra; sama er um, ef tveir við þriðju kosníng fá jafnmörg atkvæði.

8. gr.

Skaptafellssýslu skal hèr eptir vera skipt í 2 kjördæmi eptir sömu merkjum, sem henni híngað til hefur verið skipt í tvo kjörhluta. Hvort um sig af þessum kjördæmum kýs einn alþíngismann og einn varaþíngmann. Sýslumaðurinn er kjörstjóri í hvorutveggja kjördæmi.

9. gr.

Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í tilskipun 8. marzm. 1843 um kosníngar til alþíngis.

10. gr.

Tilskipun þessi fær gildi, þegar kjósa skal í næsta skipti, eptir að kosníngartími hinna núverandi alþíngismanna er um liðinn.

---

## Ástæður
fyrir
frumvarpi því, sem hèr er á undan.

Eptir tilskipun 8. marzm. 1843, 3. og 5. gr. útheimtist til þess, að hafa kosníngarrètt og kjörgeingi til alþíngis, annaðhvort að eiga jörð, sem sè að minnsta kosti 10 hundruð að dýrleik, eða að hafa í æfifestu jörð, sem sè annaðhvort alþjóðleg eða kirkju-eign, og að minnsta kosti 20 hundruð að dýrleik, eða í þriðja lagi að eiga hús á einhverjum verzlunarstað landsins, sem eptir löglegri virðíngargjörð, eigi eldri en tveggja ára, sè metið að minnsta kosti 1000 ríkisdala virði. Það hefur nú verið almennt álit manna á Íslandi, allt af síðan tilskipunin 8. marzm. 1843 kom út, að ákvarðanir þær um kosníngarrètt og kjörgeingi, er nú hefur verið á vikið, væru fremur óhagfelldar; hafa menn einkum fundið það að, að fjárstofn sá, sem gjörður væri að skilyrði fyrir kosníngarrètti og kjörgeingi, veitti ekki neina eiginlega vissu fyrir dugnaði og vitsmunum hlutaðeigenda,

eptir því sem ástatt er á Íslandi, en á hinn bóginn bægði mörgum hyggnum mönnum frá kosníngarrètti og kjörgeingi, bæði bændum og öðrum; þar við bættist, að ein sýsla, nefnilega Vestmannaeyjar, eingan þátt gat tekið í kosníngunum, af því þar er nálega eingin jörð, er veiti kosníngarrètt. Árin 1845 og 1847 komu og til alþíngis bænarskrár úr nokkrum hèruðum, er beiddu, að breytt væri kosníngarlögunum í áður greindu tilliti. Þíngið sendi líka konúngi árið 1847 allraþegnsamlegasta bænarskrá um þetta efni; bænarskrár þær, er alþíngi voru sendar 1853, sýna einnig, að Íslendíngar enn þá eru á sama máli um þetta efni, og að hinu sama lutu einnig allar umræðurnar á þínginu í þessu máli. Það er og almennt, að kenna hinum takmörkuðu kosníngarlögum um það, að mönnum á seinni árum er orðið minna umhugað um kosníngar, en áður hefur verið. Þar eð nú hið síðasta alþíng aptur á ný hefur sent konúngi allraþegnsamlegasta bænarskrá um breytíngar á þeim ákvörðunum í alþíngistilskipuninni, sem áður er um getið, þá hefur verið samið frumvarp það, sem hèr er að framan, til tilskipunar um breytíngu á tilskipun 8. marzm. 1843, viðvíkjandi kosníngunum til alþíngis, og er frumvarp þetta að aðalefninu til samið eptir tillögum alþíngis. Áður en vikið sè málinu að hinum einstöku greinum frumvarpsins, skal þess að eins getið, að vera má, að rèttara hefði verið að semja ný lög frá rótum, um kosníngar til alþíngis, þar sem nú í þessu frumvarpi eru settar nýjar grundvallarreglur fyrir kosníngunum; en þó var afráðið, að setja frumvarpið í samband við tilskipunina 8. marzm. 1843, af því alþíng að eins hafði beðið um, að gjörðar væru nauðsynlegar breytíngar á kosníngarreglunum í þessari tilskipun, en að öðru leyti skyldu reglur þessar og annað, það er tilskipunin býður, vera óbreytt.

Við 1. gr.

Alþíng hefur í bænarskrá sinni til konúngs getið þess, að þínginu hafi ekki litizt að fara fram á það, að kosníngarlög 28. septemberm. 1849 yrðu lögleidd fyrir alþíngiskosníngar, þar lög þessi hafi verið til búin og sett fyrir einn sèrstakan fund, er hafði annað ætlunarverk en alþíngi, og þar til var skipaður nærfellt helmíngi fleiri mönnum en á alþíngi eru lögákveðnir; og að þínginu hafi einnig þótt ísjárvert, að veita kosníngarrètt öllum þurrabúðar- og ein-hleypum mönnum í hinum fjölbyggðu sjóplássum, er þeir opt geti átt hægast með að sækja kjörfundinn, og gætu þannig einir ráðið kosníngunum

fyrir allt kjördæmið, eða þeir menn, er vildu vinna þessa kjósendur til atkvæðagreiðslu sèr í vil. Á hinn bóginn hefur þínginu og þótt það aðgæzluvert að leggja með því, að kosníngarrètturinn yrði bundinn við nokkurn ákveðinn gjaldstofn, t. a. m. skiptitíund, eða við ákveðna gjaldsupphæð, t. a. m. til fátækra, yfir höfuð að tala; því þó skiptitíundin gefi fullrúman kosníngarrètt upp til allra sveita, þá sèu mjög margir þeir bændur, sem hafi grasnyt við sjó, bæði greindir og dugnaðarmenn, og sem í eingu standi á baki hinum betri sveitabændum, er opt eigi ekki svo mikinn fènað og skipastól samtals, að það nemi (skiptitíund) 5 hundruðum; mundi því þessi ákveðni gjaldstofn útiloka of marga nýta kjósendur í þeim kjördæmum, þar sem meiri hluti búendanna eru helzt sjóarbændur. Ef að þar á móti ákveðin upphæð á fátækra-útsvari væri gjört að skilyrði fyrir kosníngarrèttinum, þá mundi það, eptir áliti þíngsins, — allt hvað það væri ekki haft svo lítið, að það væri svo sem ekkert band — útiloka frá kosníngarrètti meiri hluta allra dugandis-bænda í hinum efnaðri hreppum, af því sveitarútsvör bænda opt sèu svo væg, að þau nemi ekki meiru en hinni svo nefndu fátækratíund; en aptur sèu sveitarþýngsli miklu meiri í sjóplássunum, og komi með fram niður á þurrabúðar- og lausa-mönnum, eptir ástandi þeirra og efnahag, og mundu því flestir þessir, — sem þíngið þó, eins og áður er um getið, hefur sýnt fram á hve ískyggilegt og varúðarvert mundi reynast að veita kosníngarrètt, — ná rètti þessum, ef hann væri bundinn við svo litla upphæð sveitarútsvars, sem þörf væri á vegna bænda upp til sveitanna. Þíngið vonar, að það af þessu verði auðsætt, að ef upphæð sveitarútsvarsins væri lögð til grundvallar alstaðar, þá yrði kosníngarrètturinn að koma svo ójafnt niður, að í einni sveitinni gætu ekki mestu dugandismenn orðið aðnjótandi þessa rèttar, þar sem aptur hver og einn ætti kost á að kjósa í hinni sveitinni, einúngis vegna þess, að þar væru meiri sveitarþýngslin.

Þíngið hefur því farið fram á, að allir þeir bændur skuli eiga kosníngarrètt, sem hafa grasnyt, og gjalda nokkuð til allra stètta; hefur það getið þess, að þó að þessi gjaldstofn fyrir kosníngarrèttinum í fyrsta áliti kunni að virðast miður tryggjandi, megi þó ekki missa sjónar á því, að menn sèu nú orðnir vanari kosníngum, og hafi eptir hin liðnu alþíng meiri og glöggvari þekkíngu á þeim kostum, sem gott fulltrúaefni þarf að hafa til að bera, heldur en þeir

höfðu upphaflega, og sèu því meiri líkindi til, að vel takist kosníngar, þó kosníngarrètturinn sè þannig rýmkaður.

En þó nú þínginu þannig þætti ráðlegt og hæfilegt, að setja þessi skilyrði fyrir kosníngarrètti með tilliti til alþýðu manna yfir höfuð að tala, þá áleit þíngið þó ógjörníng, að binda kosníngarrètt annara stètta við hin sömu skilyrði, og útiloka þær þannig frá þessum rètti. Þíngið hefur því farið fram á, að þeir menn, er nú skal greina, eigi kosníngarrètt, án tillits til þess, hvort þeir sèu búandi eður ekki:

1) Allir þeir embættismenn, sem annaðhvort hafa konúnglegt veitíngarbrèf, eða eru settir af stiptsyfirvöldunum á Íslandi.

2) Vísindamenn þeir, sem annaðhvort hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eður embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, ef þeir eru eingum háðir.

3) Kaupstaðaborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rdl. árlega, og standa ekki í skuld um sveitarstyrk. Enn fremur var meiri hluti þíngmanna á því, að ísjárvert væri að útiloka frá kosníngarrètti alla tómthús- eða þurrabúðar-menn, hvað nýtir og þarfir sem þeir væru, og lagði því þíngið það til, að hver sá tómthúsmaður einnig skyldi eiga kosníngarrètt, sem gyldi að minnsta kosti 6 rdl. árlega til sveitar. Að síðustu hefur þíngið lýst því yfir, að það væri eindregið á því, að með þessum verulegu rýmkunum á kosníngarrèttinum eigi hin önnur skilyrði, sem 4. gr. alþíngistilskipunarinnar tekur fram fyrir kosníngarrèttinum, vel við, og beri þeim því ekki að breyta.

Með því aðalskilyrði það, er alþíng hefur sett fyrir kosníngarrètti bænda þeirra, er grasnyt hafa, hvað efnahag snertir, að þeir gjaldi nokkuð til allra stètta, er mjög svo óákvarðað, og efast mætti um, hvort það gæfi næga tryggíng fyrir því, að kosníngarrètturinn yrði skynsamlega notaður, þá hefur það verið tekið til yfirvegunar, hvort ekki mætti takast að fá vissu fyrir þessu með öðru móti, án þess þó að binda kosníngarrèttinn um of. Þannig gæti það komið til mála, eins og konúngsfulltrúi drap á við umræður málsins á alþíngi, hvort ekki bæri að leggja tvöfaldar kosníngar til grundvallar fyrir breytíngunum á alþíngistilskipuninni. En mönnum hefur á Íslandi aldrei verið um tvöfaldar kosníngar; einkanlega mælti alþíng 1849 á móti þeim, og einginn varð til að halda þeim fram á þínginu 1853, þegar málið um breytíngar á kosníngarlögunum var rætt.

Þess vegna þótti ekki heldur vel til fallið að leggja þær til grundvallar, þegar samið var frumvarp það, sem hèr ræðir um.

Þegar menn nú hafa einfaldar kosníngar, eins og áður hefur verið, geta skilyrðin fyrir kosníngarrèttinum, þau er efnahag snerta, verið með fleiru en einu móti. Þannig ber þess að geta, að einn þíngmaður stakk upp á því, að einúngis þeir bændur, sem eru í skiptitíund, skyldu eiga kosníngarrètt. Uppástúnga þessi var án efa byggð á þeirri skoðun, að skiptitíund, sem á Íslandi er alþekkt stærð, mundi veita betri tryggíng fyrir því, að kosníngarrèttur kæmist ekki í hendur þeim, er ekkert ættu, og sem lètu sig einu gilda, hvernig færi um kosníngarnar. Þó menn nú könnuðust við það, að þetta skilyrði fyrir kosníngarrèttinum gæti átt vel við til sveita, hratt þíngið samt sem áður uppástúngunni með töluverðum atkvæðafjölda, af því það hèlt, eins og áður er greint, að með því móti mundi í sjóplássum margir menn verða af kosníngarrètti, þó þeir að öðru leyti, að efnahag og öðrum hæfilegleikum, stæðu ekki á baki sveitabænda.

En með því þíngið hafði ekki sýnt fram á, hver áhrif það hefði á tölu kjósenda, ef þessi gjaldstofn væri lagður til grundvallar, þá hefur hèr verið safnað nákvæmari skýrslum um það efni. Það sèst þannig af tíundarlistunum, að í Gullbríngusýslu, sem er hið fjölmennasta sjópláss, greiða 407 menn tíund, og að af þeim eru 303, sem tíunda milli 1 hundraðs og $4^3/_4$ hundraða. Þessir 303 menn yrðu því útilokaðir frá kosníngarrètti, að svo miklu leyti sem þeir hafa grasnyt, ef skiptitíund væri lögð til grundvallar, en þó greiða þeir til allra stètta frá 1 ríkisdal til 4 ríkisd. og 13 sk. árlega; þó ber þess að geta, að þetta gjald er í Gullbríngusýslu nokkuð hærra en annarstaðar, af því gjaftolli er þar svarað eptir öðrum reglum en í hinum hèruðum landsins. Í Barðastrandarsýslu, sem einnig er sjópláss, yrðu af þeim 323 mönnum, sem tíund gjalda, 158 eða nálega helmíngurinn útilokaður, ef kosníngarrètturinn væri bundinn við gjaldstofn þann, sem áður er á vikið, þar sem á hinn bóginn í Húnavatnssýslu og Skaptafellssýslu, sem eru sveitabyggðir, einúngis eru 158 og 76 menn, sem ekki eru í skiptitíund, af þeim 657 mönnum í hinni fyr nefndu sýslu og 503 í hinni síðar nefndu, er tíund greiða. Þess ber enn fremur að geta, að sumir af þeim, sem ekki eru í skiptitíund, svara meiru til allra stètta, en aðrir, er tíunda 5 hundruð eður meira, af því þeir greiða skatt; en það mundi vafalaust vekja óánægju, ef þeir, sem svara skatti, ekki ættu kosníngar-

rètt, þar sem þó aðrir, sem minna útsvar greiddu, yrðu aðnjótandi þessa rèttar.

Þar sem það nú af ástæðum þeim, sem nú eru greindar, þótti ekki tiltækilegt að binda kosníngarrètt við skiptitíund, var það þvínæst tekið til yfirvegunar, hvort ekki mætti binda kosníngarrètt þeirra manna, sem hèr ræðir um, við eitthvert lítið árlegt gjald til almenníngs þarfa, svo sem t. a. m. 2 ríkisdala gjald; en við nákvæmari rannsókn málsins varð þó komizt að raun um; að ekki muni það heldur með öllu eiga vel við, eptir því sem til hagar á Íslandi, að gjöra gjaldsupphæð þessa, þó lág sè, að skilyrði fyrir kosníngarrètti. Því ef einúngis ætti að fara eptir því, sem bændur svara til ríkissjóðsins, þá yrði það enn meira band á kosníngarrèttinum, en þó hann væri bundinn við skiptitíund, því þessi gjöld, það er að segja: konúngstíund, gjaftollur, lögmannstollur og jarðartíund, eru að eins hèr um bil 1 rdl. 39 sk. fyrir mann, sem tíundar 5 hundruð; er reyndar torvelt að ákveða upphæð jarðartíundarinnar fyrir hvern einstakan mann, því hún er ekki í neinu vissu hlutfalli við lausafjártíundina, og hvílir eiginlega á eiganda jarðarinnar, enda þó það tíðkist, að leiguliðinn svari henni, og það án þess að fá beinlínis nokkurt endurgjald fyrir. Skatturinn er tekinn eptir öðrum reglum, og verður hann eigi talinn með til þeirrar upphæðar, sem áður er á vikið, þar mýmargir eru í skiptitíund, sem ekki svara skatti. Að vísu geta sumir, sem ekki eru í skiptitíund, eins og áður er á vikið, svarað skatti, og feingju þeir kosníngarrètt, ef hann væri bundinn við gjaldsupphæð þá, sem hèr ræðir um; en þó yrðu miklu fleiri, sem eptir hinni fyrri uppástúngu næðu kosníngarrètti, með þessu móti útilokaðir frá honum; yrði þá og að meta landauragjald í penínga eptir verðlagsskránni, sem þó veldur nokkrum umsvifum.

Ef þar á móti sveitarútsvörin væru talin með til gjaldsupphæðar þeirrar, sem hèr ræðir um, þá mundi það varla gefa öllu betri tryggíng fyrir kosníngunum, en þó farið væri eptir uppástúngu alþíngis; því öll gjöld til samans, bæði til ríkissjóðsins og sveitarinnar, má gjöra ráð fyrir að sèu rúmir 2 ríkisdalir fyrir hvern þann, er að eins tíundar 1 hundrað í lausafè; og varla þarf að gjöra ráð fyrir, að þeir, sem tíunda minna en 1 hundrað, hafi grasnyt; það er jafnvel undantekníng, að þeir menn, sem grasnyt hafa, tíundi ekki meira en 1 hundrað, og leiðir aptur af því, að upphæð gjalds þess, sem áður var nefnt, optastnær verður meiri, en fyr var greint.

Eptir öllu því, sem nú hefur verið til greint, eru talsverðir erf-

iðleikar á því, að setja skilyrði fyrir kosníngarrètti bænda, sem betur sè tryggjandi, en það, sem alþíng hefur stúngið upp á, nema kosníngarrèttinum verði um of þraungvað, og með því kosníngarlögin 28. septemberm. 1849, sem þó veittu enn frjálsari kosníngarrètt, virðast ekki að hafa haft neinar hættulegar afleiðíngar, þá þótti rèttast að leggja þær tillögur alþíngis, sem áður er um getið, til grundvallar, þegar þessi grein í frumvarpinu var samin.

Þar sem alþíng því næst hefur farið fram á það, að veita einnig kosníngarrètt kaupstaðaborgurum og þurrabúðarmönnum, þegar þeir svara árlega til sveitar, hinir fyrri 4 ríkisdölum, og hinir síðar töldu 6 ríkisdölum, og standa ekki í skuld um þeginn sveitarstyrk, þá er ekki annað á móti því, en að útsvar þurrabúðarmanna virðist að vera sett of hátt, þar allflestir þeirra mundu með þessu móti útilokast frá kosníngarrètti; útsvar þeirra virðist því eiga að vera eins og kaupstaðaborgara, 4 ríkisdalir árlega, til að veita þeim kosníngarrètt.

Eigi virðist heldur neitt vera á móti því, að veita hinum íslenzku embættismönnum sèrstakan kosníngarrètt, því þó þessir menn hafi optast nær svo mikil efni, sem útheimtist til þess að svara gjöldum til allra stètta, yrði þeim samt sem áður að öðrum kosti bægt frá kosníngarrètti, af því að lögin hafa þá undan þegna slíkum gjöldum. Þar á móti er varla hin sama ástæða fyrir því, að veita sèrstakan kosníngarrètt hinum svo nefndu vísindamönnum, það er að segja þeim, er hafa tekið lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, þó hvorki sèu þeir í embættum, nè eigi nokkuð til, einúngis fyrir sakir vitsmuna þeirra. En á hinn bóginn hefur ekki þótt næg ástæða til að breyta út af þessum tillögum alþíngis, og það því síður, sem slíkir menn að líkindum eru svo fáir, að það í raun og veru gjörir lítið til, hvort þeim er veittur kosníngarrèttur eða ekki.

Þess ber enn fremur að geta, að auk þeirra skilyrða fyrir kosníngarrèttinum, sem nú hefur verið um rætt, útheimtist einnig, að sá, sem kosníngarrètt á, hafi þá hæfilegleika til að bera, lútandi að honum sjálfum, sem til er greint í tilskipun 8. marzm. 1843. Einnig gæti það komið til íhugunar, hvort ekki ætti að binda kosníngarrèttinn við þrítugsaldur, er það væri samkvæmt kosníngarlögunum 28. septemberm. 1849, 3. gr. b., og kosníngarlögum Dana. En þar alþíng hefur ekki gjört neina uppástúngu um þetta, heldur ráðið til að hafa óbreytt það, sem boðið er í tilsk. 8. marzm. 1843, þá

hefur ekki þótt næg ástæða til að gjöra breytíngu í þessu tilliti. Þar á móti hefur það virzt að vera samkvæmt hinum nýju kosníngarreglum í frumvarpinu, að gjöra það að skilyrði fyrir kosníngarrètti, að hlutaðeigandi hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár.

Við 2. gr.

Um kjörgeingi til alþíngis hefur þíngið getið þess, að það, sem þar um er ákveðið í tilskipun 8. marzm. 1843, 5. gr., hafi ekki vakið minni óánægju en bandið á kosníngarrèttinum, sem áður er um getið, og að sú skoðun sè almenn á Íslandi, að skynsamleg og hæfilega takmörkuð bönd á kosníngarrèttinum, og sem koma heim við andlegt og veralglegt ástand landsbúa, sè í raun og veru næg tryggíng fyrir því, að vel verði kosið, þótt kjörgeingin sjálf sè óbundin við allan fjárstofn, eða við annað en ákveðinn aldur, óflekkað mannorð, og sjálfræði fjár síns, og það því fremur, sem vitsmunir, reynsla og þekkíng á ýmsum högum landsins eingan veginn sè samfara eða óaðgreinanlega sameinuð jarðeign eður annari auðlegð, og þíngið hefur þannig beðið um, að kjörgeingi sè óbundin við alla fjáreign, eða greiðslu til almennra þarfa, en að þó sèu allir þeir undanskildir, sem þiggja sveitarstyrk.

Um þessa uppástúngu má geta þess, að þó óþarft væri að binda kjörgeingi við nokkra fjáreign, þegar búið er að skipa svo fyrir um kosníngarrètt, að fullkomlega tryggi góðar kosníngar, þá getur þetta þó varla átt hèr heima takmörkunarlaust, þar sem eptir frumvarpinu svo lítið er heimtað, með tilliti til efnahags kjósenda, sem skilyrði fyrir kosníngarrètti; þar að auki hefur þíngið sjálft fundið, að ítarlegri tryggíngar þyrfti með, er það hefur leitazt við að ná með öðru móti, en það er með því að heimta meir en helmíng allra atkvæða sem skilyrði fyrir gildi kosnínganna. Stjórnin álítur því, að hin sömu skilyrði eigi að minnsta kosti að vera fyrir kjörgeingi, sem fyrir kosníngarrètti; og mundi varla nokkrum, sem æskilegt væri að kosinn yrði til þíngs, með því móti verða bægt frá kosníngu; en ef aptur á móti væri rýmkað um kjörgeingina svo mjög, sem alþíng hefur stúngið upp á, þá væri það allt of fjærstætt því, sem nú er, og gæti, ef til vill, ollað ýmsum vandkvæðum, einkum þegar fara ætti að semja kosníngarlistana; auk þessa virðist hæfa að láta þau sèrstöku skilyrði fyrir kjörgeingi, sem sett eru í tilsk. 8. marzm. 1843, 5. gr. nr. 1, 2, 4 og 5, eptirleiðis standa óbreytt, og virðist það einnig vera samkvæmt áliti alþíngis.

Samkvæmt því, sem nú er greint, hefur þessi grein frumvarpsins verið samin.

Við 3. og 4. gr.

Þar eð semja verður nýjar kjörskrár, þegar frumvarp þetta fær lagagildi, hefur það þótt rèttast að segja fyrir um aðferð á því, og víkja á breytíngar þær, sem af því fljóta á þeim greinum í tilsk. 8. marz 1843, er þar að lúta. Að öðru leyti er 3. gr. í frumvarpinu að mestu leyti samin eins og 6. gr. í kosníngarlögunum 28. septemberm. 1849, og þar við bætt ákvörðun þeirri, sem er í niðurlagi greinarinnar, í þeirri von að sveitastjórn komist á á Íslandi, eptir frumvarpi nokkru þar að lútandi, sem nú mun verða lagt fyrir alþíng.

Við 4. grein ber þess að geta, að rèttast virðist að kjörstjórinn hèr eptir (smbr. tilsk. 8. marzm. 1843, gr. 18.) leiðrètti kjörskrárnar, áður en þær eru lagðar fram til skoðunar, þó þetta ekki væri boðið í kosníngarlögunum 28. septemberm. 1849; því hann á hægast með að sjá af manntalsbókinni, hversu mikið hver og einn geldur. Ef sú ákvörðun verður samþykkt, sem er í næstu grein þar á eptir (5. gr.), þá verður óþarfi að senda skrár um það, hverjir kjörgeingir sèu, til hinna annara kjörstjóra í amtinu, eins og fyrir er mælt í tilsk. 8. marzm. 1843, 23. gr., og fellur því það boð úr gildi.

Við 5. gr.

Alþíng nefnir eigi þá ákvörðun, sem er í þessari grein; en bæði er það, að slík ákvörðun fannst í 15. gr. í kosníngarlögunum 28. septemberm. 1849, og svo virðist hún og að vera nauðsynleg afleiðíng af reglum þeim, er gefnar eru í þessu frumvarpi, til þess að komast hjá óreglu við kosníngarnar, og því, að allt of opt þurfi að kjósa aptur á ný, sem mundi olla miklum erfiðleikum, eptir því sem tilhagar á Íslandi.

Við 6. gr.

Grein þessi er samin eptir uppástúngum alþíngis.

Við 7. gr.

Alþíngi hefur þótt ísjárvert, ef tillögur þess um rýmkun á kosníngarrètti og kjörgeingi yrðu teknar til greina, að stínga ekki upp á neinu, er svo mætti tryggja góðar kosníngar, að þær ætíð lýsi

yfir vilja meira og betra hluta kjósendanna í hverju kjördæmi; þíngið hefur því lagt til, að einginn sá verði rètt kjörinn til alþíngismanns, sem ekki hafi meira en helmíng allra þeirra atkvæða, sem greidd eru á kjörþínginu; en hljóti einginn svo mörg atkvæði, verði að kjósa um aptur óbundnum kosníngum; og fái enn einginn meiri hluta allra atkvæða, verði aptur að kjósa á ný, en þó einúngis milli þeirra tveggja (eða þeirra, sem höfðu jafnmörg atkvæði), sem að minnsta kosti hlutu þriðjúng allra þeirra atkvæða, sem greidd voru, þegar kosið var í annað skipti; hefur þíngið getið þess, að svo kunni að virðast í fljótu máli, sem af þessu geti leitt sá erfiðleiki, að kjósa þurfi einatt um að nýju, og kynni það að verða mjög mörgum kjósendum til baga, er eigi lángt og erfitt að sækja kjörþíngið; en þínginu þykir eigi mega missa sjónar á því, að þessi ákvörðun geti orðið hvöt fyrir kjósendur til þess fyrirfram að yfirvega og með prófkosníngum að koma sèr saman um, að fá hin beztu fulltrúaefni, en þetta muni aptur vera mikilvægur undirbúníngur til heillavænlegra kosnínga, og tryggíng fyrir þeim.

Nú má að sönnu játa, að mikið er varið í annmarka þann, sem alþíng telur við ákvörðun þessa, að opt og einatt kunni þurfa að kjósa aptur á ný; og þar sem þíngið hefur haldið, að annmarkar þessir að mestu leyti mundu hverfa, er haldnar væru prófkosníngar á undan, þá ber þess að geta, að það virðist mjög torvelt að koma prófkosníngum við á Íslandi, eptir því sem þar hagar til; og ef þær ætti að halda, og það þó kæmi fyrir, að kjósa þyrfti aptur á ný seinna, þá væri það ekki lítill erfiðleiki fyrir kjósendurna og kynni jafnvel af því að leiða, að mönnum yrði minna hugað um kosníngarnar. En þar eð uppástúnga alþíngis var samþykkt með miklum atkvæðafjölda, og álit þíngsins um þetta efni hlýtur að ráða miklu, er þekkíng til ásigkomulags landsins varðar mestu, þá virtist rèttast að fara eptir uppástúngu þíngsins, þegar þessi grein var samin, þó með þeirri breytíngu, að við 3. kosníngu skal að eins kjósa milli þeirra tveggja, er við 2. kosníngu hlutu flest atkvæði; síðan er bætt við ákvörðun um, hvernig fara skuli að, ef fleiri en tveir hljóta jafnmörg og þó flest atkvæði, þegar kosið er í annað sinn, því þá skal, eptir fyrirmælum tilskipunar 8. marzm. 1843, 34. gr., hlutkesti ráða, og eins ef tvö fulltrúaefni hljóta jafnmörg atkvæði, þegar kosið er í 3. skipti.

Við 8. gr.

Þessi grein er samkvæm uppástúngu alþíngis.

Við 9. gr.

Ákvörðunin í þessari grein er afleiðíng af því, sem að framan er greint um sambandið milli þessa frumvarps og tilskipunar 8. marzm. 1843.

Við 10. gr.

Þar eð seinast var kosið til alþíngis árið 1852, verður ekki kosið á ný, fyr en í september-mánuði 1858, samkvæmt tilskipun 8. marzm. 1843, 8. og 24. greinum.

Að endíngu skal þess hèr getið, að menn hefur greint á um það, hvort strax skuli kjósa á ný, ef annaðhvort alþíngismaðurinn, sem búið er að kjósa, eður varaþíngmaðurinn skorast undan að taka við kosníngu. Alþíngi hefur því þótt þörf á, að eitthvað víst sè ákveðið um þetta efni í hinum nýju kosníngarlögum, og þess vegna beðið um, að ákveðið verði í þessu frumvarpi, hvort strax eigi að kjósa um aptur, þegar svo stendur á, sem nú er greint.

Það er nú fyrst, að uppástúnga þessi er ekki með öllu nákvæmlega orðuð; því þegar sá, sem kosinn hefur verið aðalþíngmaður eða varaþíngmaður, ekki er á kjörfundinum, eða er á fundi, en skorast ekki þá strax undan að taka móti kosníngu, þá skal ekki, þó hann seinna skorist undan því, kjósa á ný, meðan annaðhvort er til aðalþíngmaður eða varaþíngmaður í kjördæminu, sambr. tilskipun 8. marzm. 1843, 8. gr. Uppástúnga alþíngis hlýtur því að eins að hafa það fyrir augum, að þíngmaður eða varaþíngmaður sá, er kosinn er á kjörfundi, þá strax, áður en fundi er slitið, skorist undan að taka við kosníngu, og ætti þá að ákveða í hinum nýju kosníngarlögum, hvort kjósa skuli á ný eður ekki, þegar svo stendur á.

En þetta tilfelli virðist að vera svo sèrstaklegt, að ekki beri að ákveða neitt um það í nýjum almennum kosníngarlögum, og það því síður, sem það í raun og veru er öldúngis undir tilviljun komið, hvort sá, sem kosinn hefur verið, er á fundi og þá strax lýsir því yfir, að hann geti eigi tekið að sèr kosnínguna; því eptir tilskipun 8. marzm. 1843, 12. gr. (smb. 19. og 20. gr. í kosníngarlögunum 28. septemberm. 1849) er hann naumast skyldur til að láta í ljósi fyrirætlan sína um þetta, fyrri en kjörstjórnin er búin að tilkynna honum brèflega, að hann sè kosinn, en það mun sjaldan vera gjört fyr en eptir að umræðunum á kjörþínginu er lokið.

III.

# Frumvarp

til

opins brèfs, um það, hvernig greiða skuli kostnað þann, er þarf til að fram fylgja lögum 15. aprílm. 1854, um siglíngar og verzlun á Íslandi.

1. gr.

Kostnað þann, sem þarf til að fram fylgja lögunum um hina frjálsu verzlun, ber, að því leyti sem Reykjavík snertir, að greiða úr sjóði bæjarins; en að öðru leyti ber kostnað þenna að greiða í hverju amti úr jafnaðarsjóði amtsins.

2. gr.

Stjórnin áskilur sèr rètt til að ákveða til bráðabyrgða, hvað álíta skuli nauðsynlegan kostnað, og sjá um, að það verði greitt á þann hátt, sem nú hefur verið á vikið. En áður en það verði fast ákveðið, hvernig greiða skuli kostnað þenna um eptirkomandi tíð, skal bera það mál undir alþíngi.

## Ástæður

fyrir

frumvarpi þessu.

Við umræður þær, er fram fóru bæði á alþíngi og ríkisþínginu um lög þau, er gefin voru 15. dag aprílm, í fyrra, um siglíngar og verzlun á Íslandi, kom öllum ásamt um það, að nauðsyn bæri til að sjá um, að tilhlýðileg lögreglustjórn og læknisumsjón væri fyrir á

þeim stöðum, þar sem útlend skip fyrst eiga að koma, eptir 2. gr. laganna, áður en þau koma á aðrar hafnir við landið.

Nú er reyndar á 4 þessara staða skipaður bæði lögreglustjóri og læknir, nefnilega: í Reykjavík, á Vestmannaeyjum, í Stykkishólmi, og á Ísafirði. En á Akureyri býr að eins læknir en enginn lögreglustjóri, því sýslumaður býr hèr um bil 2 mílur vegar þaðan, og á Eskifirði býr sýslumaðurinn, en fjórðúngslæknirinn býr hèr um bil 4 mílur vegar þaðan.

Vegna þess þannig er ástatt, beiddist stjórn innanríkismálanna, undir eins og lögin 15. aprílm. voru komin út, álits hlutaðeigandi amtmanns um það, hvort sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu mundi geta haft næga lögregluumsjón, og hèraðslæknirinn í Múlasýslu næga læknisumsjón, þaðan sem þeir nú búa, með útlendum skipum, er koma kynnu á Akureyri og Eskifjörð; og ef það væri ekki, hvort ekki mætti skylda þessa embættismenn til, annaðhvort að taka sèr bústað í þessum kauptúnum, ellegar að minnsta kosti með öðru móti að sjá um, að nauðsynleg lögreglustjórn og læknisumsjón yrði höfð með útlendum skipum, er þángað kæmu.

Í álitsskjali því, sem nú er komið frá amtmanninum um þetta mál, getur hann þess, að sýslumaðurinn, þaðan sem hann nú býr, geti eingan veginn haft þá lögreglutilsjón með útlendum skipum á Akureyri, sem þörf er á, svo að nokkru liði sè, og jafnónóg virðist honum sú tilhögun vera, að skylda sýslumann til að vera í verzlunarstaðnum á vissum ákveðnum tímum; mundi sú ákvörðun að líkindum verða þýðíngarlaus sökum embættisferða hans upp í sveitir, sem koma fyrir allt árið, og einkanlega vegna þess, að hann verður að halda manntalsþíng á vorin. Þar á móti álítur amtmaður, að tilgánginum mundi reyndar heldur verða náð með því, að skylda sýslumann til að búa á verzlunarstaðnum, sem einnig sè hentugt sýslumannssetur, þegar litið er á þarfir sýslubúa; en amtmaður getur þess um leið, að þau vandkvæði sèu við þetta, að sýslumanni þeim, sem nú er í Eyjafjarðarsýslu, hafi ekki verið gjört það að skyldu, þegar honum var veitt sýslan, að taka sèr bústað á Akureyri, heldur að eins „að búa á einhverjum þeim stað, sem almenníngi sè hagfellt", og þessu skilyrði hafi hann fullnægt; þar eð nú sýslumaður, eptir skýrslu, sem hann sjálfur hefur gefið um það, hefur varið hèr um bil 1500 rda. til að byggja íbúðarhús á ábýlisjörð sinni, og jafnmiklu fè til að kaupa búfènað, áhöld, og annað þess konar, er hann þarf til bús síns, þá verði hann ekki með rèttu skyld-

aður til, móti vilja sínum og ósk, að flytja á verzlunarstaðinn, nema honum yrði bætt það upp, er hann missti við þetta, en það mundi nema of miklu, þar hann yrði án efa að byggja sèr aptur íbúðarhús á verzlunarstaðnum, vegna þess skorts, sem þar er á hentugu húsnæði. Af sömu ástæðu hefur amtmaður og álitið, að sýslumaður yrði ekki skyldaður til, nema hann feingi endurgjald fyrir, að hafa annan fyrir sig á verzlunarstaðnum, til þess í sinn stað að gegna þeim störfum, sem áður er á vikið, þó einhver kynni að fást, er til þess væri hæfur, sem amtmaður annars telur mikil tormerki á.

Amtmaður hefur þess vegna stúngið upp á því, að Akureyri hèr eptir verði lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, og skyldi þar skipa lögreglustjóra eða bæjarfógeta; væri þetta ráðlegt, bæði af því svo stendur á, sem áður er á vikið, og svo vegna þess, að fólksfjöldinn þar fari allt af vaxandi, og verzlunarstaður þessi í öðrum greinum taki framförum, er allt miði til þess, að það væri mjög æskilegt, að hann feingi bæjarstjórn sèr. Með því nú sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefur geingizt undir, ef uppástúngu amtmanns yrði framgeingt, að láta af hendi tekjur þær, er honum bera af verzlunarstaðnum, en það eru einkum afgreiðslulaun af kaupförum, og má álíta, að tekjur þessar allar sèu að upphæð hèr um bil 200 rdl. á ári, þá hefur amtmaður haldið, að ef 300 rdl. væri bætt við þessa 200 rdl., er nú var um getið, til árlegra launa handa þeim, er tæki að sèr þetta nýja embætti, þá mundi mega fá mann í það, er til þess væri hæfur og tekið hefði próf í lögfræði.

Hvað því næst læknisumsjón á Eskifirði snertir, hefur amtmaður getið þess, að læknirinn í Austfirðíngafjórðúngs-umdæmi, er nær yfir báðar Múlasýslur og Austur-Skaptafellssýslu, hafi ávallt híngað til búið í Fjótsdalshèraði, sem er miðhlutinn úr báðum Múlasýslum, og sè það hèrað bæði hið fólksflesta í öllu umdæminu, og sá hluti þess, er mest þurfi við læknishjálpar; í þessu hèraði hafi og læknirinn nú bústað, og segir amtmaður, að læknirinn eigi þaðan hægast til ferða til annara hèraða í hinu víðlenda umdæmi hans, þar sem fara er yfir torsótta fjallvegu og lángar heiðar, og þángað eigi þeir, sem læknis þurfi með, hægast að sækja hann. En byggi hann á Eskifirði, yrði honum ómögulegt að veita nokkra hjálp, er teljandi væri, mestum hluta umdæmisins, vegna þess hvernig kaupstaður þessi liggur við. Hèr við bætist, að þó læknirinn byggi þar, yrði sú umsjón, sem hann gæti haft með útlendum skipum, samt sem áður ekki tryggjandi, er hann opt verður að vera burtu lángan

tíma á ferðum til hinna fjarlægustu sveita í enu víðlenda umdæmi hans. Af sömu ástæðu virðist það eigi heldur geta orðið til neinna sannra nota, þó lækninum væri gjört að skyldu á hverju ári í maímánuði og júnímánuði að vera á verzlunarstaðnum, til þess að bíða þess, að hin útlendu skip kæmu, eins og læknirinn, sem nú er, hefur boðizt til, er honum hefur ekki þótt vera sín þar eins nauðsynleg sumarmánuðina, þegar vegir eru greiðfærir, þar hann þá geti frá heimili sínu, þar sem hann nú býr, og liggur hèr um bil 4 mílur frá verzlunarstaðnum, eins og áður er greint, komizt til Eskifjarðar á einum degi, eða, eptir því sem sýslumaðurinn segir, jafnvel á 10 stundum.

Að síðustu hefur amtmaður getið þess, að hinum núverandi lækni hafi eigi, þá er honum var veitt embættið, verið gjört að skyldu að búa á Eskifirði, og hafi hann kostað ærnu fè til byggínga á ábýlisjörð sinni; álítur því amtmaður, að hann verði ekki með rèttu skyldaður til að flytja þaðan og taka sèr bústað á Eskifirði, nè heldur að hafa þar á sinn kostnað aðstoðarlækni, er tekið hafi próf i læknisfræði.

Það sèst þannig, af því sem nú hefur verið til greint, að nauðsyn ber til, að gjöra einhverjar ráðstafanir, til þess að fá betri lögreglustjórn á Akureyri og læknisumsjón á Eskifirði.

Viðvíkjandi Akureyri væri það reyndar æskilegast, annaðhvort að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu tæki sèr bústað á þessum verzlunarstað, eða að skipa þar lögreglustjórn út af fyrir sig. Þetta hvorttveggja virðist samt, nú sem stendur, að vera ísjárvert, vegna þess að af því risi töluverður kostnaður. Aptur er það öldúngis nauðsynlegt að hafa þar mann, er bæði geti rannsakað skjöl skipanna og skrifað upp á þau, og einnig sèð um, að reglu sè gætt á verzlunarstaðnum; hefur því stjórnin, eptir tillögum amtmanns, þegar leyft, að borga megi fyrir fram 20 rdl. hreppstjóra þeim, er hann hefur sett þar, og þessi störf, nú sem stendur, eru á hendur falin; en það verður án efa nauðsynlegt að veita þeim manni meiri laun, sem hèr eptir hefur störf þessi á hendi, ef menn eiga að geta haft nokkra vissu fyrir því, að þeim verði gegnt, svo sem vera ber.

Sömuleiðis virðist vera nauðsyn á að gjöra, svo fljótt sem unnt er, ráðstafanir til þess, að nauðsynleg læknisumsjón fáist á Eskifirði, og þar eð það nú, eptir því sem áður er greint, má kalla ógjörandi, sökum þess hvernig sveitir liggja, að skylda hlutaðeigandi fjórðúngslækni til að búa á verzlunarstaðnum, verður að taka það

til yfirvegunar, hvernig ráðið verði úr þessu með hagfelldasta móti, þegar búið er að fá um þetta efni nákvæmara álit embættismanna þeirra á Íslandi, er hlut eiga að máli.

Á hinum 4 öðrum verzlunarstöðum, sem áður er getið, nefnilega: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi og Ísafirði, mun ekki heldur verða hjá því komizt, þegar fram líða stundir, að gjöra ýmsar ítarlegri ráðstafanir, einkum til þess að auka lögregluvaldið. Þessi nauðsyn hefur þegar komið fram í Reykjavík, er lögreglustjóri bæjarins hefur beðið um, að þar væri skipaður þriðji lögregluþjónninn, og hafa einnig í fjárhaldslögunum þetta ár verið veittir 200 rdl. til þessa úr ríkissjóðnum; en þó var gjört ráð fyrir, að þessi greiðsla seinna kæmi niður á kaupstaðinn sjálfan; ríkisþínginu þótti eigi heldur næg ástæða til að leyfa borgun 60 rda., er beðið var um að auki, til kostnaðar, er hafa þyrfti við ýmsar lögregluráðstafanir, er fyrir kynnu að koma í Reykjavík. Það er og mjög líklegt, að skipa þurfi að minnsta kosti einn lögregluþjón á hverjum hinna verzlunarstaðanna, þar sem útlend skip eiga fyrst að koma, eða að minnsta kosti á sumum þeirra.

Nú þarf fè til þess að koma á ráðstöfunum þeim, sem hèr hefur verið um rætt; reyndar er ekki, nú sem stendur, hægt að til greina nákvæmlega hve mikið, en ætla má, að það nemi eigi meir en fáeinum hundruðam ríkisdala í hverju amti. Með því nú að kostnað þenna leiðir af leyfi því, er með lögum 15. aprílm. í fyrra er veitt útlendum þjóðum til þess að sigla til Íslands, þá er það sjálfsagt, að hann eigi verður talinn með almennum gjöldum ríkisins, og hlýtur því sá landshluti að bera hann, sem það er til nota, að verzlunin er látin frjáls. Verzlunarfrelsið er og veitt eptir innilegri ósk Íslendínga, og það er því minni vafi á því, að þeir muni fúslega taka að sèr kostnað þenna, sem ráðstafanir þær, er áður er um getið, eingaungu verða þeim í hag og þeim til verndar.

Af þessum ástæðum hefur verið samið frumvarp það, sem er hèr á undan, til opins brèfs, um það hvernig greiða skuli kostnað þenna, í því skyni að leggja það fyrir alþíngi, er haldið verður í sumar.

Um efni þessa opna brèfs skal þess enn að eins getið, að í Reykjavík verður sjálfsagt að greiða kostnað þenna úr bæjarsjóðnum, því þar er þegar komin stjórn sèr á bæjarmálefnum, en hinu sama verður eigi við komið á hinum verzlunaratöðunum, þar sem eingin slík stjórn er, og einginn sjóður, er taka megi kostnaðinn úr;

þess vegna er það ákveðið í 1. gr. frumvarpsins, að greiða skuli kostnað þenna úr jafnaðarsjóði hvers amts; og má ætla, að með þessu móti verði mönnum hann lítt tilfinnanlegur.

Þess er áður getið, að, nú sem stendur, verði eigi nákvæmlega til greint, hve mikill kostnaðurinn muni verða; en á hinn bóginn er nauðsyn til, að koma nú þegar á sumum af ráðstöfunum þeim, sem áður hefur verið um rætt; er stjórninni því í 2. grein frumvarpsins áskilið, að mega ákveða til bráðabyrgða, hvað telja skuli með nauðsynlegum kostnaði, og sjá um, að það verði borgað úr sjóðum þeim, sem það eiga að greiða; en alþíngi aptur á móti verði gefið færi á, að segja álit sitt um þetta efni, áður en nokkuð verður að fullu ákveðið um það, hvernig greiða beri kostnað þenna um eptirkomandi tíð.

IV.

# Frumvarp

til

opins brèfs, um að stofna byggíngarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri.

---

1. gr.

Á verzunarstaðnum Akureyri skal stofna byggíngarnefnd. Í henni skulu vera þessir menn: sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, tveir menn af íbúum verzlunarstaðarins, er kosnir sèu, með umsjón sýslumannsins, af þeim, er lóð eiga á verzlunarstaðnum, og enn tveir af íbúum verzlunarstaðarins, er amtmaðurinn álítur til þess hæfa; og á hann öðrum fremur að nefna til þess þá menn, er bera skyn á húsasmíði, ef til eru.

2. gr.

Sèrhver sá, sem náð hefur fullum lögaldri, og hefur óflekkað mannorð, og ekki er sviptur umráðum fjár síns, á rètt á því, að taka þátt í kosníngu til byggíngarnefndarinnar, og er kjörgeingur til hennar, ef hann á trèhús eða steinhús (kaupstaðarhús) á lóð verzlunarstaðarins; þó mega verzunarstjórar kjósa og verða kosnir, þegar yfirboðarar þeirra eru fjærverandi, þó þeir eigi sjálfir sèu húseigendur.

3. gr.

Nefnd þessi á hèr eptir, samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm. 1786, 5. gr., að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja skal, svo og til garða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð verzlunarstaðarins; og einnig til jurtagarða, en til þeirra má þó að eins taka brekkuna. Til þessa þarf eptir á að fá samþykki hjá amtmanni. Síðan lætur sýslumaður mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aptur til verzlunarstaðarins.

Til þess verzlunarstaðurinn hèr eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur með samþykki amtmannsins að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætin; á sýslumaðurinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er hann einn áður hefur mælt út; skal svo nefndin rita þær í sèrstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, sem leiðir af því að útvega bók þessa, og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja við þurfa til að rita í gjörðir sínar og brèf, skal til bráðabyrgða greiða úr jafnaðarsjóði amtsins, þángað til verzlunarstaðurinn sjálfur kann að eignast sjóð út af fyrir sig.

4. gr.

Til þess að koma á betri reglu um húsabyggíngar á verzlunarstaðnum, og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að geta þess, er nú skal greina:

A. Ef nefndinni þykir þurfa að breiðka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sèrhver sá, sem úthlutuð hefur verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný, að færa það aptur á við, eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það af verzlunarstaðnum; skal nefndin, með samþykki amtmannsins, meta það eptir stærð og verði alls byggíngarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefur orðið fyrir, við það að af því hefur verið tekið, eður hús flutt aptur á við, og jafna því niður á innbúa verzlunarstaðarins þannig, að helmíngurinn komi á hina eiginlegu húseigendur, eptir flatamáli húsa þeirra, en helmínginn greiði allir þeir, er lóð hafa feingið úthlutaða, eptir stærð lóðar þeirrar, er hver hefur feingið, án þess tillit sè haft til þess, til hvers hún hefur verið notuð.

B. Þess ber grandgæfilega að gæta, þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau, sem í grennd eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eður aðrar girðíngar, þær er skjótlega mætti niður brjóta, ef húsbruni kæmi fyrir.

C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarka-

línu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggíngarlag hússins bæði að utan og innan, til tryggíngar mót húsbruna. Um þetta skal síðan leita samþykkis amtmanns. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess, svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum, og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grannt reglum þeim, sem þeim eru settar.

D. Sèrhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta gömlu húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar, er sèu samþykktar af amtmanni, um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hèr á undan.

E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sè gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bætur frá 5 rdl. til 25 rdl. til fátækra á þeim stað, eptir úrskurði lögregludómsins; hinn fyr nefndi verður einnig að sæta því, að húsið sè rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álítur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal sýslumaður, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefur eigi verið útvegað, undir eins banna, að halda því áfram. Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin eða amtmaðurinn hefur sett honum um byggíngu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hèr að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka bæturnar allt að 2 ríkisdölum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim er settar voru.

5. gr.

Það, sem ákveðið er í reglugjörð þessari, skal einnig gilda um hús þau á lóð verzlunarstaðarins, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

## Ástæður
fyrir
frumvarpi þessu.

Amtmaðurinn yfir Íslands Norður- og Austur-amti hefur, að undirlagi stjórnar innanríkismálefnanna, samið og sent frumvarp til opins brèfs um að stofna byggínganefnd á Akureyri; er opið brèf 29. maím. 1839, um byggínganefnd í Reykjavík, lagt til grundvallar fyrir frumvarp þetta, þó með ýmsum breytíngum og viðaukum, er virtust nauðsynlegir, eptir því sem til hagar á áður nefndum stað. Þótti amtmanni það æskilegt, og í vissu tilliti jafnvel nauðsynlegt, að slík nefnd yrði stofnuð svo fljótt sem kostur væri á, og hefur hann í því tilliti getið þess, að skömmu eptir að verzlunin íslenzka var látin frjáls, hafi 20. aprílm. 1787 verið til tekin og mæld húsastæði handa Eyjafjarðar-kaupstað, er þá var stofnaður; hafi lóðin að nokkru leyti verið keypt á kostnað konúngs, eins og sjá megi af afsalsbrèfi dagsettu 19. ágústm. 1793; en lóð þá, er kaupstaðnum hafi verið ánöfnuð, og hentug hafi verið til verzlunar, hafi allt fram að árinu 1818, þá er regluleg mælíng var gjörð, smátt og smátt fáeinir kaupmenn fyllt með íbúðarhúsum, geymsluhúsum, torfkofum, kálgörðum og fl. þess háttar, og hafi þetta verið staðfest árið 1821, með reglulegum mælíngabrèfum, er samin hafi verið að tilhlutun yfirvalds þess, er hlut átti að máli. Amtmanni þykir nú reyndar vera lítil von til þess, að ná megi aptur nokkru af þeirri lóð, sem aðrir þannig eru búnir að taka undir sig; en því meiri ástæða sè til þess að fara sparlega með hið litla svæði,sem enn er óbyggt eptir, einkanlega að sunnanverðu við verzlunarstaðinn. Auk þessa getur amtmaður þess, að yfirvöldin hafi, þángað til núna seinustu árin, að eins lítið skipt sèr af húsabyggíngum á verzlunarstaðnum, og hafi af því leitt, að það sè eins og húsunum sè hreytt hverju innan um annað, án þess nokkurri röð eða reglu hafi verið fylgt í þessu, og sè því staðnum mikil hætta búin af húsbrunum.

Með því stjórnin nú einnig áleit það æskilegt, að stofnuð væri byggínganefnd á Akureyri, er kaupverzlun eykst þar, og fólksfjöldi fer vaxandi, þá hefur verið búið til frumvarp það, sem hèr er á undan, til opins brèfs um það að stofna slíka byggíngarnefnd; er það að mestu leyti samið eptir frumvarpi því, er amtmaður sendi híngað, þó með nokkrum breytíngum, og skal nú fara fáeinum orðum um hverja af greinum þess:

Við 1. gr.

Hèr er stúngið upp á því, að byggínganefndin sè skipuð á sama hátt, eins og byggínganefndin í Reykjavík, eptir opnu brèfi 29. maím. 1839, 1. gr., þó er eldsvarnarforstjóranum sleppt, af því á Akureyri er einginn eldsvarnarstjóri. Þar er eigi heldur nein bæjarstjórn, eða bæjarfulltrúar, og verður því að láta húseigendur í verzlunarstaðnum kjósa tvo af nefndarmönnum; að minnsta kosti verður svo að vera, þángað til ef kaupstaðastjórn gæti komizt þar á. Eptir þessu virðist einnig kosníngarrèttur og kjörgeingi í nefndina eiga að vera svo fáum skilmálum bundin, sem fremst má.

Við 2. gr.

Amtmaður stakk upp á því, auk þess sem tekið er til í greininni, að enn fremur skyldi heimta það, sem skilyrði fyrir kosníngarrètti, að hlutaðeigandi greiði útsvar til fátækra, og hafi ekki þegið sveitarstyrk, sem enn sè ógoldinn. En þar eð kosníngarrètturinn eptir uppástúngu amtmannsins er bundinn við það, að eiga kaupstaðarhús, sem svo er nefnt, þótti það óþarft að bæta þessu skilyrði við.

Um kjörgeingi í byggíngarnefndina hafði amtmaðurinn aptur stúngið upp á því, að eigi skyldi heimta annað skilyrði fyrir henni, en fullan lögaldur og óflekkað mannorð; hafði hann í því tilliti getið þess, að á verzlunarstaðnum væri að eins einn embættismaður, einn lifsali, og fáeinir kaupmenn, en allur þorri innbúanna væru iðnarmenn og fátækir verkmenn, sem þurfi að nota allan tímann til að vinna fyrir lífsnauðsynjum sínum, og að það því muni veita torvelt, að fá duglega menn í nefdina, er beri skyn á það, sem til þess þarf. En eins og það er óbrotnast, að setja hinar sömu reglur um kjörgeingi, sem um kosníngarrètt, eins virðist það eðlilegast, að þessi sýsla, sem varðar húseigendur fremur en aðra, sè að nokkru leyti falin á hendur mönnum, er kosnir sèu úr þeirra flokki, og ef menn óttuðust, að með því móti yrði um of fáa að velja, þá ber þess að gæta, að amtmaðurinn eptir 1. gr. á að kjósa 2 af nefndarmönnum, og að honum er boðið að nefna til þess öðrum framar þá menn, er beri skyn á húsabyggíngar; geta þannig iðnaðarmenn, er ekki eiga hús, komizt í nefndina.

Við 3. gr.

Þessi grein er tekin úr frumvarpi amtmannsins, og er hún að mestu leyti eins og 2. gr. í opnu brèfi 29. maím. 1830. Breytíngar

þær, sem gjörðar eru, eru mjög litlar, og hafa tillit til landþreingslanna á Akureyri. Eptir opnu brèfi 28. desemberm. 1836, er eigi Akureyri frá þeim tíma kaupstaður, og hefur eigi kaupstaðarstjórn eða sjóð sèr, hefur því amtmaður álitið, að greiða mætti úr jafnaðarsjóði amtsins hinn litla kostnað, sem um er getið seinast í greininni, og þarf til að útvega embættisbækur og annað þess konar, og hefur stjórnin fyrir sitt leyti ekkert á móti því, þó sjálfsagt með því móti, að verzlunarstaðurinn beri kostnað þenna, ef kaupstaðarstjórn kemst þar á.

Við 4. gr.

Þessi grein, sem að mestu leyti er samkvæm 3. gr. í opnu brèfi 29. maím. 1839, er tekin úr frumvarpi amtmannsins; þó ber þess að geta, að rèttast hefur þótt, að sleppa fáeinum ákvörðunum, er hann hafði við bætt í köflum greinarinnar B og C, og teknar voru úr húsbrunatilskipun fyrir sveitahèruð í Danmörku, dags. 29. febrúarm. 1792 1., 2. og 9. gr.; því ekki þóttu þær við eiga í þessu frumvarpi. Viðvíkjandi ákvörðun þeirri, er stendur í kafla greinarinnar A, að eigendur hinna eldri húsa sèu skyldir til, þegar þau eru byggð upp af nýju, móti tilhlýðilegu endurgjaldi að flytja þau aptur á við, eins og þarf til þess að breiðka strætin, þá hefur amtmaðurinn getið þess, að breytíng sú, sem hèr sè gjörð frá því, sem ákveðið er í opnu brèfi 29. maím. 1839, komi af því, að sum af hinum eldri húsum sèu mjög í vegi, þegar fara skal innan um verzlunarstaðinn, og hljóti því að flytja þau, þegar þau verði byggð upp aptur, og hefur hann einnig álitið, að sanngjarnast væri að greiða endurgjald það, sem um er getið, á þann hátt sem hèr er á vikið. Það, sem ákveðið er seinast í kafla greinarinnar E, stendur reyndar í nánu sambandi við ákvarðanir þær, er amtmaður stakk upp á að teknar væru úr húsbrunatilskipuninni 29. febrúarm. 1792, en sleppt hefur verið í þessu frumvarpi; en með því það virðist í sjálfu sèr eiga vel við, hefur það hèr eigi verið úr fellt.

Við 5. gr.

Þessi grein er samkvæm 4. grein í opnu brèfi 29. maím. 1839, og virðist ekkert vera að athuga við hana.

V

# Uppástúnga

um það,

hvernig lagfæra megi jarðamatið á Íslandi.

---

Eptir að jarðamat það, sem gjört var á Íslandi 1849 og 1850, hafði verið lagt fyrir alþíngi 1853, til þess að það segði álit sitt um það, hvað gjöra skyldi, til þess að koma máli þessu í betra lag, hefur alþíngi í álitsskjali sínu látið í ljósi það álit sitt, að það sèu reyndar svo margir og miklir gallar og ósamkvæmni á jarðamati þessu, að það verði ekki haft, eins og það er, til að gjöra nýja jarðabók yfir Ísland eptir því, en þó mætti laga svo galla þessa, þó þeir sèu miklir, að fá mætti úr því viðunandi jarðamat. Það er í þessu tilliti einkum tekið fram, að með einstökum undantekníngum, þá sè, yfir höfuð að tala, sæmilegur jöfnuður á jarðamatinu ekki að eins í hverjum hrepp út af fyrir sig, heldur einnig milli hreppanna í sömu sýslu. Þessi kostur, sem hið nýja jarðamat hefur fram yfir jarðamöt þau, sem áður hafa verið gjörð í landinu, og sem kemur af því, að matið í hinum einstöku hreppum og sýslum er gjört af hinum kunnugustu og greindustu mönnum, og hèr um bil eptir sömu grundvallarreglum, er eptir áliti alþíngis svo mikilvægur, að ekki þykir ráð að ónýta allt jarðamatið, sem gjört hefur verið, og hefur þíngið því, einkum af þessari ástæðu, mælt með því, að reynt væri að laga þá galla og misfellur, sem eru á jarðamatinu.

Einn slíkur aðalgalli, sem endilega þyrfti að laga, áður en jarðamatið yrði notað til þess að byggja á því niðurjöfnun skattgjalda eptirleiðis, er mismunurinn á jarðamatinu í sýslunum sín á milli, og kveður alþíngi mismun þenna svo mikinn, að jarðir sèu í nokkrum sýslum þannig metnar í samanburði við afgjöld þau, sem nú eru á jörðunum, að afgjöldin svari í nokkrum sýslum til 4 af hundraði, en aptur á mót í sumum til 9—12 eða meira af hundraði af matsverði jarðarinnar.

Því næst hefur þíngið skýrt frá, að það sèu einstaka hreppar, þar sem jarðamatið muni ekki vera sem bezt samhljóða sín á milli, og nær þetta einkum til jarðamatsins í Snæfellsnessýslu, Dala- og Barðastrandar-sýslu, ýmsra hreppa í Suður-Múlasýslu og nokkurra einstakra í Norður-Múlasýslu.

Að síðustu hefur alþíngi bent á, að ýmisleg aðferð hafi verið höfð á ýmsum stöðum, þegar meta skyldi:

1. *Bændakirkjueignir,* þar eð sumir matsmenn hafa dregið prestsmötuna frá, þegar þeir möttu slíkar jarðir, en aðrir hafa ekkert tillit haft til hennar.
2. *Kúgildi jarða,* þar eð sumstaðar hefur verið haft tillit til leigunnar af þeim, en sumstaðar ekki.
3. *Höfuðból* og *hjáleigur,* sem á sumum stöðum hefur verið metið saman, en sumstaðar sitt í hvoru lagi.
4. *Hlunnindi jarðanna,* sem víða eru metin eptir misjöfnum mælikvarða, og er það um leið sèr í lagi tekið fram, að það sè mjög óvíst, hvort og að hve miklu leyti matsmenn hafi haft nokkurt tillit til hinna svo nefndu húsmannatolla á sjávarjörðum.
5. *Áföll* og *rýrnun,* sem jarðirnar geta orðið fyrir.

Eptir að alþíngi hefur farið mörgum orðum um ýmsa aðferð, er hafa mætti til að laga jarðamatið, hefur það álitið það bezt ráð til þess að bæta úr ósamkvæmni þeirri og göllum, sem á jarðamatinu eru, að sett yrði þriggja manna nefnd í Reykjavík, er skyldi hafa þann starfa á hendi, bæði sjálf að laga þessa galla, að því leyti sem hún getur um þá dæmt, og, þegar það verður ekki gjört, án þess nákvæmari skýrslur fáist, að vera sèr þá úti um þær, bæði hjá sýslumönnum, amtmönnum, prófôstum og biskupi, og líka frá ýmsum hèruðum landsins fjær og nær, og hefur alþíngi í því skyni stúngið upp á, að nefnd þessari sè leyft að kjósa sèr 3 menn í hverju amti, Vesturamtinu og Norður- og Austur-amtinu, og 1 í Suðuramtinu, ef þurfa þætti, til þess að fá hjá þeim þær skýrslur, er nauðsyn þætti til bera, bæði um almennt ástand einstakra sveita og hèraða og um hinar ýmislegu reglur og aðferð, er jarðamatsmenn hafa við haft í ýmsum sýslum, o. s. frv. Að endíngu hefur alþíngi þótt nauðsynlegt, að nefndin, þegar svo stendur á, ferðist annaðhvort sjálf eða sendi mann til einstöku hèraða til að leyta eptir nauðsynlegum skýrslum.

Um aðferð þá, er nefndin skuli hafa til að leysa ætlunarverk

sitt af hendi, hefur alþíngi einúngis getið þess, að laga skuli jarðamatið eptir þeirri grundvallarreglu, sem innanríkisstjórnin hafði komið fram með, „tekjum þeim, sem gjöra má ráð fyrir af jörðunum, eins og tekjur þessar verða fundnar eptir öllum skýrslum, sem geta feingizt um það“; en að öðru leyti hefur þíngið ekki stúngið upp á neinum nákvæmari reglum um það, hvernig fylgja skuli þessari aðalreglu, hvorki sèrstökum eða almennum, en hefur álitið það víst, að reglur þær, sem nefndin setur sèr til að lagfæra jarðamatið eptir hinum áður nefnda aðalmælikvarða, verði bæði almennar, og líka verði þeim alstaðar fylgt á einn veg, hvort sem nefndin sèr sèr fært að gjöra þessar leiðrèttíngar sjálf, eða hún, þegar ekki verður hjá því komizt, lætur aðra gjöra það, á þeim stöðum, þar sem hún getur ekki sjálf verið við störf þessi, en það fljóti þó af sjálfu sèr, að þessari aðalreglu verði ekki fylgt, þegar lagfæra skal matið á bændakirkjujörðum, kúgildum og öðru því, sem áður er talið nr. 1 til 5.

Eins og nú stjórnin viðurkennir, að alþíngi auðsjáanlega hefur látið sèr mjög annt um þetta mál, er svo miklu varðar fyrir Ísland, og gjört sèr sannarlegt far um að fá það leitt til lykta á bezta hátt, eins hlýtur hún einnig að vera þínginu samdóma í því, að það væri mjög hraparlegt, ef jarðamat það, sem gjört hefur verið, yrði með öllu ónýtt, þar sem þó má álíta, eptir því sem alþíngi hefur sjálft viðurkennt, að það yfir höfuð að tala sè gjört með mikilli alúð í hverju einstöku hèraði, og það því, hvernig sem á er litið, að þessu leyti getur orðið til allmikils gagns, og hefur kostað landið ærið fè. Þegar nú auk þessa er til greina tekið, að ef meta ætti á ný alla fasteign í landinu, þá stæði það yfir í mörg ár, hvernig sem að því væri farið, og leiddi af sèr afarmikinn kostnað, án þess nein vissa væri fyrir því, að betri árángur yrði af því, en þessu seinasta mati, þá hyggur stjórnin, að ástæða sè til, að taka uppástúngu alþíngis til greina, að því leyti sem hún lýtur að því, að reynt sè að lagfæra jarðamatið.

Stjórninni þykir einnig vel henta að fela aðalumsjón með þessum störfum á hendur þriggja manna nefnd í Reykjavík, en aptur á mót þykir það hafa illa tiltekizt, að nefnd þessari er ekki, eptir uppástúngu alþíngis, feingið í hendur neitt vinnandi verk. Nefndin á sumsè, eins og áður er sagt, að laga jarðamatið svo, að bætt verði úr bæði aðalgallanum, ósamkvæmni þeirri, sem er á matinu í sýslum sín á milli, og hinum minni göllum í hverri sýslu fyrir sig, og hafa fyrir reglu við leiðrèttínguna: *„tekjur þær, er notun jarðarinnar*

*getur gefið af sèr*", en alþíngi hefur ekki færzt í fáng að segja fyrir, *hvernig* þetta verði fundið, en hefur sett hinum þremur nefndarmönnum í sjálfs vald bæði þetta og alla aðra meðferð málsins, og eiga þeir þó ekki að ferðast um allt landið, heldur einúngis fara stöku sinnum á einstaka stað. Um sjálfa hina nýju grundvallarreglu er það að segja, að það getur að sönnu verið, að hún taki hinni aðalreglunni fram, er áður var höfð, að því leyti, að hún er án efa auðskyldari alþýðu, en þó ber þess að gæta, að hún í rauninni, eins og sýnt var í umræðunum á alþíngi, er mjög náskyld hinni, sem áður var við höfð, þar eð fjöldi matsmanna hefur án efa sett *kaupverðið* 25 falt við notkunarverð eins árs.

Eptir uppástúngu alþíngis átti nefndin enn fremur í Reykjavík að yfirfara allar jarðamatsbækurnar og finna, hvað af matinu þyrfti að lagfæra, og síðan útvega skýrslur þær, er þyrftu til að lagfæra það, hjá fulltrúum þeim, er hún kysi sjálf til þess út um landið, hjá embættismönnum og með því, að nefndarmenn ferðist einstöku sinnum sjálfir. Það liggur nú í augum uppi, að þessi aðferð til að fá þær skýrslur, er laga skal jarðamatið eptir, eptir uppástúngu alþíngis verður bæði *ólík*, opt sniðin eptir hvers eins hugþótta, og yfir höfuð að tala eingan veginn eins áreiðanleg eins og þau skýrteini, sem þegar eru feingin með störfum hinna skynsömustu manna; en aðalgallinn á uppástúngu þessari er þó sá, að ekki er bent á *neina aðferð til að finna, hvað af jarðamatinu* þarf lagfæríngar við, og eingin viss regla sett til að jafna hinn mikla mismun, sem á matinu er, einkum í sýslunum sín á milli. Eptir umræðunum á alþíngi eru nefnilega eingan veginn líkindi til, að í öllum jarðamatsbókunum finnist þvílíkar skýrslur um matníng jarðanna, og aðferð þá, sem höfð hefur verið, að nefndinni í Reykjavík, sem ekki getur þekkt nógu vel til á öllum stöðum í landinu, verði falið á hendur, að skera úr, *hverja hreppa* skuli meta upp aptur; eins og án efa mætti álíta það isjárvert, að gefa nefndinni vald til að ráða til lykta lagfæríngu á matinu í sýslunum sín í milli eptir því, sem næst verður komizt af hinum ófullkomnu skýrslum og upplýsíngum, sem feingnar yrðu með því móti, sem áður er sagt, og það þess heldur, sem næstum öllu matinu þá yrði töluvert að breyta, hækka eða lækka, til þess að koma á þeim jöfnuði, sem þörf er á.

Stjórnin álítur því, að nauðsyn beri til, að verkefni nefndarinnar sè nákvæmar takmarkað og ákveðið, með því að taka það fram, er hún á að starfa og tilgreina þá aðferð, er hafa skal til að gjöra

þessa lagfæríng á jarðamatinu, og þegar nú skal skýrt frá áliti stjórnarinnar um, hvernig þessu megi verða bezt framgeingt, ber að aðgreina það tvennt:

*A.* Lagfæríngu á jarðamatinu í hinum einstöku sýslum; og

*B.* Jafnaðargjörð á mismun þeim, sem er á jarðamatinu í sýslunum sín á milli.

**Ad A.** Hèr kemur fyrst til umtals, að hve miklu leyti jarðeigendur geti heimtað, að lagfært sè matið á *einstökum jörðum.* En með því endurskoðun á matinu hefur alstaðar verið gjörð samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, svo að hlutaðeigendur gátu haft færi á að kæra, þá virðist, að þeir geti nú ekki krafizt þess konar breytínga á matinu, sem þeir hafa annaðhvort ekki komið með áður, eða sem ekki hefur verið fallizt á við endurskoðun matsins eptir tilskipun 27. maí 1848, 4. gr., og reglugjörð fyrir yfirmatsmenn 1. septemb. s. á. seinast í 3. gr. Ef öðruvísi væri að farið, mundi leiða af því endalausar vífileingjur og allt of mikinn kostnað; og ber þess einnig að gæta, að *fullkomnum jöfnuði* á matinu á hverri einstakri jörð verður aldrei náð, hvernig sem virt er, þegar meta skal nokkur þúsund jarðir. En eins og það er sjálfsagt, að þegar sjálf jarðamatsgjörðin ber það með sèr, að skakkt er farið í mati einstakra jarða, þá á nefndin af sjálfsdáðum að lagfæra það, eins hlýtur það að vera hlutaðeiganda jarðeiganda heimilt að benda nefndinni á galla þann, sem á matinu er, til þess að hann verði lagfærður, ef hann sèst af sjálfri jarðamatsgjörðinni.

Þar á móti verður að meta upp aptur þar, sem álíta má, að rángt sè matið í *einstökum hreppi fyrir sig í einhverri sýslu,* sökum þess að matsennirnir hafa beitt ránglega reglu þeirri, sem gefin er í tilskipun 27. maí 1848 um, að meta jarðirnar eptir söluverði þeirra, *og gagnstætt því, sem fylgt hefur verið við jarðamatið annarstaðar í sýslunni,* þar sem rètt er að farið. Eins verður að meta upp aptur, ef móti von í heilli sýslu hefur verið höfð þvílík raung aðferð, frábrugðin þeirri, sem ákveðin er í áður nefndri tilskipun, er virðist að hafa haft töluverð áhrif á jarðamatið.

Það er nú varla gjörandi að fela nefndinni í Reykjavík úrskurð á þessu, þar það er ekki ætlandi, að hún þekki svo vel til alstaðar á landi, eins og þörf væri á til þess. Þegar aptur á móti er til þess litið, að á alþíngi er fulltrúi úr hverri sýslu á landinu (nema, ef til vill, frá Vestmannaeyjum, sem ekki getur komið til greina, þar eð allar jarðir þar eru ríkiseign), virðist það eðlilegast, að það

væri falið alþíngi — og mætti þá, ef þörf gjörðist, leingja nokkuð alþíngistímann —, að takast þenna starfa á hendur, og mætti gjöra það á þann hátt, að hinir *kosnu* alþíngismenn úr hverju amti geingju í nefnd til að rannsaka jarðamatsgjörðirnar fyrir alla hreppa í umdæminu, og bæru svo undir úrskurð alls alþíngis, hverja hreppa skyldi meta upp aptur.

Við þetta ynnist, að úrskurður sjálfs alþíngis yrði feinginn um þetta merkis-atriði, og yrði þannig líka gjört um það miklu fljótar en annars yrði, og að þíngið feingi á þenna hátt yfirlit yfir jarðamatið í öllum sýslum landsins og kynntist þannig öllu ásigkomulagi málsins, eins og æskilegt er. Nefndin feingi þá líka undir eins að vita, hverja hreppa á að meta upp aptur og ástæðurnar fyrir því, og gæti hún þá undir eins byrjað á störfum sínum og þyrfti ekki annað en til leiðbeiníngar, þegar meta skal upp aptur, að senda eptirrit af jarðamatsbókunum fyrir þá hreppa, sem alþíngi hefur ákveðið að meta skuli upp aptur.

Ef nú samt alþíngi litist ekki að hafa þessa aðferð, þá yrði að fela hverjum amtmanni á hendur á fundi, er haldinn væri hjá honum, ásamt kunnugum manni úr *hverri sýslu,* er til þess væri kosinn, að yfirfara jarðamatið í hverjum hreppi og ákveða síðan, hverja hreppa skuli meta upp, og yrði þá atkvæðafjöldi að skera úr því. Alþíngi skal heimilt, ef það vill, sjálft að velja þessa menn fyrir sýslurnar, og ætti þessi kosníng þá að fara fram fyrir þínglok, en annars skal amtmaðurinn gjöra það, þó ætti að sneiða hjá, að kjósa til þess neinn af þeim mönnum, er hafa starfað að hinu fyrra jarðamati eða að yfirmatinu.

Verði þessi aðferð höfð, þarf samt að senda amtmanninum allar jarðamatsbækur fyrir hvert amt og getur nefndin þá ekki tekið til starfa, fyrri en úr því er skorið á þenna hátt, hverja hreppa skuli meta á ný og jarðamatsbækurnar eru sendar henni aptur.

Þegar þá er búið að skera úr því, hverja hreppa skuli meta upp aptur á einhvern þann hátt, sem nú var getið, ætti amtmaðurinn í hverju umdæmi að nefna til 5 menn aðra en þá, sem verið hafa í fyrra yfirmatinu, til þess, samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 4. gr., undir umsjón sýslumannsins, að meta upp aptur þessa einstöku hreppa í sýslunni, eptir hinni áður nefndu reglu: „25 falt verð móti tekjum þeim, sem notkun jarðarinnar gefur eiganda", og ætti yfirmat þetta líka að skýra frá, í hverju það mismunar frá hinu fyrra mati. Þessir menn ættu þá að hafa þá fæðispenínga, sem til

er tekið í tilskipun 27. maí 1848, 6. gr. Að öðru leyti má það ætla, að þetta verði ekki mjög mikið verk, þar eð matið í hverri sýslu, eptir sögn alþíngis, er yfir höfuð að tala allvel gjört, og þarf ekki umbótar við nema á stöku stöðum.

Eptir að þannig er búið að meta aptur í hinum einstöku hreppum, skal sýslumaðurinn senda jarðamatsgjörðina til amtmanns, er þá sendir hana ásamt áliti sínu til nefndarinnar í Reykjavík, og skal nefndin síðan setja *víst verð á jarðirnar í hreppum þeim, er metnir hafa verið upp aptur, eptir öllum þeim skírteinum, gömlum og nýjum, er þannig eru feingin, samkvæmt hinni áður nefndu almennu reglu.*

Auk starfa þess, er nefndin þannig hefur, ætti hún einnig að laga allar þær misfellur, sem sjá má af sjálfum jarðamatsgjörðunum. Þar sem alþíngi einkum hefur bent á, að ólík aðferð hafi verið höfð á matinu á prestsmötunni, kúgildum, hjáleigum, o. s. frv., ætti nefndin fyrst að koma sèr saman um vissa aðferð, og lagfæra síðan það, sem þarf, þar sem raung aðferð auðsjáanlega hefur verið höfð. Það er auðvitað, að nefndin ætti beinlínis sjálf að laga þessa galla, þar sem hún hefði nægar skýrslur í höndum til að gjöra það, en þar sem þær vanta, ætti nefndin að geta heimtað, að bætt væri um hið eldra jarðamat með yfirmati eptir tilsk. 27. maí 1848, 4. gr., og skyldi þar farið eptir þeirri aðferð, er nefndin hafði fallizt á.

Þegar þessum störfum er lokið, má ætla, að leiðrètt sè jarðamatið í hverri sýslu fyrir sig.

**Ad B.** Þó að það nú tækist, sem vonandi er, að koma jöfnuði á jarðamatið milli hreppanna sín á milli í sýslunum hverri fyrir sig með þeirri aðferð, sem hèr er stúngið upp á, er þó ekki náð aðaltilgángi jarðamatsins, þeim, *að fá nýja áreiðanlega jarðabók fyrir allt landið,* er byggja mætti á greiðslu opinberra gjalda, fyrri en misjöfnur þær milli sýslnanna, sem áður er getið, eru lagfærðar. Alþíngið hefur, eins og áður er sagt, ekki lagt neitt ráð við, til að leysa úr þessum vanda, er það án efa hefur ætlazt til, að þegar búið væri að lagfæra jarðamatið í hverri sýslu fyrir sig, mundi nefndin geta komið rèttum jöfnuði á jarðamatið í sýslunum sín á milli, með því að hækka matið í sumum þeirra og lækka það í sumum, eptir því sem hún hefur bezt vit á og eptir öllum skýrslum þeim, er feingnar eru.

Það virðist nú þó liggja í augum uppi, að þess konar lagfæríng, sem gjörð er einúngis eptir álitum, yrði lángtum óáreiðanlegri

og meira að handahófi, heldur en ef höfð væri almenn regla, sem geingi eins yfir allt.

Þegar amtmaðurinn í Norður- og Austur-umdæminu sendi jarðamatsgjörðirnar í því umdæmi, benti hann á, að hafa mætti *afgjöldin, sem nú eru á jörðunum*, til þess að jafna með þeim jarðamatið, og tók hann það fram, að þó upphæðin á afgjöldunum svari ekki til gæða *hinna einstöku jarða*, mundi samt, þegar afgjöldin af öllum jörðum í hverju byggðarlagi fyrir sig eru lögð saman, upphæð allra afgjaldanna standa hèr um bil í sama hlutfalli við verðið á jörðunum í kaupum og sölum í einu byggðarlagi sem öðru, og mundi því upphæðin á afgjöldunum í hverri sýslu fyrir sig geta verið mælikvarði fyrir því, hvernig jafna eigi matsverðinu niður á jarðarhundruðin.

Þíngið hefur nú reyndar fært það til móti þessu, að ef þessi mælikvarði væri hafður, yrði að álíta það tvennt gefið, sem eingan veginn er það, fyrst: að jafngóðar jarðir væru með nálægt því jafnháum leigumála alstaðar á landinu, og í annan stað: að aðalregla sú fyrir jarðamatinu, sem til er greind í tilsk. 27. maí 1848, þ. e. „sanngjarnt verð jarðarinnar í kaupum og sölum", hafi verið við höfð eptir sömu skoðun og frá sama sjónarmiði alstaðar í landinu.

Það virðis nú samt, að hèr sè nokkur misskilníngur á, því hin áður neínda uppástúnga fer, eins og fyr er sagt, eingan veginn fram á, að afgjöld *einstakra jarða* sèu í neinum nákvæmum jöfnuði við gæði þeirra — því væri svo, hefði verið óbrotnast, að ákveða virðíngarverðið beinlínis eptir afgjöldunum og setja síðan dýrleik á jörðina eptir því —, heldur er það ætlað, að munur sá, sem er á leigumála á einstökum jörðum, þar sem eptirgjaldið er annaðhvort mjög mikið eða mjög lítið, geti ekki haft nein stórvægileg áhrif á **leigugjöldin í allri sýslunni,** þar eð ætla má, að mismunur þessi á of háum og of lágum leigumála jafni sig hèr um bil upp, þar eð fyrir því má án efa ráð gjöra, að menn *fylgi almennt* sömu reglum við byggíngu á jörðum í hinum ýmsu hèruðum landsins, og mun það því varla eiga sèr stað, að jarðir í einstökum sýslum sèu yfir höfuð byggðar annaðhvort mikils til of lágt eða mikils til of hátt, þó að svo kunni að vera um einstakar jarðir í sýslunni. Því verður ekki neitað, að menn geta ekki með þessari aðferð feingið *fullkominn jöfnuð* milli ýmsra hèraða, en um slíkan jöfnuð getur hèr ekki til mála komið, heldur að eins um þann jöfnuð, sem er nokkurn veginn nærri lagi, því annars yrði að sleppa öllu

jarðamatinu og láta eina og sömu menn meta á ný hverja jörð á landinu, og mundu gánga til þess mörg ár, og verða af því sá kostnaður, er landið gæti varla risið undir.

Það er því ætlað, að fela eigi nefndinni þann starfa á hendur, að semja skýrslu um upphæð á eptirgjaldi því, sem nú er á jörðunum í hverri sýslu, og í hverju hlutfalli það stendur við allt virðíngarverð það saman lagt, sem nú hefur verið sett á jarðirnar í sýslunni. Þetta getur ekki verið mjög fyrirhafnarmikið, af því að skýrslur eru til um upphæð eptirgjaldsins í skrám þeim, sem farið er eptir, þegar alþíngisskattinum er jafnað niður, og um prestsjarðir má hafa þá sömu aðferð, sem til er greind í umburðarbrèfi dómsmálastjórnarinnar 18. júlí 1848 um það, hvernig meta skal jarðargjöld af eignum þeim, sem jarðeigandi býr sjálfur á, þegar alþíngisskatt skal greiða.

Lagfæringuna á mismuninum milli sýslnanna sín á milli yrði þá að gjöra á þann hátt, að álíta öll núverandi jarðarafgjöld í sýslunni eins og leigu af matsverði allra jarðanna í henni til samans, og breyta svo virðíngarverðinu í sýslunum eptir jarðarafgjöldunum sem leigu af jarðeigninni, þegar búið er að finna upphæð þeirra. Þegar afgjald allra jarðanna í sýslu svaraði t. a. m. til 4 af hundraði af matsverði jarðanna í sömu sýslu, í annari til 3 af hundraði og í hinni þriðju til 5 af hundraði, o. s. frv., þyrfti ekki að breyta matsverðinu í hinni fyrstu sýslu, en í hinum ætti þá að lækka það eður hækka eptir afgjaldinu.

Að þessu búnu ætti alþíngið, samkvæmt tilsk. 27. maí 1848, 5. gr., að ákveða, hve mörg jarðarhundruð skuli koma á hverja sýslu, og er þá ekki svo mikið undir því komið, hversu stór hin nýja hundraðatala verður á öllu landinu, eins og því, að rèttur jöfnuður sè á hundraðatalinu á jörðunum sín á milli, og hefur því stjórnin ekkert á móti því, að haldið sè framvegis hinu gamla hundraðatali landsins. Aptur á móti virðist hið nýja hundraðatal ekki eiga að vera minna en það, sem nú er, einkum vegna þess að jarðartíundin er eitt hið helzta af tekjum prestanna, sem ekki mega verða minni en þær eru.

Að endíngu ætti nefndin, þegar hún væri búin með lagfæríngarnar undir stafl. A, að skipta niður hundraðatali því, sem verður í hverri sýslu, á jarðirnar eptir hinu lagfærða mati í hverri sýslu, og ætti með því öllu starfinu að vera lokið.

Þegar þannig væri búið að fá jarðabók fyrir allt landið, yrði málið síðan borið undir álit alþíngis, fyrri en það er lagt undir úrskurð konúngs.

VI.

# Lög

*um breytíngu á nafni peníngamyntar þeirrar, sem nú gildir, dags. 10. febrúar 1854*

(sem fylgdu konúnglegu álitsmáli, hver lagaboð ættu að ná lagagildi á Íslandi, af þeim, er út hafa komið í Danmörku á árunum 1853 og 1854).

1. gr.

Ríkisbánkamynt sú, sem lögboðin var með tilskipun, dagsettri 5. d. janúarm. 1813, skal upp frá þessu nefnast ríkismynt og dalir þeir, sem samkvæmt henni verða slegnir, 18½ úr hverri mörk hreins silfurs á kolnisvog, skulu heita ríkisdalir.

2. gr.

Allir hinir eldri innanlands-peníngar, og sömuleiðis brèfpeníngar, sem löglega gánga manna á meðal, skulu og framvegis vera gjaldgeingir eptir þeim reglum, sem híngað til hafa um þá gilt; þ. e. einn ríkisbánkadalur skal gilda eins og einn ríkisdalur, svo eða svo margir ríkisbánkaskildíngar eins og jafnmargir skildíngar ríkismyntar, o. s. frv.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

# VIÐBÆTIR,

## B.

## Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar,

sem út eru komnar, síðan alþíngi var slitið

1853.

---

I.

# Lög

um

siglíngar og verzlun á Íslandi.

---

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** af guðs náð Danmerkur konúngur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldenborg. *Gjörum kunnugt:* Lög þessi hefur ríkisþíngið fallizt á og Vèr staðfest með samþykki Voru:

1. gr.

Eptirleiðis skal öllum innanríkiskaupmönnum vera heimilt að taka utanríkisskip á leigu, og hafa til verzlunar sinnar á Íslandi, þó skulu þeir gæta þess, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Utanríkisskipum skal einnig leyft vera að hleypa inn á þessar hafnir á Íslandi: Reykjavík, Vestmannaeyjar, Stykkishólm, Ísafjörð, Akureyri og Eskifjörð, þó ekki hafi þegnar Danakonúngs leigt þau. Þó eiga skipstjórar, undir eins og þeir koma, að gefa lögreglustjóranum það til vitundar, og sèu þeir ekki útbúnir með tilhlýðileg heilbrigðis-skírteini, verða þeir að láta rannsaka heilsufar skipverja, og í öllu hegða sèr eptir því, sem yfirvaldið segir fyrir. En ekki mega þeir selja neitt af farminum nè kaupa aðrar vörur en þær, sem skipverjar þurfa sjálfir til nauðsynja sinna eða skips síns, fyrri en þeir hafa fullnægt skilmálum þeim, sem settir eru til að geta verzlað, og einkum útvegað sèr íslenzkt leiðarbrèf, og skal yfirvaldið hafa vandlega gætur á þessu.

3. gr.

Svo skal einnig utanríkismönnum leyft vera hèðan í frá að sigla upp öll löggild kauptún á Íslandi og verzla þar. Þó eiga öll utanríkisskip, sem koma beinlínis frá útlöndum, að koma fyrst inn á einhverja af höfnum þeim, sem nefndar eru í 2. grein, áður en þau sigla upp aðrar hafnir á landinu, svo að þess verði gætt, sem boðið er í tèðri grein. Einnig mega utanríkismenn eins og innanríkismenn

flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og eins fara kaupferðir milli Íslands og annara landa Danaveldis, þó má ekki hafa utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni til vöruflutnínga, hvorki hafna á milli á Íslandi, nè milli Íslands og hinna hluta ríkisins. Að öðru leyti mega bæði utanríkis- og innanríkis-menn, án þess að vera bundnir við nokkurn tíma, selja vörur sínar eða leggja þær upp til sölu hjá fastakaupmönnum á öllum löggildum kauptúnum á Íslandi, og eins verzla við landsbúa í 4 vikur, þó einúngis af skipi, á þann hátt, sem fyrir er skipað um verzlun lausakaupmanna, og má verzlun þessi ekki fara fram á landi, hvorki í byrgjum, húsum, tjöldum, nè nokkru öðru skýli.

4. gr.

Allir, hvort þeir eru innlendir eða útlendir, sem ætla að verzla á Íslandi, og flytja þángað eða þaðan vörur, eiga að kaupa íslenzkt leiðarbrèf fyrir hvert skip, er þeir hafa til slíkrar verzlunar, og hverja ferð. Á leiðarbrèfinu skal standa nafn skipsins, heimili þess og stærð, og einnig nafn skipstjóra, og skal útgjörðarmaður skipsins vitna, að þetta sè rètt, og hinn danski verzlunarfulltrúi, þar sem nokkur er, en annars yfirvaldið á utanríkisstöðum, eða tollheimturáðið á innanríkisstöðum staðfesta þann vitnisburð. Þegar leiðarbrèfið er keypt handa skipi, sem fer *til* Íslands, gildir það fyrir ferðina þángað, fyrir ferðir hafna á milli á Íslandi — ef skipið ekki um leið fer til annarar hafnar erlendis — og fyrir ferðina aptur til einhverrar hafnar fyrir utan Ísland.

Ef leiðarbrèf er keypt á Íslandi fyrir skip, sem annaðhvort á þar heima og fer þaðan, eða sem komið er til Íslands leiðarbrèfslaust, en er tekið á leigu af kaupmannni, sem býr þar, þá gildir leiðarbrèfið fyrir ferðina frá Íslandi og til Íslands aptur, ef skipið kemur aptur, áður en 9 mánuðir eru liðnir frá því, að það fór af stað. Þegar öðruvísi er ástatt, og leiðarbrèf er keypt á Íslandi, og einkum þegar skipstjóri, sem kominn er leiðarbrèfslaus, vill kaupa það, til þess að geta verzlað *fyrir sjálfan sig*, og flutt farm frá Íslandi, gildir leiðarbrèfið að eins fyrir þær ferðir, sem farnar eru hafna á milli á Íslandi, og fyrir ferðina frá landinu.

5. gr.

Íslenzk leiðarbrèf fást hjá stjórn innanríkismálanna, hjá hinum dönsku verzlunarfulltrúum í heldri kaupstöðum í Norðurálfunni, þeim er við sjó liggja, hjá lögreglustjórunum á þeim 6 höfnum á Íslandi, sem að framan eru nefndar, og hjá landfóetanum á Færeyjum.

Þegar búið er að nota leiðarhrèfin, og skipið ætlar til útlanda, skal skila þeim til lögreglustjórans á þeim stað á Íslandi, sem skipið fer seinast frá, en ef skipið fer til Danmerkur eða hertogadæmanna, til tollheimtumannsins á þeim stað, þar sem skipið leggur inn og segir til farms síns, og í Altóna til forseta bæjarstjórnarinnar.

6. gr.

Fyrir sèrhvert íslenzkt leiðarbrèf, sem gefið er út samkvæmt ákvörðunum þeim, sem getið er í 4. gr. laga þessara, skal greiða 2 rdl. gjald af hverju lestarrúmi í skipinu eptir dönsku máli, hvort heldur það er innlent eða útlent, og hvort heldur það hefur nokkurn farm eða ekki, eða hver farmur, sem á því er, og skal gjald það greiða, áður en leiðarbrèfið er látið af hendi.

Þar á móti er afnumið leiðarbrèfagjald það, sem áður hefur verið, gjald það, einn af hundraði, sem híngað til hefur verið greitt, þegar íslenzkar vörur voru fluttar úr Danmörku, og sömuleiðis gjald það, 2 rdl. 32 sk. af hverri lest, sem híngað til hefur verið greitt af þeim skipum, er flutt hafa vörur frá Íslandi til útlanda.

7. gr.

Ef skipið á heima í því ríki, þar sem lagður er hærri tollur á dönsk skip og farma þeirra en á þau skip, sem eiga heima í ríkinu sjálfu, ákveður konúngur, hvort og að hve miklu leyti borga skuli fyrir þau aukagjald til ríkissjóðsins fram yfir það, sem til er tekið í 6. gr. hèr að framan.

8. gr.

Hver sá utanríkismaður, sem frá útlöndum siglir til Íslands til verzlunar, skal auk leiðarbrèfs, hafa vöruskrá, sem skýrir greinilega frá farminum, og skal hún vera staðfest af hinum danska verzlunarfulltrúa, ef nokkur er þar, en annars af yfirvaldinu; sömuleiðis skal hann hafa fullgild skilríki fyrir því, að hvorki míslíngar, nè bóla, nè aðrar næmar sóttir gángi þar, sem skipið fer frá, eða meðal skipverja, og skulu skilríki þessi einnig vera staðfest af danska verzlunarfulltrúanum eða yfirvaldinu. Fyrir hvorn flokk um sig af staðfestíngum þessum, og eins fyrir þá, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara, á danski verzlunarfulltrúinn 6 sk. af hverri lest, sem skipið tekur, eptir dönsku máli. Slíka vöruskrá skulu einnig þau skip hafa meðferðis, sem eptir 2. gr. laga þessara vilja verzla með vörur, sem þau flytja til Íslands.

Skip þau, sem koma til Íslands frá tollstöðum í ríkinu, mega í stað vöruskrár nota tollskrá þaðan, sem þau fara, en dönsk skip,

sem frá útlöndum sigla til Íslands, verða að hafa vöruskrá og heilbrigðisskírteini, eins og áður er sagt um utanríkisskip.

Jafnskjótt og skipið hefur hafnað sig á Íslandi, skal sýna lögreglustjóranum bæði leiðarbrèfið og hin önnur skilríki, sem nú voru talin, og ritar hann á þau; á hann fyrir það 16 sk. af lestarrúmi hverju í skipinu eptir dönsku máli, ef skipið er að fullu affermt eða fermt innan hans lögdæmis, en ef skipið affermir eða fermir í höfnum, sem ekki liggja undir sama lögdæmi, skal greiða helmíng af tèðu gjaldi til lögreglustjórans á hverjum stað, þar sem skipið er affermt eða fermt. Á hverjum stað, þar sem nokkuð er fermt eða affermt, skal gefa lögreglustjóranum skýrslu um það. Allt, sem affermt er, skal rita á vöruskrána eða tollskrána, en á seinasta staðnum, sem skipið kemur á, skal skila þessum skjölum til lögreglustjórans, er sendir þau til stjórnar innanríkismálanna.

9. gr.

Öll afbrigði gegn reglum þeim, sem framan eru taldar, nema stórglæpir sèu, svo sem svik og falsan, varða 10 til 100 rdl. sektum til fátækrasjóðs á þeim stað, en sèu þau ítrekuð, þá tvöfalt meira, og má gánga svo eptir sektunum, að leggja löghald á skip og farm, og selja á uppboðsþíngi svo mikið af farminum, sem þarf í sektargjald og málskostnað.

10. gr.

Að öðru leyti eru þeir utanríkismenn, sem sigla til Íslands, skyldir að hegða sèr eptir lögum þeim, sem þar gilda, einkum að því er verzlun snertir, og á stjórn innanríkismálanna að sjá um, að prentað verði bæði á danska og frakkneska túngu ágrip af hinum helztu ákvörðunum um verzlunina á Íslandi, og skal festa ágrip þetta við sèrhvert íslenzkt leiðarbrèf. Sèrhver lögreglustjóri á Íslandi skal sjá um, að utanríkismenn gæti þeirra lagaboða, sem þá snerta.

11. gr.

Konúngurinn hefur í hyggju að ákveða gjör og birta þær breytíngar á forminu á því, hvernig fá megi og nota íslenzk leiðarbrèf, sem þörf er á, þegar öllum innanríkismönnum nú er leyft að taka utanríkisskip á leigu og utanríkismönnum að verzla á Íslandi, eptir því í hverju skyni leiðarbrèfið er veitt.

12. gr.

Lög þessi fá gildi 1. dag aprílmánaðar 1855.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í höll Vorri *Friðriksborg,* 15. dag aprílmánaðar 1854.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

II.

# Opið brèf

um það, að fastakaupmenn á Íslandi megi sigla á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún.

**Vèr Friðrik hinn sjöundi,** o. s. frv.

*Gjörum kunnugt:* Eptir þegnlegu frumvarpi alþíngis hefur Oss þóknazt að skipa fyrir á þessa leið:

Kaupmönnum þeim, sem hafa fasta verzlunarstaði á Íslandi, skal vera heimilt að sigla þaðan á aðra staði á landinu en hin löggildu kauptún, og ekki einúngis að flytja þángað vörur þær, er þeir hafa selt landsbúum á verzlunarstöðunum, heldur einnig kaupa þar íslenzkar vörur, og selja innbúum korn, steinkol, við, salt, tjöru, járn og hamp.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í höll Vorri *Friðriksborg,* 19. dag maímánaðar 1854.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

III.

# Auglýsíng

um

það, hvernig fá megi íslenzk leiðarbrèf.

Eptir fyrirmælum íslenzku siglínga- og verzlunar-laganna 15. dag aprílmánaðar 1854 hefur innanríkisstjórnin þegnsamlegast borið undir Hans Hátign konúnginn, að innanríkisstjórnin megi í umboði konúngs löggilda þau hin íslenzku leiðarbrèf, sem um er getið í 5. grein tèðra laga, og hefur Hans Hátign allramildilegast þóknazt að fallast á þessa uppástúngu og einnig, að leiðarbrèf þessi skuli vera svo látandi, sem greinir í formi því, sem fest er við auglýsíng þessa. Þeir, sem vilja fá íslenzk leiðarbrèf, skulu beiða þess brèflega eitthvert af yfirvöldum þeim, sem neínd eru í 5. grein í lögunum 15. apríl 1854, en víki þeir bón sinni til innanríkisstjórnarinnar, skal

rita bónarbèfið á stimplaðan pappír, 4. flokk Nr. 4; með brèfi þessu skal fylgja skýrsla frá útgjörðarmanni eða útgjörðarmönnum skipsins um nafn skipsins, heimili þess og stærð og einnig um nafn skipstjóra, eins og krafizt er í 4. gr. laganna 15. apr. 1854, og skal skýrsla þessi vera staðfest, eins og fyrir er mælt í hinni 4. grein, sem þegar var nefnd.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Stjórn Innanríkismálanna, 4. dag desembermánaðar 1854.

---

## Vi Frederik den Syvende, &. &.

Gjöre vitterligt: *at, eftersom islandsk Söpas er begjært for Skibet . . . . . . . . . . . . . . , der er bestemt til at afgaae fra . . . . . . . . til . . . . . . . . , og det paa den i Loven af 15de April 1854 § 4 bestemte Maade er godtgjort, at fornævnte Skib . . . . . . . . er hjemmehörende i . . . . . . , stort . . . . . . . . danske Commercelæster og fört af Skipper . . . . . . . . fra . . . . . . . . , samt da den i Loven af 15de April 1854 § . . fastsatte Afgift er erlagt med . . . Rdlr. Rigsmönt pr. dansk Commercelæst, i Alt med et Belöb af . . . . . . . . . . , saa byde og befale Vi Alle og Enhver af Vore Embedsmænd og Undersaatter, som dette Vort Pas forevises, at lade bemeldte Skib med dets indehavende Folk, Passagerer, Gods og Ladning passere, uden nogen Hinder, Ophold eller Molest i nogen Maade at gjöre.*

*Dette Söpas gjelder kun for de Reiser, Skibet i Overeensstemmelse með Loven af 15de April 1854 § 4 er berettiget til at foretage, og iövrigt bör Skivets Förer holde sig de i Lovgivningen indeholdte Bestemmelser om Benyttelsen og Tilbageleveringen af islandske Söpas nöie efterrettelig, og skal det navnligen som hidtil være forbudt, under nogensomhelst Paaskud at udlaane, bortleie, pantsætte, sælge eller under nogensomhelst Prætext at overlade et saadant islandsk Söpas til noget andet Skib.*

*Givet i Vor Kongelige Residentsstad Kjöbenhavn, den . . . 18 . .*

*Under Vort Kongelige Segl.*

*Efter Hans Kongelige Majestæts allernaadigste Befaling.*

*Islandsk Söpas*

*for Skibet . . . . . . . ,*

*fra . . . . . . . .*

---

IV.

# Opið brèf

um

fjölgun þíngataða í Árnessýslu.

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** o. s. frv.,

*Gjörum kunnugt:* að eptir að Vèr höfum meðtekið álitsskjal alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til fjölgunar þíngstaða í Árnesssýslu, hefur Oss þóknazt að skipa fyrir á þessa leið:

Í Árness-sýslu skal taka upp aptur hina fornu þíngstaði í hreppum þeim, sem hèr segir: á Nesi fyrir Selvogshrepp, Stokkseyri fyrir Stokkseyrarhrepp, Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjarhrepp, Stóru-Sandvík fyrir Sandvíkurhrepp, Vælugerði fyrir Villíngaholtshrepp, Hraungerði fyrir Hraungerðishrepp, Húsatóptum fyrir Skeiðahrepp og Stóranúpi fyrir Gnúpverjahrepp. Og skulu hreppsbúar í hverjum þessara hreppa skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þínghús, svo væn og rúmgóð, að ekki verði neitt að þeim fundið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í höll Vorri *Kristjánsborg,* 22. dag febrúarmánaðar 1855.

Undir Vorri konúglegu hendi og innsigli.

---

V.

# Opið brèf

um

bann gegn byssuskotum á sel á Breiðafirði á íslandi.

**Vèr Friðrik hinn sjöundi,** o. s. frv.

*Gjörum kunnugt:* Eptir þegnlegu frumvarpi alþíngis hefur Oss þóknazt að skipa fyrir á þessa leið:

Öll byssuskot á alls konar sel, af hverju kyni sem er, skulu hèðan í frá vera bönnuð fyrir innan línuna frá Bjargtaungum í Barðastrandarsýslu til Öndverðarness í Snæfellsnessýslu. Ef móti þessu er brotið, liggja við sektir og skaðabætur eptir tilskipun 20. júní 1849. 5., 15. og 16. grein.

Að öðru leyti stendur við það, sem fyrir er mælt í greindri tilskipun, um veiði á Íslandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Gefið í höll Vorri *Friðriksborg,* 22. dag marzmánaðar 1855.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

VI.

## Auglýsíng

um

aukagjald fyrir sum utanríkisskip, sem sigla til Íslands.

Eptir uppástúngu innnanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign konúnginum 22. dag þ. m. allramildilegast þóknazt að skipa svo fyrir samkvæmt lögunum um siglíngar og verzlun á Íslandi 15. dag aprílmánaðar f. á. 7. gr., að öll utanríkisskip, sem sigla til Íslands til verzlunar, nema þau, sem eiga heima í Stóra-Bretlandi eða Írlandi, eigi fyrst um sinn, frá 1. apríl þ. á. til 31. marz 1856, auk gjalds þess, sem til er tekið í 6. gr. í greindum lögum, enn fremur að greiða 2 rda. aukagjald af hverju lestarrúmi í skipinu eptir dönsku máli, nema því að eins, að fullgild sönnun verði færð fyrir því, að skip þegna Danakonúngs hafi fullkomið jafnrètti við innlend skip í því landi, þar sem skipið á heima, eða að það land eptir samníngi við hina dönsku stjórn sè undan þegið ákvörðuninni í 7. gr. í optnefndum lögum.

Þetta auglýsist þannig öllum, er hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Stjórn Innanríkismálanna, 24. dag marzmánaðar 1855.

VII.

## Tilskipun

um

sunnu- og helgi-dagahald á Íslandi.

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** o. s. frv.,

*Gjörum kunnugt:* Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt á-

litsskjal Vors trúa alþíngis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt, til tilskipunar um sunnu- og helgi-dagahald á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Á sunnudögum og öllum öðrum dögum, sem eptir lögum þeim, er nú gilda, á að halda heilaga, má, einkum um messutímann, einga ónauðsynlega vinnu vinna, og eingar almennar eða hávaðamiklar skemmtanir fara fram, fyr en eptir miðaptan, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum, sem til eru teknar í tilskipun þessari.

2. gr.

Á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., skal einginn starfa að utanbæjarvinnu, eða vinna þá vinnu neina, sem svo mikill skarkali verður af, að það trufli aðra í guðrækilegum hugleiðíngum þeirra. En eins og vinna sú, er lýtur að heimilisstörfum, eða sem menn stundum geta þurft við sèr eða öðrum til bjargar, er undan þegin áður nefndu banni, eins skal það ekki heldur bannað, að nota tíma þenna um heyskapartímann til að þurka hey og hirða það, þegar ekki má draga þenna starfa vegna veðurs eða af öðrum slíkum ástæðum. Fiskimönnum skal og heimilt á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., ekki einúngis að vinna að nauðsynlegum störfum, sem ekki mega dragast, til að bjarga veiðiskap sínum og veiðitólum, heldur skal þeim einnig leyft, þegar mikið liggur við, einkum í fiskileysisárum, eða þegar brim og gæftaleysi hafa leingi tálmað sjósóknum, að róa til fiskjar og leggja net eða lóðir. Mala má og í mylnum á þessum tímum. Farmönnum, er í neyð hafa leitað til hafnar, skal og leyft að ferma og afferma og bæta skip sín, og má hjálpa þeim til þess, sem þeir þurfa. Ferma má einnig og afferma á þessum tíma önnur skip, þegar svo stendur á, að nota verður til þess gott veður og hagstæðan vind. Þó má einga af þessum athöfnum vinna, meðan á sjálfri messunni stendur á þeim stað, nema brýn nauðsyn beri til.

3. gr.

Á tíma þeim á sunnudögum og öðrum helgidögum, þegar almennt ekki má vinna þess konar vinnu, sem til er tekin í 2. gr., má hvorki kaup nè sala fara fram í búðum kaupmanna og annara sölumanna og skulu búðir þessar vera lokaðar. Þó skal lyfsölum heimilt á öllum tímum dags að selja læknisdóma; það skal og allt undan skilið, sem þarf til aðhjúkrunar sjúkum mönnum, eða þegar svo stendur á, að einhver þarf skjótrar hjálpar við, samkvæmt reglu þeirri, sem til er tekin í 2. gr.

4. gr.

Gestgjafar eða aðrir veitíngamenn mega ekki fyrri en eptir miðaptan, á sunnudögum eða öðrum helgum, veita mönnum áfeinga drykki eða leyfa spil í húsum sínum, en veita mega þeir mat eða þess konar hressíngu þó fyr sè.

5. gr.

Allar þær athafnir, sem hávaði er að, og einkum það, að menn fari margir saman á veiðar, er bannað á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., en ekki er hverjum einstökum manni bannað að fara á veiðar nema um messutímann. Alls konar óp og háreysti skal og harðlega bönnuð á tíma þeim, sem til er tekinn í 1. gr., einkum um messutímann, bæði úti á strætum og inni í húsum, og skulu lögreglumenn gæta þess, og ef á liggur taka þá höndum, sem á móti brjóta. Þess skal og gætt, að börn gjöri eingan hávaða á strætum og að fólk flykkist ekki saman í kirkjugarðinum eða úti fyrir kirkjudyrunum einkum um messutímann.

6. gr.

Ekki skal þíng halda á drottinsdögum eða helgum dögum, enda þó komið sè fram yfir þann tíma, sem til er tekinn í 1. gr., eða gegna fóeta- eður skjalaskrifara-störfum, halda skiptifundi, uppboðsþíng, eða gegna nokkrum öðrum dómstörfum. Þó er það undan skilið, þegar svo stendur á, að dómstörf eður önnur alþýðleg störf verða ekki dregin að skaðlausu fyrir áríðandi málefni.

Ekki skal heldur stefna eða boða neinn fyrir dóm eða yfirvald á sunnu- eða helgi-dögum, nema brýn nauðsyn beri til, og þess sè þá krafizt af rètti þeim eða því yfirvaldi, sem stefna lætur, og skal þó ekki stefna lesin á meðan á messu stendur.

7. gr.

Ekki skal heldur halda sveitafundi eður aðra almenna fundi nema á rúmhelgum dögum, þó mega sveitastjórar halda aukafundi eptir messulok á sunnudögum og helgidögum, þegar á liggur, og hentugleikar sóknarprestsins leyfa. Beri svo við, að þeim, er hlut eiga að máli, liggi mjög mikið á, að einhver almennur fundur sè haldinn á sunnudögum eða helgidögum eptir miðaptan, og fundinum er svo háttað, að hann getur hvorki hindrað þá, sem á honum eiga að vera, frá að fara í kirkju, nè valdið neinni óreglu, þá mega lögreglumenn leyfa, að hann sè haldinn á þeim tíma. Þegar öðruvísi er ástatt en hèr segir, má ekki gjöra neina auglýsíngu um að halda fund á sunnudegi eða öðrum helgum, hvorki í blöðum eða á annan hátt.

8. gr.

Ekki má kenna í neinum skólum á sunnudögum og helgidögum um messutímann.

9. gr.

Daginn fyrir sunnudaga og helgidaga má ekki halda neina dansleiki, og eingar almennar skemmtanir leingur en í mesta lagi þángað til einni stundu fyrir miðnætti. Í páskaviku eða á hinum almenna bænadegi og kvöldin fyrir frá miðaptni má slíkt með eingu móti leyfa. Allan bænadaginn skulu menn ekki gegna neinum óþarfastörfum. Slík störf og allar skemmtanir á almennum skemmtistöðum skulu einnig bannaðar fyrsta dag í hinum þremur stórhátíðum.

10. gr.

Fèbótum skal það sæta, ef brotið er móti þessari tilskipun vorri, og skulu þær vera í fyrsta skipti 32 sk. til 10 rdl., annað skipti 1—20 rdl., þriðja skipti 5—40 rdl. Verði nokkur optar brotlegur, skal herða á hinum ákveðnu fjársektum. Bætur þessar ná til allra, sem taka þátt í brotinu, svo sök verði gefin á, hvort sem þeir sjálfir brjóta móti lagaboðinu eða koma öðrum til að gjöra það, en þegar sektin er ákveðin, skal farið eptir því, hvað hver hefur tilunnið, t. a. m. að sá, sem hefur ólöglegar veitíngar á sunnudögum eða helgidögum, skal almennt sæta harðari hegníngu en gestirnir. Þar að auk skulu gestgjafar þeir, auk sektarinnar, gjalda jafnmikið fè, og þeir hafa ábatazt við lagabrotið, og þegar þeir brjóta í þriðja skipti skulu þeir einnig missa rètt til að hafa atvinnuveg þann, er þeir hafa þannig ránglega með farið.

11. gr.

Fèsektirnar skal gjalda í fátækra sjóð, og geti hlutaðeigandi ekki goldið þær, skal fara eptir fyrirmælum tilskipunar dags. 24. dag janúarmán. 1838, 9. gr.

12. gr.

Ef að brotið lýsir sèrlegum mótþróa eða augljósri fyrirlitníng á kristilegri siðsemi, má annaðhvort hækka fjársektina fram yfir það, sem til er tekið í 10. gr., eða, eptir því sem á stendur, dæma hinn brotlega í fángelsi til vatns- og brauðs-hegníngar í Reykjavíkur-þínghá og í vandarhagga-refsíngu annarstaðar á landinu.

13. gr.

Embættismenn þeir, er lögreglu eiga að gæta, eiga vandlega og hyggilega að sjá um, að fylgt sè reglum þeim, sem eru í þessari tilskipun Vorri. Sè nokkur í vafa um, hvort eitthvað, sem hann vill

gjöra, geti staðizt eptir tilskipuninni eður ekki, getur hann leitað álits lögreglustjóra, og ef honum virðist það ekki vera á móti grundvallarreglum tilskipunarinnar, getur hann leyft það. Virðist lögreglustjóranum, að brot á móti tilskipuninni hafi komið af fyrirgefanlegum misskilníngi, skal hann að eins vara hinn við, og ef þörf er á, gefa út auglýsíng mönnum til leiðbeiníngar og viðvörunar, og tjáir ekki upp frá því að afsaka sig með þekkíngarleysi eða misskilníngi.

14. gr.

Allar sakir um brot á móti tilskipun þessari skal fara með og dæma eins og lögreglumál. Þegar brotið er ekki meira en svo, að bætur liggja við, má amtmaður skera úr málinu samkvæmt tilskipun dags. 24. dag janúarmán. 1838, 10. gr.

15. gr.

Prestar skulu á hvern þann hátt, sem við á, stuðla til, að breytt sè eptir þessari tilskipun Vorri, og reyna til með viðvörun og áminníngum að aptra mönnum frá að brjóta móti tilskipuninni, og einkum láta sèr vera annt um að innræta mönnum þá sannfæríng, að þeir verði fúsir á að færa sèr guðsþjónustuna í nyt. Þeir skulu einnig við og við, og að minnsta kosti einu sinni á ári, brýna ítarlega fyrir söfnuðinum, hve áríðandi það sè að sækja opt kirkju með guðrækilegu hugarfari. Prófastar og biskupinn skulu einnig bæði á emhættisferðum og endrar nær reyna að komast eptir, hvort þessarar tilskipunar Vorrar er gætt.

16. gr.

Þessar framan töldu ákvarðanir gilda ekki um þá, sem sýna þjónum kirkjunnar ósóma og ofbeldi eða með annari óhæfu trufla helgi kirkjunnar, og skulu þeir sæta refsíngum eptir fyrirmælum og aðalreglum laga þeirra, sem um það gilda. En það, sem í tilskipun dags. 29. dag maímán. 1744 er ákveðið um drottinsdaga og annara helgidaga-hald, og ákvarðanir þær, sem þar eru um refsíngar fyrir helgidagabrot, skal nú tekið úr lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða

Gefið í höll Vorri *Friðriksborg,* 28. dag marzmánaðar 1855.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

VIII.

# Opið brèf,

er lögleiðir á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram.

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** o. s. frv.

*Gjörum kunnugt:* Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþíngis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 30. júní 1850 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrir fram, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. ágúst 1850 skal borga út bæði konúngspenínga og lífeyri konúngsættarinnar og öll embættislaun, sem tekin eru af ríkissjóðnum, eptirlaun og biðlaun fyrir hvern mánuð og fyrir fram við byrjun hans.

2. gr.

Þó maðurinn deyi á þeim mánuði, eða fái lausn frá embætti, þarf ekki fyrir það að greiða aptur neitt af þeim launum, sem hann hefur feingið fyrir fram fyrir þann mánuð.

3. gr.

Öll ný embættislaun, eptirlaun eða biðlaun byrja með 1. degi hins næsta mánaðar, eptir það að veitt hefur verið embættið, gefin lausn frá embætti, eða maðurinn hefur dáið, nema það sè í einstökum tilfellum til tekið með berum orðum, að launin skuli reikna frá einhverju seinna tímabili.

4. gr.

Af eptirlaunum og biðlaunum fæst ekkert meira fyrir fram úr ríkissjóðnum en mánaðarborgun sú, sem til tekin er í 1. gr.

5. gr.

Af launum þeim, sem eru 1000 rd. að stærð og minni, má fá borgað út fyrir fram, ef sèrleg og brýn nauðsyn ber til, allt að fjórðúngi árslaunanna, svo að ekki sè sett veð fyrir eða vextir af goldnir, og skal það þá aptur goldið í seinasta lagi á 2 árum með því að draga $^1/_{24}$ hluta á mánuði af laununum. Sá, sem hefur feingið slíkt lán, getur ekki feingið neitt þess konar lán að nýju, fyr en ár er liðið, frá því hann hefur endurgoldið fyrra lánið.

Af hærri embættislaunum getur slíkt lán einúngis feingizt, ef

svo stendur á, að skipt er um embætti við manninn, án þess að hann hafi æskt þess, og að öðru leyti með því skilyrði, sem áður er nefnt.

6. gr.

Skyndilán þau, sem til þessa tíma hafa verið veitt, skal endurgjalda með því að draga frá laununum á hverjum mánuði eptir nákvæmari ákvörðun ríkisfjárstjórans, svo framarlega sem önnur skilyrði hafa ekki verið til tekin, þegar lánið var veitt. Með það, sem hefur verið borgað út fyrir fram, má fara eins og með veitt skyndilán. Í ríkisreikníngnum skal gjöra nákvæma grein fyrir því, sem á því ári hefur endurgoldizt í launa-afdrætti og þeim skyndilánum, sem enn eru ógoldin.

7. gr.

Uppgefin eru þau skyndilán, sem tilfærð eru í hinni sèrstöku uppskript, sem fram er lögð, að stærð 25,139 rd. 55 sk., og einnig þau skyndilán, sem veitt voru fyrir 1841, og tilfærð eru í hinni almennu uppskript, staflið *A*, 1. röð (Conto) undir *Ö*, að stærð 1850 rd.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í höll Vorri *Friðriksborg*, 31. dag maímánaðar 1855.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

---

IX.

# Opið brèf,

sem

lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytíngum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag.

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** o. s. frv.,

*Gjörum kunnugt:* Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþíngis, um að gjöra gildandi á Íslandi með nokkrum breytíngum, lög 5. janúar 1851, um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Sèrhver embættismaður, sem hefur embætti, eða biðlaun, og sem samkvæmt eptirlaunalögunum hefur rètt til eptirlauna, og ekki er fullt sjötugur að aldri, er skyldur til í hinni dönsku lífsfjár- og framfærslu-stofnun, sem ríkissjóðurinn ábyrgist, að sjá ekkju sinni borgið

með fèstyrk æfilángt, sem byrjar við dauða hans, og að minnsta kosti er $1/5$ hluti af þeim embættislaunum hans, sem koma til álita, þegar eptirlaun hans eru reiknuð út samkvæmt 4. gr. sömu laga, þó ekki meiri en 600 rdl. árlega.

2. gr.

Undanteknir eru embættismenn þeir:

1) sem eru fullt sextugir að aldri, áður en þessi lög koma út, og eru giptir;
2) sem, áður en þessi lög koma út, hafa þegar, samkvæmt skyldu sinni, sèð ekkju sinni borgið, með þeim hæstu eptirlaunum eða leigufè æfilángt, 400 rdl., samkvæmt híngað til gildandi reglum, á meðan þeir ekki fá meiri embættislaun, því ef svo er, leggst skuldbindíngin eptir þessu lagaboði á þá, að því leyti er launaviðbótina snertir;
3) sem sanna fyrir ríkisfjárstjórninni, að ekkjum þeirra sè á annan hátt sèð borgið æfilángt með ekki minni árlegum tekjum, en fjárstyrkur sá er, sem ákveðinn er í 1. gr.

Loksins eru einnig prestar undan teknir, og skal um skyldu þeirra að sjá fyrir ekkjum sínum standa við það, sem nú er í lögum, þángað til sèrstakt lagaboð gjörir breytíngu á því.

3. gr.

Einginn prestur má gefa saman í hjónaband nokkurn embættismann, sem á rètt til eptirlauna, fyr en hann með vitnisburðarbrèfi frá hlutaðeigandi amtmanni hefur sannað, að hann sè undan þeginn þeirri skyldu, að sjá ekkju sinni borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, eða að hann hafi sent amtmanni beiðni til ríkisfjárstjórnarinnar um að mega leggja í lífsábyrgðarsjóðinn. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 100 rdl. sekt til fátækra á þeim stað.

4. gr.

Ríkisfjárstjórnin skal gæta þess, að skyldur embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið, verði uppfylltar eins og vera ber, og getur, ef á þarf að halda, krafizt þess af yfirboðara hvers eins, að honum sè þraungvað til þess með sekt.

5. gr.

Tillögin til lífsfjár- og framfærslu-stofnunarinnar skulu greidd einu ári fyrir fram, og skal draga þau bæði af embættislaunum og af biðlaunum eða eptirlaunum hlutaðeiganda.

6. gr.

Þegar tillögunum verður ekki haldið inni á þenna hátt, og þau eru ekki greidd á gjalddaga, skal ríkisfjárstjórninni heimilt að borga þau fyrir fram úr ríkissjóðnum, sem aptur á móti á rètt á, að fá

peninga sína endurgoldna með lögtaki, samkvæmt tilskipun dags. 2. júním. 1830, þó skal greiða hina almennu borgun til fóetans. Ef hlutaðeigandi deyr, áður en endurgjald næst, skal halda eptir framfærslufè því, sem ekkjunni hefur verið ætlað, þángað til fè það, sem þannig hefur verið borgað fyrir fram, er endurgoldið.

7. gr.

Verði þeirri aðferð, sem um er getið í 6. gr., einhverra orsaka vegna ekki við komið, eða ef einhver embættismaður fær lausn eptirlauna- og biðlauna-laust, áður en hann hefur lokið því, sem hann á að greiða til lífsfjár- og framfærslu-stofnunarinnar, þá skal, ef vanrækt er að greiða tillögin, þegar svo stendur á, gilda hið sama, sem um þá, er sjálfráðir eru hluttakendur í stofnuninni.

8. gr.

Lífsfjár- og framfærslu-stofnunin er skyld að taka við hverjum embættismanni, sem hluttakara, fyrir það framfærslufè, sem hann á að sjá ekkju sinni borgið með eptir 1. gr., gegn því, að hann útvegar sèr lögboðinn læknisvitnisburð, að lífi hans sè eingin bráð hætta búin.

9. gr.

Ef maðurinn hefur feingið skilnaðardóm við konu sína, er hann eptirleiðis laus við þá skyldu, að sjá konu þeirri borgið sem ekkju, er hann hefur skilið við, og á hann rètt á að gánga úr lífsfjár- og framfærslu-stofnuninni, samkvæmt reglum þeim, sem gilda um sjálfráða hluttakendur.

Þegar hjón skilja eptir samkomulagi, er það undir því samkomulagi komið, að hve miklu leyti maðurinn er laus við þessa skuldbindíngu. Ef slíkt er ekki berlega til tekið, viðhelzt skuldbindíngin, að svo miklu leyti sem embættistekjur þær snertir, sem maðurinn hafði, þegar skilnaðurinn varð.

10. gr.

Þegar sá maður, sem sèð hefur ekkju sinni fyrir framfærslufè gegn æfilaungu tillagi, fær síðar lausn frá embætti með eptirlaunum, á hann rètt, á að fá gjald það, er hann er skuldbundinn til að greiða eptir þessu lagaboði, mínnkað að tiltölu við eptirlaunin, og eptir því skal reikna framfærslufèð.

Eptir þesssu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í höll Vorri *Friðriksborg,* 31. dag maímánaðar 1855.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

X.

# Tilskipun,

sem

lögleiðir á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eptirlaun.

**Vèr Friðrik hinn Sjöundi,** o. s. frv.

*Gjörum kunnugt:* Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitskjal Vors trúa alþíngis, um að gjöra gildandi á Íslandi lög 5. janúar 1851, um eptirlaun, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Sèrhver sá, er konúngur hefur gjört að embættismanni og launað er af sjóði ríkisins, á rètt á, að fá eptirlaun eptir lagaboði þessu, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsulasleika, eða annara orsaka vegna, sem honum er ósjálfrátt.

Með lagaboði skal ákveða, hverja embættismenn konúngur setur, en þángað til slíkt lagaboð er gjört, verður það eptir sömu reglum og híngað til, þó þannig, að þau embætti, sem samkvæmt reglum þeim, sem híngað til hafa gilt, hafa ekki veitt rètt til eptirlauna, skulu heldur ekki gjöra það eptir þessu lagaboði, eins og að hinu leytinu sèrhver sá, sem, þegar þetta lagaboð kemur út, er í þvílíku embætti, að hann eptir þeim híngað til gildandi reglum hefur getað vænzt eptirlauna, en embættið nú eptir þessu lagaboði veitir ekki rètt til eptirlauna, skal eiga heimtíng á eptirlaunum fyrir sjálfan sig.

Hinn sama rètt til eptirlauna eiga þeir embættismenn, sem hafa embætti við ríkisþíngið, eða við stofnanir þær, hverra tekjur og gjöld eru ákveðin í ríkisfjárlögunum.

Þó einhver sè settur embættismaður um hríð, hefur hann ekki rètt til eptirlauna.

Sveitirnar ákveða sjálfar, að hve miklu leyti embættismenn þeirra geti feingið eptirlaun, sem og hversu mikil þau skuli vera.

2. gr.

Eptirlaunin verða borguð úr ríkissjóðnum, að svo miklu leyti sem þau ekki verða greidd á annan hátt, samkvæmt reglum þeim, sem híngað til hafa gilt um það efni, eða seinna kynnu að verða ákveðnar.

Af konúngspeníngunum og lífeyri konúngsættarinnar hvoru fyrir sig greiðast eptirlaun þau, er á þeim hvíla.

Þegar konúngaskipti verða, eða þegar einhver sá lífeyrir, sem nú er, er á enda, verður í hvert skipti ákveðið með sèrstöku lagaboði, hver eptirlaun ríkissjóðurinn skuli greiða í því tilliti.

3. gr.

Eptirlaunin skal reikna eptir tímaleingd þeirri, sem hlutaðeigandi hefur þjónað sem embættismaður með eptirlaunarètti, og eptir upphæðinni að meðaltali á embættislaunum þeim, er hann hefur haft 5 síðustu árin, áður en hann fèkk lausn frá embættinu, eða í öll þau ár, sem hann hefur þjónað embætti, svo framarlega sem það hafa ekki verið fimm ár, þannig að:

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| frá | 0—2 | ára | þjónustu veiti | $^{1}/_{10}$ | af launaupphæð. | að meðalt. | í eptirlaun |
| „ | 2—4 | — | — | $^{2}/_{10}$ | — | — | — |
| „ | 4—7 | — | — | $^{3}/_{10}$ | — | — | — |
| „ | 7—10 | — | — | $^{4}/_{10}$ | — | — | — |
| „ | 10—20 | — | — | $^{5}/_{10}$ | — | — | — |
| „ | 20—21 | — | — | $^{31}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 21—22 | — | — | $^{32}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 22—23 | — | — | $^{33}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 23—24 | — | — | $^{34}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 24—35 | — | — | $^{35}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 25—26 | — | — | $^{36}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 26—27 | — | — | $^{37}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 27—28 | — | — | $^{38}/_{60}$ | — | — | — |
| „ | 28—29 | — | — | $^{39}/_{60}$ | — | — | — |
| leingri en | 29 | — | — | $^{40}/_{60}$ | — | — | — |

Sá, sem er fullra 70 ára, á rètt á að fá lausn með eptirlaunum samkvæmt þessu lagaboði.

Sá embættismaður, sem slasast þannig, þegar þann er að gegna embætti sínu, að hann verður að fá lausn frá embættinu, fær ávallt $^{2}/_{3}$ af embættistekjum sínum í eptirlaun.

Ef eitthvert embætti er lagt niður, á sá embættismaður heimtíng á að njóta $^{2}/_{3}$ hluta af embættistekjum sínum í 5 ár í biðlaun, en er þá undir eins skyldur til að taka aptur við hæfilegu embætti með sömu tekjum að minnsta kosti, sem því embætti fylgdu, sem niður var lagt. Hafi hann ekki feingið nýtt embætti að 5 ára fresti, verða honum veitt eptirlaun. Þau ár, er hann hefur notið biðlauna, skal álíta sem embættisár, þegar farið verður síðar að reikna eptirlaun hans; en eptirlaunin skal reikna eptir þeim embættistekjum, er hann hafði, áður en hann fèkk biðlaun. Ef hann tekur á móti em-

bætti, sem fylgja minni tekjur, fær hann af þeim eptirlaunum, sem honum bera eptir hið meira embætti, er hann áður hafði, svo mikið, sem samanlagt við tekjur hins nýja embættis jafnast við tekjur hans í hinu fyrra embætti, og ekki meira.

4. gr.

Þær embættistekjur, sem teknar verða til greina, þegar reiknuð eru eptirlaun eða biðlaun samkvæmt 3. gr., eru:

1) viss árleg laun, og skal þar með einnig talin uppbót fyrir landauragjald, sem embættinu fylgir, að svo miklu leyti sem þessi uppbót er einskorðuð við ákveðna penínga-upphæð;
2) launaviðbót, sem veitt er manninum sjálfum;
3) aukatekjur, starfalaun (*Gebyrer*), hundraðsgjöld, skrifarakaup og því um líkar óvissar tekjur, sem lagaheimild er fyrir (þó undan skilst hlutur í sektarfè, aukakaup, dagpeníngar, borðfè, skrifstofupeníngar, og peníngar til hestahalds og þess konar), sem og slík hlunnindi (leigulaus bústaður, bújörð, eldiviður og ljós þar í talið), sem með berum orðum eru veitt hlutaðeiganda sem laun eða hluti af launum hans. Þegar allar tekjur embættismannsins saman taldar eru meiri en 1000 rd., skal draga $1/3$ frá, af því, er allar tekjurnar verða meiri en 1000 rd., fyrir það, að hinar áður greindu óvissu tekjur og hlunnindi er með talið.

Við þau embætti, þar sem skrifstofuhald og ferðakostnaður og þess konar er sameinað embættunum, en eingar tekjur eru lagðar sèr í lagi til þess að standast slík útgjöld, skal þá peníngaupphæð, sem álíta má að þar til gángi árlega, draga frá öllum tekjum embættisins, og skal reikna eptirlaun af tekjuhæð þeirri, sem þá er eptir. Það sem embættistekjur, sem taldar eru eptir áður nefndum reglum, eru meiri en 6000 rd., skal ekki tekið til greina. Eingin eptirlaun mega vera hærri en 3000 rd.

5. gr.

Sá er fyrirgjörir embætti sínu, missir einnig rètt til eptirlauna.

6. gr.

Þegar embættismanni er vikið frá, fyrir einhverjar misfellur, sem ekki varða embættistöpun, en veikja þó þá virðíngu og traust, sem nauðsynlegt er fyrir stöðu hans, skal ákveða eptirlaun hans með sèrstöku lagaboði.

7. gr.

Eptirlaun eða biðlaun missast:

1) gjörsamlega eða að tiltölu, þegar hlutaðeigandi fær aptur embætti og laun;
2) þegar hann án konúngsleyfis geingur í þjónustu útlendra ríkja;
3) þegar hann tekur sèr bústað í öðrum löndum, án samþykkis konúngs;
4) þegar hann hefur ekki tekið eptirlaun eða biðlaun sín í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll.
5) þegar hann verður dæmdur sekur í þess konar athæfi, sem mundi hafa svipt hann embætti, ef hann hefði þá í því verið, eða ef það sannast upp á hann, að hann hafi orðið sekur í slíkri hegðun, áður en hann fèkk lausn frá embættinu.

Þegar embættismaður, sem hefur feingið lausn frá embætti með eptirlaunum, tekur við nýju embætti, hefur hann rètt til, þegar hann fær lausn frá þessu embætti, að fá eptirlaun þau, sem hann áður hafði.

8. gr.

Hver kona, sem hèðan í frá verður ekkja eptir embættismann þann, sem hafði eptirlaunarètt eða eptirlaun, skal hafa rètt til að fá eptirlaun úr sama sjóði, sem maður hennar, með undantekníngum þeim, sem til eru teknar í 9. gr.

Eptirlaun ekkjunnar reiknast $\frac{1}{8}$ af launum mannsins, eins og þau eru talin eptir 3. og 4. gr. þessara laga, þegar þau eru lögð til grundvallar fyrir því, hvernig reikna skal eptirlaun hans, þó svo, að eptirlaun ekkjunnar, sem á þenna hátt koma út, geti ekki verið meiri en 600 rdl., nè heldur meiri en þau eptirlaun, sem maðurinn hefði getað feingið, eða hafði, þegar hann dó.

Þar sem kríngumstæðurnar mæla með því, getur konúngurinn þar að auki í viðbót við eptirlaunin veitt 10 til 50 rdl. árlega fyrir hvert af börnum ekkjunnar, sem ekki er sèð fyrir, þángað til hvert barn er 18 ára; þó skal eptirlaunaviðbót þessi því að eins haldast, að kríngumstæður þær, sem hún er byggð á, eigi sèr framvegis stað, og skal sanna það á hverju ári fyrir ríkisfjárstjórninni.

9. gr.

Þær embættismannaekkjur hafa eingan eptirlaunarètt, sem hafa gipzt eldra manni en 60 ára, eða á banasæng hans, eða eptir að hann fèkk lausn frá embætti með eptirlaunum, eða ef hjónabandinu var gjörsamlega slitið, áður en maðurinn dó.

10. gr.

Embættismannakonur, sem samkvæmt lagaboði þessu ekki hafa leingur rètt til eptirlauna, en eptir híngað til gildandi reglum áttu eptirlaun í vændum, áður en lög þessi koma út, geta fyrir sjálfar sig vænzt svo mikilla eptirlauna, sem venjulegt hefur verið að undan förnu að hver þeirra feingi.

11. gr.

Eptirlaun ekkna missast:

1) þegar ekkjan giptist á ný,
2) þegar hún tekur sèr bústað í öðrum löndum án samþykkis konúngs;
3) þegar hún hefur ekki hirt eptirlaunin í 3 ár, og getur síðan ekki sannað lögmæt forföll,
4) þegar hún verður dæmd sek í einhverri athöfn, sem að almenníngs áliti er ósæmileg.

Þegar ekkja missir eptirlaun, af því hún hefur gipzt á ný, á hún rètt á, að fá aptur hin sömu eptirlaun, ef hún verður ekkja í annað sinn.

12. gr.

Reglurnar um eptirlaun presta og presta-ekkna skal ákveða með sèrstökum lögum.

Einnig skal ákveða eptirlaun handa þeim embættismönnum, sem eru í nýlendunum og ekkjum þeirra með sèrstökum lögum.

Þángað til þessi lög verða útgefin, geta bæði prestar og prestaekkjur, sem einnig embættismenn í nýlendunum og ekkjur þeirra vænzt sömu eptirlauna, og híngað til.

13. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þeirra embættismanna, sem áttu rètt til eptirlauna, getur konúngur veitt hverju um sig 20 til 100 rdl. eptirlaun árlega, að svo miklu leyti og svo leingi, sem þau þurfa við og eru þeirra makleg; þó ekki leingur en þángað til þau eru 18 ára; þörf þeirra og maklegleik skal árlega sanna fyrir ríkisfjárstjórninni.

14. gr.

Þegar eptirlaun eða biðlaun eru ekki hirt í heilt ár, hverfa þau það ár í þann sjóð, er þau áttu að gjaldast úr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í höll Vorri *Friðriksborg*, 31. dag maímánaðar 1855.

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

Athugasemd. Í hinni konúnglegu auglýsíngu til alþíngis í sumar, dagsettri 7. d. júním. þ. á., er sagt, að auk þessara lagaboða, sem hèr eru prentuð, sèu út komin þessi 4 lagaboð:

1. 9. maí þ. á., tilsipun, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytíngum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi.
2. s. d. opið brèf, er lögleiðir á Íslandi opið brèf 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutníngsmenn við hæstarètt í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja.
3. s. d. opið brèf, er lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1850 um það, hvernig beita skuli hinum ýmislegu tegundum hegníngarvinnu.
4. s. d., opið brèf, sem lögleiðir á Íslandi lög 25. apríl 1850, er til taka, að auglýsíngar þær, er áður var boðið, þegar svo stóð á, að birta í Altónaborgar „Mercur", Hamborgarblöðum, og á kaupmannahúsi Hamborgar, skuli ekki framar eiga sèr stað.

En þessi lagaboð eru enn eigi komin til stipamtmannsins, og því verða þau eigi hèr prentuð.

# VIÐBÆTIR,

## C.

## Um bókasafn alþíngis.

---

Bækur þær, sem bætzt hafa við bókasafn alþíngis, síðan við árslokin 1853:

*A.* keyptar.

*Lovsamling for Island. III., IV. og V. D.*
*Lovsamling af Ussing, for 1853 og 1854.*
*Rescripter for 1846, 1847 og 1848.*
*Hovedregister til Rescripterne 1831—48.*
*Departementstidende 1853—1854.*
*Alþíngisbækur frá 1701 til 1797, og 1799—1800, 10. b.*

*B.* gefnar,

*a,* frá ríkisþínginu.

*Rigsdags - Tidender, 3.—6. Session.*
*Forslag til Finantslov 1854—55.*
*Finantslov for 1854—55.*
*Finantslov for 1855—56.*
*Fortegnelse over Rigsdagens Bibliothek 1849.*
*— — — — — — 1855.*
*Statsrevisorernes Beretning om Regnskabet 1851-52.*

*b,* frá sjókortasafninu.

*Kort over det sydvestlige Islands Kyster.*

*c,* frá ríkislýsíngar-skrifstofunni (*Statistisk Bureau*).

*Statistisk Tabelværk, ny Række, 7., 8. og 10. B.*
*Folketælling i Island 1850.*

*d,* frá herra alþíngismanni J. Sigurðssyni í Kaupmannahöfn.

*Deutschlands Constitutionen.*

*Statskalender 1854.*

*Rördam: Et Ord i Anledning af Arvefölgesagen 1853.*

*Kongen, Rigsdagen og Ministeriet 1854.*

*Tscherning: Belysning af de senere indre politiske Begivenheder og Tilstande.*

# VIÐBÆTIR,

## D.

## Reikníngur

yfir alþíngiskostnaðinn 1853.

## 1. Fæðispeníngar og ferðakostnaður alþíngismanna.

| | Fæðispeníngar. | Ferðakostnaður. | Samtals. | |
|---|---|---|---|---|
| | rdl. | rdl. | rdl. | sk. |
| A. *Konúngkjörnir.* | | | | |
| Þórður Sveinbjörnsson, konferenzráð og háyfirdómari | 126 | » | 126 | » |
| J. P. Havstein, amtmaður | 171 | 35 | 206 | » |
| Helgi G. Thordersen, biskup | 129 | » | 129 | » |
| Þórður Jónassen, jústizráð og yfirdómari | 126 | » | 126 | » |
| Pètur Pètursson, Dr. og prófessor | 126 | » | 126 | » |
| Vilhjálmur Finsen, land- og bæjar-fógeti (nú kanselíráð) | 123 | » | 123 | » |
| B. *Þjóðkjörnir.* | | | | » |
| Jón Guðmundsson, lögfræðíngur, þíngmaður Skaptfellínga | 126 | » | 126 | » |
| Páll Sigurðsson, hreppstjóri, þíngmaður Rángvellínga | 147 | 16 | 163 | » |
| Magnús Andrèsson, sættasemjari, þíngmaður Árnessýslu | 141 | 12 | 153 | » |
| Guðmundur Brandsson, hreppstjóri, þíngmaður Gullbríngusýslu | 135 | 5 | 140 | » |
| Jón Thorstensen, Dr. og landlæknir, þíngmaður Reykjavíkur | 123 | » | 123 | » |
| Hannes Stephensen, prófastur, þíngmaður Borgarfjarðarsýslu | 141 | 16 | 157 | » |
| Jón Sigurðsson, hreppstjóri, þíngmaður Mýramanna | 147 | 20 | 167 | » |
| Eiríkur Ó. Kúld, prestur, þíngmaður Snæfellínga | 171 | 48 | 219 | » |
| Guðmundur Einarsson, prestur, þíngmaður Dalamanna | 150 | 23 | 173 | » |
| Ólafur Sívertsen, prófastur, þíngmaður Barðstrendínga | 171 | 48 | 219 | » |
| Jón Sigurðson frá Kaupmannahöfn, skjalavörður, þíngmaður Ísfirðínga | 432 | 60 | 492 | » |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ásgeir Einarsson, sættasemjari, þíngmaður Strandamanna | 159 | 25 | 184 | » |
| Jón Samsonsson, hreppstjóri, þíngmaður Skagfirðínga | 159 | 14 | 173 | » |
| Steffán Jónsson, umboðsmaður, þíngmaður Eyfirðínga | 177 | 30 | 207 | » |
| Jón Kristjánssou, prestur, þíngmaður Suður-Þíngeyjarsýslu | 183 | 43 | 226 | » |
| Jón Jónsson, hreppstjóri, þíngmaður Norður-Þíngeyjarsýslu | 180 | 30 | 210 | » |
| | 3543 | 425 | 3968 | » |

2. Annar kostnaður.

| | | | |
|---|---|---|---|
| *a*, til aukaskrifara um þíngtímann: | | | |
| kandid. Magnús Grímsson | 123 rdl. | | |
| — — Theódór Thorstensen | 123 — | | |
| skólapiltur Jón Jakobsson (skrifari forseta) | 123 — | 369 | » |
| *b*, Til 2 þíngsveina | | 54 | 64 |
| *c*, Fyrir atkvæðaskrár: prentun, pappír og próflestur | | 60 | 22 |
| *d*, Til dyravarðar skólans fyrir húsgæzlu, beina o. fl. | | 43 | 88 |
| *e*, Fyrir 2 eptirrit af þíngbókinni, og önnur ritstörf og þýðíngar álitsskjala eptir þíngtímann | | 406 | 48 |
| *f*, Fyrir þýðíngu þíngbókarinnar á danska túngu | | 346 | » |
| *g*, Fyrir ritfaung og bókband | | 69 | 20 |
| *h*, Fyrir samlestur nokkurs hluta af hinni dönsku og íslenzku þíngbók, og önnur forsetastörf frá því í septbr. 1853, o. fl.: | | | |
| flyt | | 5317 | 50 |

| | | | rdl. | sk. |
|---|---|---|---|---|
| | | flutt | 5317 | 50 |
| | til varaforseta, prófasts Hannesar Stephensen | 100 rdl. | | |
| | — þíngskrifarans, kanselíráðs V. Finsens | 69 — | | |
| | Fyrir sendiferðir milli Ytrahólms og Reykjavíkur | 18 — | 187 | » |
| *i,* | Alþíngistíðindin: | | | |
| | prentun og pappír | 1571 rdl. 43 skk. | | |
| | prófarkalestur | 143 — 24 — | | |
| | ritnefndarstörf og registur | 50 — » — | | |
| | innheptíng | 70 — 88 — | 1835 | 59 |
| *k,* | Til bókasafns alþíngis | 100 rdl. | | |
| | að auk, fyrir að semja bókalista | 20 — | 120 | » |
| | Öll útgjöld í þarfir alþíngisins 1853 voru þannig samtals | | 7460 | 13 |
| | En þar upp í er borgað: | | | |
| | fyrir seld alþíngistíðindi 1853. | 286 rdl. 66 skk. | | |
| | — 2 alþíngistíðindi frá 1849 | 1 — 93 — | 288 | 63 |
| | Eptir, til niðurjöfnunar á landsbúa | | 7171 | 46 |

Glöggur og áreiðanlegur reikníngur yfir alþíngiskostnaðinn 1855 varð ekki saminn, um það leyti prentun tíðindanna var lokið, því þá voru ekki komin í kríng öll útgjöld. En mestallur þessi kostnaður er samt sem áður sumpart ávísaður úr jarðabókarsjóðnum, en sumpart má með nokkurn veginn vissu ætla á hann; og mun mega hafa fyrir víst, *að hann fari ekki mikið fram úr 6,700 rdl.* eða verði nálægt *700 rdl. minni* en 1853; og kemur það einkum til af því, að fæðispeníngar og ferðakaup alþíngismanna var í ár 334 rdl. minni, og allur prentunarkostnaður tíðindanna nálægt 400 rdl. minni heldur en var 1853.

Reykjavík, 15. desembermán. 1855.

*Jón Guðmundsson,*
varaforseti alþíngisins 1855.

# TÍÐINDI

FRÁ

# ALÞÍNGI

## ÍSLENDÍNGA.

# TÍÐINDI

FRÁ

# ALÞÍNGI

# ÍSLENDÍNGA.

FIMMTA ÞÍNG,

1. JÚLÍ TIL 9. ÁGÚST

1855.

*Ritnefndarmenn:*

**P. Pètursson,** prófessor og Dr.
**H. Kr. Friðriksson,** skólakennari.

REYKJAVÍK 1855.

PRENTUÐ Á KOSTNAÐ ALÞÍNGIS, Í PRENTSMIÐJU ÍSLANDS, HJÁ E. ÞÓRÐARSYNI.

# Yfirlit

yfir

málefni þau, sem borin hafa verið upp á alþíngi

1855.

## I. Konúngleg frumvörp.

1. Frumvarp til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi (Viðbætir A, bls. 3—30.), bls. 11, 20—21; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 588—639, 643—666; ályktarumræða, bls. 726—772, 776—784; álitsskjal til konúngs, bls. 876—900.
   (Nefnd: *Jón Pètursson, Jón Guðmundsson, P. Pètursson, St. Jónsson, Jón Jónsson;* formaður: *Jón Pètursson;* framsögumaður: *P. Pètursson).*
2. Frumvarp til tilskipunar um breytíngu á tilskipun 8. marz 1843, viðvíkjandi kosníngum til alþíngis (Viðbætir A, bls. 31—43), bls. 11, 20; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 177—198; ályktarumræða, bls. 234—260; álitsskjal til konúngs, bls. 303—307.
   (Nefnd: *P. Sveinbjörnsson, V. Finsen, E. Kúld;* formaður: *P. Sveinbjörnsson;* framsögumaður: *E. Kúld).*
3. Frumvarp til opins brèfs, hvernig greiða skuli kostnað, er þarf til að framfylgja lögunum af 15. apr. 1854 (Viðbætir A, bls. 44—49), bls. 11, 21—22; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 471—488; ályktarumræða, bls. 523—537; álitsskjal til konúngs, bls. 838—843.
   (Nefnd: *V. Finsen, P. Pètursson, Þ. Jónassen, Ó. Sivertsen, J. Hávarðsson;* formaður og framsögumaður: *V. Finsen).*
4. Frumvarp til opins brèfs um, að stofna byggíngarnefnd á Akureyri (Viðbætir A, bls. 50—55), bls. 11, 22; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 140—153; ályktarumræða, bls. 199—215; álitsskjal til konúngs, bls. 469—470.
   (Nefnd: *Jón Jónsson, Þ. Jónassen, St. Jónsson;* formaður: *J. Jónsson;* framsögumaður: *Þ. Jónassen).*

## II. Konúngleg álitsmál.

1. Uppástúnga, hvernig lagfæra eigi jarðamatið á Íslandi (Viðbætir A, bls. 56—65), bls. 11, 22, 45; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 800—835; ályktarumræða, bls. 847—856; skýrsla til konúngs, bls. 909—920, sbr. 538—540, 560—561.
(Nefnd: *Jón Guðmundsson, P. Sveinbjörnsson, M. Andrèsson, Ó. Sívertsen, J. Hávarðsson, J. Jónsson, G. Brandsson, J. Samsonsson, J. Pètursson;* formaður og framsögumaður: *Jón Guðmundsson).*

2. Um, að hve miklu leyti lögleiða skuli á Íslandi lagaboð þau, er út hafa komið í Danmörku árin 1853 og 1854, bls. 11, 45—46; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 519—523; ályktarumræða, bls. 557—559; álitsskjal til konúngs, bls. 772—774.
(Nefnd: *P. Jónassen, V. Finsen, P. Guðmundsson, H. G. Thordersen, J. Pètursson;* formaður og framsögumaður: *P Jónassen).*

3. Um, hvort Gyðíngum eigi ekki að leyfast, að taka sèr bólfestu hèr á landi, bls. 11, 46—48; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 215—224; ályktarumræða, bls. 260; álitsskjal til konúngs, bls. 351—352.
(Nefnd: *H. G. Thordersen, P. Pètursson, V. Finsen;* formaður: *H. G. Thordersen;* framsögumaður: *P. Pètursson).*

## III. Þegnlegar uppástúngur,

sem nefndir eru settar um, og bænarskrár ritaðar til konúngs.

1. Bænarskrá frá fulltrúa Skagfirðínga, að löggilda Sauðárkrók, sem kauptún, inngángsumræða, bls. 56—62; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 450—467; ályktarumræða, bls. 540—557; bænarskrá til konúngs, bls. 772—774.
(Nefnd: *J. Samsonsson, J. Sigurðsson, P. Jónassen, J. Hávarðsson, J. Kristjánsson;* formaður: *J. Kristjánsson;* framsögumaður: *J. Sigurðsson).*

2. Bænarskrá frá hinum 4. konúngkjörna þíngmanni, um að stofnaður verði lagaskóli í Reykjavík, inngángsumræða, bls. 63—69; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 327—343; ályktarumræða, bls. 391—418; bænarskrá til konúngs, bls. 639—643.
(Nefnd: *P. Pètursson, J. Pètursson, Jón Guðmundsson, P. Sig-*

*urðsson, E. Kúld;* formaður: *P. Pètursson;* framsögumaður: *J. Pètursson).*

3. Bænarskrá frá fulltrúa Barðastrandarsýslu, um stofnun búnaðarskóla, bls. 56; inngángsumræða, bls. 79—82; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 277—297; ályktarumræða, bls. 378—383; bænarskrá til konúngs, bls. 836—838.

   (Nefnd: *G. Einarsson, J. Kristjánsson, Þ. Guðmundsson;* formaður: *Þ. Guðmundsson;* framsögumaður: *G. Einarsson).*

4. Bænarskrá frá varafulltrúa Snæfellínga, að málaflutníngsmenn verði skipaðir við landsyfirrèttinn, bls. 56; inngángsumræða, bls. 94—99; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 431—450; ályktarumræða, bls. 488—493; bænarskrá til konúngs, bls. 863—866[1].

   (Nefnd: *Jón Guðmundsson, V. Finsen, J. Pètursson;* formaður og framsögumaður: *Jón Guðmundsson).*

5. Bænarskrá frá fulltrúa Skaptfellínga, um bústað sýslumannsins í Skaptafellssýslu, inngángsumræða, bls. 100—103; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 260—270; ályktarumræða, bls. 271—277; bænarskrá til konúngs, bls. 860—862.

   (Nefnd: *Jón Guðmundsson, P. Sigurðsson, Þ. Guðmundsson;* formaður: *Þ. Guðmundsson;* framsögumaður: *P. Sigurðsson).*

6. Bænarskrá frá fulltrúa Árnessýslu, um ný vegabótalög, bls. 56; inngángsumræða, bls. 103—106; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 343—350; ályktarumræða, bls. 385—391; bænarskrá til konúngs, bls. 857—860.

   (Nefnd: *M. Andrèsson, J. Hávarðsson, J. Sigurðsson, Þ. Sveinbjörnsson, Þ. Guðmundsson;* formaður: *Þ. Guðmundsson;* framsögumaður: *M. Andrèsson).*

7. Bænarskrá frá fulltrúa Dalasýslu, um betri læknaskipun hèr á landi, inngángsumræða, bls. 128—133, 163—168; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 497—518; ályktarumræða, bls. 561—580; bænarskrá til konúngs, bls. 668—670.

   (Nefnd: *G. Einarsson, P. Pètursson, Þ. Guðmundsson, M. Andrèsson, H. G. Thordersen;* formaður og framsögumaður: *P. Pètursson).*

8. Bænarskrá frá fulltrúa Snæfellsnessýslu, um endurbót á póst-

---

[1]) Athugas. Öðru atriði þessarar bænarskrár, að fjölgað yrði dómendum við landsyfirrèttinn, var vísað frá af þínginu.

gaungum á Íslandi, inngángsumræða, bls. 133—136; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 671—683; ályktarumræða, bls. 702—714; bænarskrá til konúngs, bls. 873—876.

(Nefnd: *Þ. Sveinbjörnsson, V. Finsen, Jón Guðmundsson, E. Kúld, H. G. Thordersen;* formaður og kosinn framsögumaður: *Jón Guðmundsson,* síðar kosinn formaður: *H. G. Thordersen,* framsögumaður: *E. Kúld).*

9. Bænarskrá frá fulltrúa Reykjavíkur, um breytíngu á 4. gr. lagaboðsins, 15. apríl 1854, inngángsumræða, bls. 157—163; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 694—698; ályktarumræða, bls. 722—726; bænarskrá til konúngs, bls. 844—847.

(Nefnd: *H. Kr. Friðriksson, V. Finsen, J. Pétursson;* formaður og framsögumaður: *H. Kr. Friðriksson;* kosinn framsögumaður: *V. Finsen).*

10. Bænarskrá frá fulltrúa Rángvellínga, um greinilegan reikníng um upphæð kollektusjóðsins og hvar hann sè niðurkominn, inngángsumræða, bls. 224—228; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 580—585; ályktarumræða, bls. 698—701; bænarskrá til konúngs, bls. 795—796.

(Nefnd: *Jón Guðmundsson, P. Sigurðsson, Þ. Sveinbjörnsson; E. Ó. Kúld* síðar kosinn í nefndina; formaður og kosinn framsögumaður: *Jón Guðmundsson;* framsögumaður: *P. Sigurðsson).*

11. Bænarskrá frá fulltrúa Skaptfellínga, um að vitnisburðir þeir, sem konúngsúrskurður 8. apríl 1844 áskilur, verði eigi teknir gildir, nema þeir sèu frá prófessórnum í íslenzku við Kaupmannahafnar-háskóla, eða kennaranum í íslenzku við hinn lærða skóla í Reykjavík, inngángsumræða, bls. 365—378; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 786—792; ályktarumræða, bls. 796—800; bænarskrá til konúngs, bls. 871—872[1].

(Nefnd: *Jón Guðmundsson, Þ. Guðmundsson, P. Pètursson;* formaður og framsögumaður: *Þ. Guðmundsson;* kosinn framsögumaður: *Jón Guðmundsson).*

[1]) Athugas. Þessi bænarskrá fór því einnig fram, að alþíngi ítrekaði þá bæn sína, að konúngur skrifaði undir íslenzku lagaboða þeirra, er gilda ættu á Íslandi, en því atriði var hrundið, og eigi feingið nefndinni til íhugunar. Enn fremur fór hún því á flot, að ákvarðanirnar í brèfum stjórnarráðanna 14. júlí og 19. ágúst f. á. verði apturkallaðar, en því atriði var einnig hrundið af þínginu, samkvæmt uppástúngu nefndarinnar.

## IV. Þegnlegar uppástúngur,

sem nefndir eru settar um, en eingar bænarskrár ritaðar til konúngs.

1. Bænarskrá frá fulltrúa Gullbríngusýslu, um bót á launum sýslumannsins í Gullbríngusýslu, inngángsumræða, bls. 69--71; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 308—326; ályktarumræða, bls. 418—430.
   (Nefnd: *G. Brandsson, P. Jónassen, H. Kr. Friðriksson;* formaður: *G. Brandsson;* framsögumaður: *H. Kr. Friðriksson).*
2. Bænarskrá frá fulltrúa Barðstrendínga, um ráð til að afstýra hallæri, inngángsumræða, bls. 297—303; nefndarálit og undirbúníngsumræða, bls. 683--694; ályktarumræða, bls. 714—722; sbr. 867—871.
   (Nefnd: *Ó. Sívertsen, V. Finsen, M. Andrésson;* formaður og framsögumaður: *Ó. Sívertsen).*

## V. Þegnlegar uppástúngur,

sem vísað hefur verið til annara þíngnefnda.

1. Til nefndarinnar, um löggildíngu Sauðárkróks.

Bænarskrá frá fulltrúa Mýrasýslu, um löggildíngu Straumfjarðar og Brákarpolls, sem kauptúna, bls. 19, 51—55, 63.

Bænarskrá frá fulltrúa Mýrasýslu, um löggildíngu Krossvíkur, sem kauptúns, bls. 127.

2. Til nefndarinnar, um frumvarp stjórnarinnar um sveitastjórn á Íslandi.

Bænarskrá frá fulltrúa Barðastrandarsýslu, um að auglýstir verði reikníngar opinberra stofnana og sjóða, bls. 56, 77—79.

Bænarskrá frá fulltrúa Rángvellínga, um sama efni, bls. 136.

Bænarskrá frá fulltrúa Mýrasýslu, um laun hreppstjóra, bls. 136.

3. Til nefndarinnar, um betri læknaskipun á Íslandi.

Bænarskrá frá hinum 6. konúngkjörna þíngmanni, um að Árnessýsla verði gjörð að læknisumdæmi sèr, bls. 19, 90—94.

Bænarskrá frá hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, um að holdsveikum í Rosmhvalaneshrepp veitist 100 rdd.

styrkur árlega úr spítalasjóðnum, eða þeim sèu gefnir eptir spítalahlutirnir í hreppnum, bls. 154—157, 359—365.

4. Til nefndarinnar, um ný vegabótalög.

Bænarskrá frá fulltrúa Mýrasýslu, um vegabætur, bls. 136.

## VI. Þegnlegar uppástúngur,

sem vísað hefur verið frá þínginu, og eigi hafa verið feingnar þíngnefndum til meðferðar.

1. Bænarskrá frá fulltrúa Eyfirðínga, um rýmkun á leyfisbrèfi því, sem konúngur gaf prentsmiðjunni á Akureyri, einkum viðvíkjandi rètti til að prenta ýmsar andlegar bækur, bls. 51—52, sbr. bls. 19.
2. Bænarskrá frá fulltrúa Árnessýslu, um að af tekin væri dauðahegníng fyrir barnsburð í meinum, bls. 56, 71—74.
3. Bænarskrá frá fulltrúa Barðastrandarsýslu, um nýja niðurjöfnun prestakalla og endurlagaðar sóknaskipanir, bls. 56, 74—77.
4. Bænarskrá frá fulltrúa Norður-Þíngeyjarsýslu, um að innleidd verði erfðafesta, bls. 19, 82—85.
5. Bænarskrá frá fulltrúa Árnessýslu, um að kirkjur sèu skyldaðar til að endurgjalda sínum rèttu skuldheimtumönnum skuldir sínar, og að nefnd verði sett, er hafi umsjón með viðhaldi þeirra og fjárgæzlu, bls. 106—112.
6. Bænarskrá frá fulltrúa Eyjafjarðarsýslu, um að hver sunnu- og helgi-dagur, frá byrjun hans til enda, sè lög-helgur, bls. 112—123.
7. Bænarskrá frá fulltrúa Gullbríngusýslu, um lagfæríngu á greiðslu gjaftollsins þar; bls. 123—125; sbr. bls. 19.
8. Bænarskrá frá fulltrúa Mýrasýslu, um að hèraðsprófastar feingju leyfi það, er biskupi er veitt með tilskipun 23. marz 1827 1. gr., viðvíkjandi fermíngu barna, bls. 136—139.
9. Bænarská frá fulltrúa Suður-Þíngeyjarsýslu, um stjórnarskipun Íslands, bls. 168—177.
10. Bænarskrá frá hinum 3. konúngkjörna þíngmanni, um breyt-

íngu á lagaboði 28. des. 1836, 11. gr., um hafnargögn, bls. 354—359.

11. Bænarskrá frá fulltrúa Suður-Múlasýslu, að Seyðisfjörður verði gjörður að uppsiglíngarstað fyrir útlenda verzlunarmenn í stað Eskifjarðar, bls. 467—469.
12. Bænarskrá frá fulltrúa Gullbríngusýslu, um breytíng á skattgjaldslögunum þar, bls. 585—588.
13. Fyrirspurn frá fulltrúa Barðstrendínga, hvort Frakkar megi stofna fiskiverkunarstöðu við Dýrafjörð, bls. 494—497.

---

# Registur

yfir

hin helztu efni í tíðindum frá alþíngi

1855.


Aðalpóstmálastjórn, sjá „Póstgaungur“.

Afgjald spítalajarða, sjá „Læknaskipun“.

Akureyri, stofnun byggíngarnefndar þar, bls. 11, 22, 140—153, 199—215, 469—470; Viðb. A, bls. 50—55.

Altónaborgar-„Mercur“, auglýsíngar í því blaði teknar úr lögum, bls. 7; sbr. Viðb. B, athugas. bls. 90.

Alþíngi, breytíngar á kosníngum til þess, bls. 9, 11, 20, 177—198, 234—260, 303—307, Viðb. A, bls. 31—43.

— vald þess og verkahríngur, sjá „Stjórnarbót“.

— leingíng þess, bls. 384—385, 560, 667, 835—836.

— bókasafn þess, bls. 352—353, 906—907. Viðb. C, bls. 90—91.

Alþíngiskostnaður 1853, Viðb. D, bls. 94—96.

Alþíngismaður, hinn 2. konúngkjörni, lausn hans frá þíngsetu, bls. 4.

Alþíngismenn, nöfn þeirra, bls. 1—2.
Alþíngistíðindi, ritnefnd, bls. 55.
— — — — upplag, bls. 85—86.
— — — — útsala, bls. 856, 902—909, Viðb. D, bls. 96.
— — — — réttritun á þeim, bls. 307—308.
Amtsráð, sjá „Sveitastjórn“.
Árnessýsla, fjölgun þíngstaða þar, bls. 7, Viðb. B, bls. 75.
Auglýsíng konúngs til alþíngis, bls. 7—11.
— — — innanríkisráðherrans 29. jan. 1855, bls. 228—233 (sbr. 270—271).
— — — innanríkisráðherrans, um aukagjald fyrir utanríkisskip, Viðb. B, bls. 76.
Aukaskrifarar alþíngis, bls. 12—13.
Ávísanir embættislauna, bls. 7—8, Viðb. B, bls. 81—82.
Bánki á Íslandi, bls. 9—10, 56, 87—90.
Barnaskóli í Reykjavík, bls. 8.
Barnsburður í meinum, bls. 56, 71—74.
Brákarpollur, sjá „Verzlun“.
Brèfburðarkaup, sjá „Póstgaungur“
Brèf forseta alþíngis til Íslendínga, bls. 867—871.
Brèf stjórnarráðanna 14. júlí og 19. ágúst um brèf þau, er gánga til stjórnarráðanna, bls. 365—378.
Búnaðarsjóður, sjá „Búnaðarskóli“ og „Sveitastjórn“.
Búnaðarskóli á Íslandi, stofnun hans, bls. 10, 56, 79—82, 277—297, 378—383, 836—838.
Byggíngarnefnd, sjá „Akureyri“.
Byssuskot, sjá „Veiði“.
Bænarskrár, meðferð þeirra, bls. 13—14.
Dauðahegníng, sjá „Barnsburður í meinum“.
Dýrafjörður, sjá „Fiskiverkunarstaður“.
Embættismenn alþíngis, bls. 6.
Embættismenn, eptirlaun þeirra, bls. 7, Viðb. B, bls. 85—89.
— — skylda þeirra, að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, bls. 7, Viðb. B, bls. 82—84.
Erfðafesta, bls. 19, 82—85.
Fátækrasjóðir, sjá „Sveitastjórn“.
Fermíngaraldur barna, bls. 136—139.
Fiskiverkunarstaður, að Frakkar stofni hann við Dýrafjörð, bls. 494—497.

Gjaftollur, í Gullbríngusýslu, bls. 10, 123—125.
Gyðíngar, að þeir megi setjast að á Íslandi, bls. 8, 12, 215—224, 261, 351—352.
Hafnargögn, bls. 354—359.
Hallæri, ráð til að afstýra því, bls. 297—303, 683—694, 714—722, 867—871.
Hallbjarnareyrar-spítali, sjá „Læknaskipun".
Hegníngarvinna, hvernig henni skuli beita, bls. 7; sbr. athugas. Viðb. B, bls. 90.
Helgihald sunnudaga og hátíðisdaga, bls. 7, 19, Viðb. B, bls. 76—80.
— — breytíng tilskipunarinnar, bls. 19, 112—123.
Heyjaásetníng, sjá „Hallæri".
Holdsveikir, sjá „Rosmhvalaneshreppur".
Hreppsnefnd, sjá „Sveitastjórn".
Hreppstjórar, laun þeirra, sjá „Sveitastjórn".
Húnavatnssýsla, fulltrúi hennar, bls. 4, 5, 26—41, 42—44.
Hússtjórnarlög, bls. 10.
Hörgslands-spítali, sjá „Læknaskipun".
Iðnaðarmenn, sjá „Alþíngi, breytíng á kosníngum til þess".
Ísafjarðarsýsla, fulltrúi hennar, bls. 5, 127—128.
Jafnaðarsjóðir amtanna, sjá „Kostnaður, er þarf til að framfylgja lögunum 15. apríl 1854" og „Sveitastjórn".
Jarðamatið á Íslandi, bls. 8, 11, 12, 44—45, 538—540, 560—561, 800—836, 847—856, 909—920; Viðb. A, bls. 56—65.
Jarðamatsnefnd í Reykjavík, bls. 900—902, 920.
Kaupstaðarborgarar, sjá „Alþíngi, breytíng á kosníngum til þess.
Kaldaðarnes-spítali, sjá „Læknaskipun".
Kirkjur, skuldalúkníng þeirra og fjárgæzla, bls. 106—112.
Kollektusjóðurinn, bls. 224—228, 580—585, 698—701, 795—796.
Kosníngar til alþíngis, breytíng á þeim, sjá „Alþíngi".
Kosníng embættismanna alþíngis, sjá „Embættismenn alþíngis".
Kostnaður, er þarf til að framfylgja lögunum 15. apríl. 1854, hvernig greiða skuli, bls. 11, 22, 471—488, 523—537, 838—843, Viðb. A, bls. 44—49.

Krossvík, löggildíng hennar sem kauptúns, sjá „Verzlun“.
Landsyfirrètturinn í Reykjavík, aukníng dómendanna og launahækkun, bls. 56, 94—99, 431—450, 488—493, 862—866.
— — vald hans og verkahríngur, sjá „Stjórnarbót“.
Leiðarbrèf, sjá „Verzlun“.
Læknaskipun, bls. 19, 90—94, 128—133, 163—168, 497—518, 561—580, 668.
Læknir í Árnessýslu, sjá „Læknaskipun“.
Lög, undirskript konúngs undir þau, bls. 9, 366—378.
Lög, sem út hafa komið í Danmörku 1853—54, hver lögleiða skuli hèr, bls. 12, 519—523, 557—559, 772—774.
Lögfræðíngaskóli, bls. 19, 63—69, 327—343, 391—418, 639—643.
Málaflutníngsmenn við hæstarètt, borgun fyrir þá, bls. 7; sbr. athugas. Viðb. B, bls. 90.
Málaflutníngsmenn við landsyfirrèttinn, sjá „Landsyfirrèttur“.
Mælíngarbrèf, sjá „Verzlun“.
Möðrufellsspítali, sjá „Læknaskipun“,
Norður-Múlasýsla, fulltrúi hennar, bls. 4.
Opið brèf, um fjölgun þíngstaða í Árnessýslu, sjá „Árnessýsla“.
— — um borgun málaflutníngsmanna við hæstarètt, sjá „Málaflutníngsmenn“.
— — hvernig beita skuli hegníngarvinnu, sjá „Hegníngarvinna“.
— — um að auglýsíngar í Altónaborgar-„Mercur“ skuli eigi framar eiga sèrstað, sjá „Altónaborgar-„Mercur“.
— — um skyldu embættismanna, að sjá ekkjum sínum borgið eptir sinn dag, sjá „Embættismenn“.
— — um ávísanir embættislauna, sjá „Ávísanir“.
Póstgaungur, betri skipun á þeim, bls. 133—136, 671—683, 702—714, 873—876.
Prentfrelsi, bls. 7; sbr. athugas. Viðb. B, bls. 90.
Prentsmiðja Íslands, að reikníngar hennar verði auglýstir, bls. 10—11.

Prentsmiðjan á Akureyri, um rýmkun rèttinda hennar, bls. 51—52.
Reikníngar opinberra stofnana, bls, 56, 77—79, 136.
Rèttarsaga Íslands, sjá „Lögfræðíngaskóli“.
Reykjavík, fulltrúi hennar, bls. 15—18.
Ríkiserfðalög, sjá „Lög, sem út hafa komið í Danmörku 1853 —54“.
Ríkismynt og Ríkisbánkamynt, sjá „Lög, sem út hafa komið í Danmörku 1853—54“.
Rosmhvalaneshreppur, styrkur handa holdsveikum þar, bls. 154—157, 359—365.
Ræður konúngsfulltrúa, bls. 2—3, 921—923.
— forseta, bls. 6, 923—925.
Sauðárkrókur, sjá „Verzlun“.
Seyðisfjörður, að hann yrði gjörður að uppsiglíngarstað fyrir útlendínga í stað Eskifjarðar, bls. 467—469.
Skattgjaldslög, breytíng á þeim í Gullbríngusýslu, bls. 585—588.
Skottulæknar, sjá „Lög, sem út hafa komið í Danmörku 1853 —54“.
Skuldalúkníng kirkna, sjá „Kirkjur“.
Snæfellsnessýsla, fulltrúi hennar, bls. 4.
Sóknaskipun á Íslandi, bls. 56, 74—77.
Spítalar, sjóðir þeirra og hlutir, sjá „Læknaskipun“.
Staðfestíng íslenzku útleggíngarinnar á lagaboðunum, bls. 125—127.
Stjórnarbót á Íslandi, bls. 8—9, 48—51, 86, 168—177.
Strandasýsla, fulltrúi hennar, bls. 4.
Straumfjörður, sjá „Verzlun“.
Sveitareikníngar, sjá „Sveitastjórn“.
Sveitastjórn á Íslandi, bls. 9, 11, 20, 136, 588—639, 643—666, 726—772, 776—784, 876—900, Viðb. A, bls. 3—30“.
Sýslumaðurinn í Gullbríngusýslu, bót á launum hans, bls. 69—71, 308—326, 418—430.
Sýslumaður í Skaptafellssýslu, bústaður hans, bls. 100—103, 260—270, 271—277, 308—327, 860—862.
Sýslunefnd, sjá „Sveitastjórn“.
Tilskipun um sunnu- og helgidaga-hald, sjá „Helgihald“.
—— — prentfrelsi, sjá „Prentfrelsi“.

Tilskipun um eptirlaun, sjá „Eptirlaun“.
Undirskript konúngs undir lög, sem sett verða á Íslandi, sjá „Lög“.
Yfirpóstmeistaraembætti, sjá „Póstgaungur“.
Yfirstjórn á Íslandi, sjá „Stjórnarbót“.
Vegabætur, bls. 56, 103—106, 136, 343—350, 385—391, 857—860.
Veiði, breytíng á veiðilögunum 1849, bls. 10, Viðb. B, bls. 75—76.
Verzlun á Íslandi, bls. 8, 19, 52—55, 56—63, 127, 450—467, 540—557, 774—776, Viðb. B, bls. 69—74.
Verzlunarlög, breytíng á þeim, bls. 157—163, 694—698, 722—726, 844—847.
Vitnisburðir danskra manna, er vilja verða embættismenn á Íslandi, bls. 365—378, 786—792, 796—800, 871—872.
Vöruskortur, sjá „Hallæri“.
Þíngstaðir, sjá „Árnessýsla“.
Þjóðvegir, sjá „Vegabætur“.
Þurrabúðarmenn, sjá „Alþíngi, breytíng á kosníngum til þess“.

---

## Prentvillur:

Bls. 17[20—23]. Sú grein á að vera svona:

Þ. Jónassen: Mig minnir ekki betur, en að þegar jústizráð Thorstensen mætti sem fulltrúi fyrir Reykjavík, að það væri með því skilyrði frá stjórninni, að hann sem konúngkjörinn varaþíngmaður skyldi mæta sem slíkur, þegar þess þyrfti við.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bls. | 65[26] | kennurum | les | lærisveinum. |
| — | 270[37] | nndir | — | undir. |
| — | 348[17] | missiklja | — | misskilja. |
| — | 351[26] | greind | — | greint. |
| — | 539[13] | áppástúnga | — | uppástúnga. |
| — | 540[24] | Múlasýslu | — | Mýrasýslu. |
| — | 556[38] | undirbúníngsumræðu | — | ályktarumræðu. |
| — | 717[17] | Tilskipnu | — | Tilskipun. |